# FRÉTTABLAÐIÐ

36. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 14. FEBRÚAR 2018




„Það er alveg ótrúlega gaman að leita og finna þessa hella. Þetta er eins og að fara í veiðiferðir eða fjársjóðsleit á hverju hausti,“ segir Einar Rúnar Sigurðsson, ferðaþjónustufrömuður í Öræfum. Fyrirtækjum í greininni hefur fjölgað ört undanfarið. Á nýja vefnum frettabladid.is má sjá fleiri myndir af ísgöngum í Breiðamerkurjökli. Sjá síðu 4 MYND/HAUKUR SNORRASON

# Hrörnun sífrera skapar hættu í fjöllum

**Frosin setlög sem fundist hafa í skriðum undanfarið renna styrkum stoðum undir það að sífreri í fjöllum sé að hrörna. Jarðfræðingur segir brýnt að ráðast í frekari rannsóknir til verndar byggðum og vegum. „Við vitum í raun lítið hvað er að gerast í þessu umhverfi.“**

**UMHVERFISMÁL** „Hlíðar sem við höfum hingað til haldið að séu stöðugar gætu þess vegna verið óstöðugar. Þannig að hætta fyrir byggð, vegi og annað slíkt getur verið miklu meiri en við höfum hingað til haldið.“

Þetta segir jarðfræðingurinn Þorsteinn Sæmundsson sem hefur rannsakað hlánun sífrera sem eina af meginorsökum í mikilli skriðu sem féll úr Móafellshyrnu árið 2012. Þetta var í fyrsta skipti svo vitað sé að sífreri komi niður með skriðum en núna er vitað um tvær aðrar slíkar skriður sem fallið hafa á síðustu árum.

„Þessi þrjú tilvik renna styrkum stoðum undir það að það eru einhverjar miklar umhverfisbreytingar að eiga sér stað í fjallendi á Íslandi,“ segir Þorsteinn. Hann kallar eftir frekari rannsóknum á sífrera í íslensku fjallendi, enda sé lítið vitað um útbreiðslu hans hér á landi. „Við vitum í raun ekkert hvað er að gerast í þessu umhverfi.“

Þorsteinn bendir á að margt sé á huldu um útbreiðslu sífrera í fjöllum á Íslandi. Í Móafellshyrnu og í Torfufelli fannst sífreri í 800 til 850 metra hæð. Hins vegar fannst hann í 350 til 400 metrum í Árnesfjalli.

„Það er miklu lægri hæð heldur en við höfum hingað til haldið að þessi sífreri sé í,“ segir Þorsteinn. „Það sem gerðist í Árnesfjalli slær mjög sterkum viðvörunarbjöllum um það að við þurfum að stórefla rannsóknir á útbreiðslu sífrera og á því hvað er að gerast í þessum fjöllum.“

Í rannsókn Þorsteins kemur fram að rigningatíð og jarðskjálftar hafi myndað þær aðstæður sem þurfti til að hrinda skriðunni af stað. Hins vegar gefi rannsóknir á vettvangi skriðunnar til kynna að þiðnun sífrera á svæðinu hafi á endanum hrundið henni af stað. **– khn / sjá síðu 8**

## Sunna biðlar til stjórnvalda

**FÓLK** „Við erum að leita allra leiða og skoða hvort hægt sé að greiða fyrir því að hún fái betri umönnun og að hún fái vegabréfið sitt,“ segir Urður Gunnarsdóttir, upplýsingafulltrúi utanríkisráðuneytisins, um hjálparbeiðni Sunnu Elviru Þorkelsdóttur til íslenskra stjórnvalda. **– aá / sjá síðu 2**



## Með kauprétt að 21 prósents hlut í Valitor

**MARKAÐURINN** Meirihluti hluthafa Arion banka, vogunarsjóðir og Kaupþing, sækist eftir því að Valitor verði aðgreint frá bankanum, áður en kemur að útboði í vor, svo hlutabréf fyrirtækisins verði að stærstum hluta greidd út í formi arðs til eigenda.

Við þá ráðstöfun myndu vogunarsjóðir og Goldman Sachs, sem eiga 30 prósent í bankanum, jafnframt fá kauprétt að 21,4 prósenta hlut til viðbótar í Valitor af Kaupþingi, samkvæmt heimildum.

Er kaupréttinn á um helmingi hærra verði en sem nemur bókfærðu virði Valitor í reikningum Arion banka. Bankasýslan, sem heldur um 13 prósenta hlut ríkisins, er mótfallin slíkri arðgreiðslu og vill selja félagið í opnu söluferli. **– hae / sjá Markaðinn**

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Fríkirkjuprestur segir bann við umskurði drengja byggjast á þröngsýni. 13

**SPORT** Tekjur Kópavogs af útleigu íþróttamannvirkja til félaga nema tveimur milljörðum króna. 14



**MENNING** Valgerður Guðnadóttir segir frá Óperudraugnum. 20

**LÍFIÐ** Tíu myndir til að liggja yfir á Valentínusardaginn. 24

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ**
● FÓLK ● MARKAÐURINN


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður




Mjög hvöss austan- og norðaustanátt gengur yfir landið í dag og er spáð ofsaveðri syðst. Veðrinu fylgir snjókoma eða rigning. Hlýnandi, hiti um eða yfir frostmarki seinni partinn. SJÁ SÍÐU 18



Frá undirritun samstarfsyfirlýsingar. MYND/LÖGREGLAN

# Átak gegn heimilisofbeldi á Austurlandi

**LÖGREGLUMÁL** Lögregla og félagsþjónusta á Austurlandi ætla að taka upp samstillt verklag í starfsemi sinni gegn heimilisofbeldi. Markmiðið er markvissari viðbrögð og úrræði og að veita þolendum og gerendum aðstoð. Þá er sérstakt markmið að bæta stöðu barna, sem búa við ofbeldi á heimilum.

Fyrirmyndin er verklagið „Að halda glugganum opnum“, sem er samstarfsverkefni lögreglu og félagsþjónustu á Suðurnesjum.

Verklagið á Suðurnesjum fólst meðal annars í því að nýta betur úrræði um brottvísun af heimilum, nálgunarbann og að koma fleiri málum í gegnum réttarvörslukerfið. – kbg

# Svíar órólegir

**SVÍÞJÓÐ** Sænska leyniþjónustan hefur áhyggjur af fjárfestingum Kínverja í Svíþjóð. Talið er að fjárfestingarnar geti leitt til þess að kínverski herinn komist yfir upplýsingar um tækni sem menn vilja halda leyndri og að atvinnutækifæri tapist, að því er segir í frétt Sænska dagblaðsins. Jafnframt er talið að Kína geti beitt Svíþjóð pólitískum þrýstingi í sambandi við fjárfestingarnar.

En samtímis benda sérfræðingar á að eðlilegt sé að kínversk fyrirtæki leiti út fyrir landsteinana. – ibs

## Árshátíð barnanna




Viðbúið er að trúðar, tröll, geimfarar, prinsessur, ofurhetjur og hvers kyns aðrar kynjaverur og kvikindi af öllu tagi og sortum muni mæta í skóla og verslanir landsins í dag í tilefni af hinum árlega öskudegi. Foreldrar voru margir hverjir í gær í óðaönn að græja grímubúning á afkvæmi sín. Ekki verður annað séð en að þessi unga dama í Partýbúðinni hafi verið hrifin af trúðagallanum sem til gaumgæfilegrar skoðunar var. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Síbrotamaður rauf skilorð

**DÓMSMÁL** Landsréttur hefur staðfest úrskurð héraðsdóms um að Þorkell Diego Jónsson skuli afplána eftirstöðvar 220 daga fangelsisrefsingar. Þorkeli var veitt reynslulausn í ágúst í fyrra en hann liggur undir sterkum grun um að hafa framið ýmis brot á tveggja ára reynslutíma sínum.

Þorkell hlaut sextán mánaða dóm í júní 2016 og sex mánaða dóm í febrúar 2017 fyrir ýmis þjófnaðar- og fíkniefnabrot. Eftir að honum var veitt reynslulausn liggur hann undir grun um að hafa framið þjófnað, líkamsárás og fíkniefnabrot.

Lögmaður mannsins kærði úrskurð héraðsdóms til Landsréttar þar sem dómari málsins hafði afhent honum úrskurð í því strax að málflutningi loknum. Landsréttur taldi ekkert í þingbók benda til þess að dómari hefði ekki hlýtt á röksemdir aðila áður en hann tók endanlega afstöðu til þeirra. Var úrskurðurinn því staðfestur. – jóe

# Neyðarkall frá Spáni til skoðunar í ráðuneytinu

Sunna Elvira Þorkelsdóttir hefur óskað eftir því að íslenska ríkið ábyrgist hana gagnvart spænskum yfirvöldum. Utanríkisþjónustan segist leita allra leiða til að greiða úr málum fyrir Sunnu sem liggur slösuð á Spáni og er meinuð för heim.

**FÓLK** „Við erum að leita allra leiða og skoða hvort hægt sé að greiða fyrir því að hún fái betri umönnun og að hún fái vegabréfið sitt,“ segir Urður Gunnarsdóttir, upplýsingafulltrúi utanríkisráðuneytisins, um hjálparbeiðni Sunnu Elviru Þorkelsdóttur til íslenskra stjórnvalda.

Í ítarlegu viðtali við Sunnu, á vef Fréttablaðsins, frettabladid.is, í gærkvöld, kom fram að hjálparbeiðni hennar hefur legið á borði íslenskra stjórnvalda frá því í síðustu viku. Lögmaður Sunnu vill freista þess að fá farbanni aflétt gegn því að íslensk stjórnvöld gangi í ábyrgð fyrir hana.

„Við erum búin að leggja fram erindi til íslenska ríkisins þess efnis að ég fái að fara fara heim á þessari undanþágu en þeir ábyrgist að ég verði til taks vilji spænska lögreglan yfirheyra mig frekar eða er með einhverjar frekari spurningar,“ segir Sunna. Beiðnin hafi verið send utanríkisráðherra og dómsmálaráðherra og sendiherra Íslands fyrir Spán.



Sunna er enn lömuð fyrir neðan brjóstkassa og hefur enga tilfinningu í fótum. MYND/UNNUR BIRGISDÓTTIR

„Þetta var gert í síðustu viku og ég bjóst við að það yrði bara undirritað strax því ég er ekki að fara að flýja neitt sko,“ segir Sunna.

Aðspurð segist Sunna ekki hafa fengið neinar skýringar á því af hverju ráðuneytið hefur dregið lappirnar í þessu. „Og ég er satt að segja bara vonsvikin. Því fyrir mér lítur þetta út sem mín eina von eins og er til að komast heim sé að ríkið aðstoði mig í þessu.“

Atburðir undanfarinna vikna hafa fengið mjög á Sunnu, ekki bara líkamlega, en hún hefur enga tilfinningu í neðri hluta líkamans og er lömuð fyrir neðan brjóst, heldur hafa atburðirnir haft mikil áhrif á hana andlega, enda hvert áfallið rekið annað.



Röntgenmynd af hrygg Sunnu Elviru.

Sunna segist enga áfallahjálp hafa fengið; hvorki sálfræðiaðstoð né aðra andlega hjálp og lýsir í viðtalinu þegar hún fékk taugaáfall á spítalanum á mánudag.

Eiginmaður Sunnu Elviru situr í gæsluvarðhaldi grunaður um aðild að fíkniefnainnflutningi. Aðspurð segir Sunna erfitt að vita af honum í varðhaldi og fá engin svör. „Mig vantar svo að fá svör, hvað gekk eiginlega á, hvað var í gangi? Og hvað er hann búinn að koma mér í?“

adalheidur@frettabladid.is

VIÐ BÚUM TIL DRAUMASÓFANN ÞINN

900 útfærslur, engin stærðartakmörk og 3.000 tegundir af áklæðum



Basel



Roma

Tungusófar • Sófasett • Stakir sófar • Hornsófar

Kíktu í heimsókn!
Opið virka daga kl. 10-18
Laugardaga 11-15

Patti HÚSGÖGN

Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - www.patti.is




SUBARU
Confidence in Motion




ENNEMM / SÍA / NM86519 *Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

## SUBARU ER EINN ÖRUGGASTI BÍLL SEM ÞÚ GETUR KEYPT

**Rekstraröryggi** og gott endursöluverð er það sem allir þekkja og kemur fyrst upp í hugann. Lágur þyngdarpunktur, þverliggjandi BOXER vél og sítengt fjórhjóladrif með tölvustýrði stöðugleikastýringu er lykillinn að akstursöryggi. Allir Subaru eru með 5 stjörnur í árekstrarprófunum EuroNCAP.

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

# Hopandi íshellur á báðum jarðarhvelum hraða hækkun sjávarborðs

**UMHVERFISMÁL** Nokkur hröðun hefur orðið í hækkun sjávarborðs á undanförnum árum. Þetta er meginniðurstaða nýrrar rannsóknar sem birtist í vísindaritinu Proceedings of the National Academies í gær.

Vísindamennirnir áætla að sjávarborð muni hækka um að meðaltali sextíu sentímetra áður en öldin er úti. Ástæðan fyrir þessu er rakin til bráðnunar íss á Grænlandi og Suðurskautslandinu en þar hafa víðfeðmar og fornar íshellur hopað hratt á síðustu árum.

**Áætlað er að sjávarborð hækki um að meðaltali 60 sentímetra fyrir aldarlok.**

Niðurstöður vísindamannanna gefa til kynna að eldri líkön um hækkandi sjávarstöðu séu úrelt eða gefi að minnsta kosti heldur íhaldssama mynd af þeirri þróun sem blasir við.

Talið er að hækkandi sjávarstaða, með tilheyrandi flóðum, muni hafa meiriháttar áhrif á strandbyggðir vítt og breitt um heiminn.

Hnattræn sjávarstaða var stöðug í um þrjú þúsund ár, eða þangað til á 20. öldinni þegar bruni jarðefnaeldsneytis hófst í stórum stíl og hnattræn hlýnun af mannavöldum hófst. **– khn**



Vandi steðjar að mörgæsum á suðurhveli jarðar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGRÚN



Björgunarsveitarmenn að störfum í gær. MYND/LANDSBJÖRG

## Náð í tjaldbúa við Langjökul

**BJÖRGUN** Þyrla Landhelgisgæslunnar kom síðdegis í gær tveimur þýskum skíðagöngumönnum til bjargar austan Langjökuls. Að því er kom fram á frettabladid.is voru þá um hundrað björgunarsveitarmenn á leið á staðinn úr norðri og suðri. Davíð Már Bjarnason, upplýsingafulltrúi Landsbjargar, sagði mennina hafa gist í tjaldi á hálendinu í fyrrinótt og það hafi skemmst í veðrinu. Þyrlan sveimaði yfir svæðinu áður en loks náðist að hífa þá um borð. **– bg**

## Bílasalar verða helmingi færri

**VIÐSKIPTI** Bílasalar verða allt að helmingi færri árið 2025 samkvæmt rannsókn endurskoðunarfyrirtækisins KPMG í 43 löndum.

Fulltrúi KPMG segir að sala á bílum minnki ekki heldur verði kaupendur oftar fyrirtæki og félög. Þau þurfi ekki bílasala í hverjum bæ. Milljónir bílaeigenda muni taka bíla á leigu, vera í áskrift að bíl eða samnýta með öðrum, ekki síst vegna örrar tækniþróunar. Hún muni leiða til að bílar lækki hraðar í verði. **– ibs**

### LEIÐRÉTTING

*Í blaðinu í gær var ranglega haft eftir ritstjóra Skessuhorns að blöðin Stykkishólmspósturinn og Jökull væru hætt að koma út.*

# Ný fjársjóðsleit á hverju hausti

**Fyrirtækjum sem bjóða jöklaferðir á Vatnajökli hefur fjölgað gríðarlega undanfarin ár. „Þetta er eiginlega eins og að vera við Seljalandsfoss,“ segir einn leiðsögumaður. Ævintýri líkast að leita að hellum að hausti.**

**NÁTTÚRA** „Það er alveg ótrúlega gaman að leita og finna þessa hella. Þetta er eins og að fara í veiðiferðir eða fjársjóðsleit á hverju hausti þegar þarf að finna þá aftur eftir sumarið,“ segir Einar Rúnar Sigurðsson, ferðaþjónustufrömuður á Hofsnesi í Öræfum.

„Þeir hverfa margir yfir sumarið þegar jökullinn bráðnar kannski um 100 metra. Á sama tíma er áin kannski að bræða aðra útgáfu af hellinum inn úr jöklinum. Það er mjög spennandi að koma að hausti og sjá hvernig jöklarnir koma undan sumri,“ segir hann.

Einar og Haukur Snorrason ljósmyndari fóru saman í ferð í Breiðamerkurjökul fyrir helgi.

„Ég kalla þetta svæði fjársjóðseyjuna því þarna fann ég 2.000 ára gamlan viðarbút þegar ég fór fyrst í þessa hella,“ segir Einar. Þarna eru tveir stórir hellar sem Einar byrjaði að fara í á síðasta ári.

„Ég fór fyrst í þá í fyrra. Það er vatnskerfi sem kemur út úr hellunum og niður í lónið. Það hafa horfið 100 metrar af hellunum sem ég komst inn í í fyrra. Þetta eru svo miklar breytingar ár frá ári,“ segir hann.

Einar Rúnar hefur boðið upp á íshellaferðir fyrir ferðamenn í rúm 20 ár. „Ég er sá fyrsti til að bjóða þessar íshellaferðir hér á Suðausturlandi. Ég byrjaði árið 1996, en nú eru orðin eitthvað í kringum 20 fyrirtæki.“

Hann segir að sums staðar sé svo mikið af ferðamönnum að þeir séu næstum öxl við öxl. „Þetta er eiginlega eins og að vera við Seljalandsfoss að vera í þessum íshellum.“

Einar segir að það þurfi að ganga um þrjá kílómetra til að komast í fjársjóðshellana. „Í fyrra var ég sá eini sem fór þangað en í haust voru það fjórir til fimm hópar og núna eftir áramót eru þetta svona níu hópar. Þannig að á öðru ári er þessir hellar orðnir svolítið erfiðir að fara í með ljósmyndara,“ segir hann.



Tvenn ísgöng fundust í Breiðamerkurjökli í fyrra. Mennirnir tveir á myndinni eru staddir í öðrum þeirra og virka agnarsmáir í stórbrotinni náttúru. Fleiri myndir má sjá á nýjum vef Fréttablaðsins, frettabladid.is. MYND/HAUKUR SNORRI

**20**

**fyrirtæki bjóða íshellaferðir á jökulinn, að sögn Einars Rúnars Sigurðssonar.**

**Ég kalla þetta svæði fjársjóðseyjuna.**

Einar Rúnar Sigurðsson, ferðaþjónustufrömuður á Hofsnesi

Einar segir þeim sem bjóða hellaferðir hafa fjölgað gríðarlega undanfarið. Nú séu það um 20 fyrirtæki.

„Ég er reyndar mjög hlynntur því að heimamenn hafi eitthvað að gera í þessu, en svo eru stór fyrirtæki úr Reykjavík með 20 til 30 brottfarir á dag,“ segir Einar. Að vísu sé þó ýmislegt sem bendi til þess að gullgrafaræðið sé að taka enda.

**jonhakon@frettabladid.is**


RAM

# RAM 3500
## TIL AFGREIÐSLU STRAX

2018

6.7 LÍTRA CUMMINS DIESEL

VERÐ FRÁ KR.
6.120.968 ÁN VSK
KR. 7.590.000 MEÐ VSK



Bíll á mynd í Laramie útgáfu með RAM boxum

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

Umboðsaðili Ram Trucks á Íslandi - Þverholti 6 - 270 Mosfellsbær - s. 534 4433
www.ramisland.is - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16

考

# HUGSANLEGA BESTU KAUPIN




Outlander Invite PHEV
4x4, sjálfskiptur, frá:
**4.540.000 kr.**

## Nú fylgir þjónustuskoðun í tvö ár með nýjum Outlander PHEV

**Mitsubishi Outlander PHEV** hefur slegið rækilega í gegn hjá þjóðinni og varð vinsælasti bíllinn í flokki jeppa og jepplinga árið 2017. Í krafti vinsældanna á 100 ára afmælisári Mitsubishi getum við áfram boðið frábær kjör á þessum magnaða bíl. Hann er ríkulega útbúinn með 5 ára ábyrgð og 8 ára ábyrgð á rafhlöðu. Þú getur tryggt þína ábyrgð hjá viðurkenndum þjónustuaðila, því nú fylgir þjónustuskoðun í tvö ár með í kaupunum* á nýjum Outlander PHEV frá HEKLU. Nú er tækifærið til að skipta yfir í vistvænan bíl. Hlökkum til að sjá þig!

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

**Outlander Invite PHEV**

- Margmiðlunartæki með skjá
- Leðurklætt aðgerðastýri fyrir útvarp, hraðastilli og Bluetooth
- USB tengi
- 6 hátalarar
- DAB+ (Digital Audio) útvarpstæki
- LED dagljós
- Regn- og ljósaskynjarar
- Rafdrifnar rúður
- Þokuljós að framan
- Hæðarstillanlegt bílstjórasæti
- 7 SRS loftpúðar
- ASTC spólvörn
- Brekkuaðstoð (Hill Start Assist)
- Rafmagnshandbremsa með sjálfvirkri biðstöðu
- Aflendurheimt á hemlum fyrir rafmótor
- AVAS hljóðviðvörunarkerfi
- Bakkmyndavél
- Samlitir, aðfellanlegir rafstillanlegir og upphitaðir hliðarspeglar
- 18" álfelgur 225/55 R18
- App tenging til að forhita bíl og stýra hleðslu
- Lyklalaus ræsing
- Skyggðar afturrúður
- Hiti í sætum
- Hraðastillir
- Tvískipt miðstöð með forhitara

MITSUBISHI MOTORS

FYRIR HUGSANDI FÓLK

*Nánari upplýsingar um þjónustuskoðun HEKLU má finna á hekla.is. Verð, tilboðsverð og búnaður eru háð gengi erlendra gjaldmiðla á hverjum tíma og geta því breyst án fyrirvara.

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ







Ný frímerki

*Safnaðu litlum listaverkum*

Á morgun 15. febrúar gefur Íslandspóstur út fjögur frímerki og smáörk til að minnast stórafmæla. Íslenska fullveldið 100 ára, Landsbókasafnið 200 ára og Jón Thoroddsen sýslumaður og rithöfundur 200 ára. Einnig koma út Evrópufrímerkin 2018 þar sem þemað er brýr.




Fyrstadagsumslög fást á helstu pósthúsum.
Einnig er hægt að panta þau hjá Frímerkjasölunni. Sími: 580 1050.
Netfang: stamps@stamps.is
Heimasíða: www.stamps.is
facebook.com/icelandicstamps

PÓSTURINN
FRÍMERKJASALAN



Iðnaðarmenn voru að störfum í nýbyggingu er ljósmyndari Fréttablaðsins heimsótti Akranes í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Fjölgar vestanlands og Akranes á meira inni

**Dósent segir Akranes eiga mikið inni hvað varðar fjölgun íbúa. Hætti ríkið gjaldtöku í Hvalfjarðargöngin gæti Vesturland tekið við fólki sem flýr fasteignaverð í borginni líkt og Suðurnes síðustu ár.**

**BYGGÐAÞRÓUN** Íbúum á Vesturlandi fjölgaði um 360 í fyrra samkvæmt ársfjórðungstölum Hagstofu Íslands. Þar af var fjölgunin um 280 íbúar á Akranesi og í Borgarbyggð. Á síðustu fimm árum hefur íbúum fjölgað í öllum sveitarfélögum landshlutans, þó mest í fyrrgreindum tveimur sveitarfélögum.

Vesturland, líkt og það er skilgreint á vef Sambands sveitarfélaga, nær frá Akranesi og Hvalfjarðarsveit í suðri að Dalabyggð í norðri. Á þessu svæði eru tíu misstór sveitarfélög. Akranes er það stærsta, með um 7.300 íbúa, en Skorradalshreppur og Helgafellssveit þau minnstu með rétt ríflega 50 íbúa. Á þessu svæði búa 16.290 íbúar eða um 4,7 prósent landsmanna.

Fjölgun á höfuðborgarsvæðinu í fyrra var 2,6 prósent og hefur verið um 6,6 prósent síðustu fimm árin. Fjölgunin á Vesturlandi var 2,2 prósent og á fimm ára tímabili um 5,6 prósent. Því er hlutfallsleg fjölgun á Vesturlandi alls ekki langt frá því að vera á pari við fjölgun íbúa á höfuðborgarsvæðinu.

Síðustu áratugi hefur sameiningu sveitarfélaga á svæðinu borið á góma. Til að mynda hefur sveitarfélagið Dalabyggð horft í norður og viðrað hugmyndir um að sameinast Reykhólahreppi eða Strandabyggð. Einnig hafa heyrst raddir um að Helgafellssveit, Eyja- og Miklaholtshreppur og Dalabyggð sameinist stærri sveitarfélögum auk þess sem rætt hefur verið um sjálfstæði Skorradalshrepps.

Borgarbyggð er svo sameinað sveitarfélag ótal hreppa, fyrst með sameiningu árið 1994, þá 1998 og svo síðast í kjölfar kosninga 2006.

Vífill Karlsson, hagfræðingur hjá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi og dósent við viðskiptadeild Háskólans á Akureyri, segir Vesturland eiga mikið inni er kemur að fólksfjölgun. Hann nefnir að gjaldtaka í Hvalfjarðargöngin hafi þar áhrif.

Einnig komi það á óvart að þegar horft sé til íslenskra ríkisborgara sé flutningsjöfnuður í Borgarbyggð á núlli, það er að jafn margir íslenskir ríkisborgarar flytji frá svæðinu og flytji inn á svæðið. Fólksfjölgun sé því keyrð áfram af náttúrulegri fjölgun og erlendum ríkisborgurum sem flytji til Borgarbyggðar. Erlendum ríkisborgurum hefur, eins og Fréttablaðið hefur tekið saman, fjölgað gífurlega síðustu ár.

„Fargjaldið í göngin er ekki hátt en það hefur kannski hugarfarsleg áhrif á fólk sem gæti hugsað sér að búa á Vesturlandi. Við sem búum á svæðinu vitum að þetta er alls ekki stór upphæð,“ segir Vífill. „Þegar þessum hugsanlegu íbúum verður það heyrinkunnugt að það verði frítt í göngin þá huglægt gæti það virkað mikið. Þess vegna segi ég að Akranes og Borgarnes eigi eitthvað inni ásamt Hvalfjarðarsveit kannski.“

Vífill telur að þessir hugsanlegu íbúar séu að miklu leyti fólk með stórar barnafjölskyldur á ákjósanlegum aldri fyrir byggðaþróunina á Vesturlandi. „Þetta fólk sem er að flýja borgina og hátt fasteignaverð er oft fólk með frekar mörg börn og ungt fólk. Það fólk gæti hugsað sér að kjósa Akranes sem búsetuval þar sem góða þjónustu er að fá með aðgengi að borginni.“

Fréttablaðið sagði frá því í fyrri frétt um byggðaþróun að Suðurnes væru hástökkvari síðustu ára þar sem æ fleiri ákveði að búa. Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, segir svo mikinn vöxt skapa erfiðleika. Vífill segir Vesturland geta tekið hluta af þessum vexti til sín með því að göngin yrðu gerð gjaldfrjáls. „Já, algjörlega, það myndi gera það við að taka af gjald í Hvalfjarðargöngin. Og Akranes er staður sem barnafólk myndi horfa til; fasteignaverð er lægra en í borginni, ágætis nærþjónusta og stutt í alla þá menningu og afþreyingu sem fyrirfinnst í borginni.“

sveinn@frettabladid.is

## Íbúaþróun sveitarfélaga á Vesturlandi

Íbúar á Vesturlandi í lok árs 2017

**16.290**

**Fjölgun varð í nær öllum sveitarfélögum á Vesturlandi í fyrra.**

| | 1 ár | 5 ár |
|---|---|---|
| Akranes | 2,97% | 8,51% |
| Skorradalshr. | 0,00% | 0,00% |
| Hvalfjarðarsveit | 1,56% | 4,84% |
| Borgarbyggð | 1,91% | 6,25% |
| Grundarfjarðarbær | 1,15% | 1,15% |
| Helgafellssveit | 20,00% | 20,00% |
| Stykkishólmur | 0,85% | 8,26% |
| Snæfellsbær | 1,85% | 2,37% |
| Dalabyggð | 0,00% | 0,00% |
| Eyja- og Mikl.hr. | 8,33% | 13,30% |

**Tveir** af hverjum **þremur** íbúum Vesturlands búa í Borgarbyggð og á Akranesi.

**Fjölgun á síðasta ári** 1%

**6** sveitarfélög eru með minna en 1.000 íbúa.

**5,60%** nam fjölgun á Vesturlandi síðustu fimm ár.

> **Þegar þessum hugsanlegu íbúum verður það heyrinkunnugt að það verði frítt í göngin þá huglægt gæti það virkað mikið.**



Vífill Karlsson, dósent við viðskiptadeild Háskólans á Akureyri

Krispy Kreme DOUGHNUTS
Smáralind · Skeifan · Kringlan

# 3
## VALENTÍNUSARHRINGIR
## 897 kr
aðeins í dag 14. febrúar



**SÚKKULAÐIGLJÁÐUR**
*MEÐ SKRAUTI*

**ÁSTARBJALLA**
*HINDBERJAGLOSS OG KARAMELLUFYLLING*

OREO
**OREO-HJARTA**
*MEÐ OREO-KREMFYLLINGU*

# Rannsaka þarf hlánun sífrera í fjöllum Íslands

**Jarðfræðingur sem rannsakaði orsakir mikillar skriðu sem féll úr Móafellshyrnu segir mikla þörf á að útbreiðsla sífrera í fjallshlíðum landsins verði rannsökuð. Bráðnun hans gæti orsakað skriður sem meðal annars gætu fallið á byggð og vegi.**



Þorsteinn tók þessa mynd af Móafellshyrnu og skriðunni daginn sem hún féll. MYND/ÞORSTEINN SÆMUNDSSON

**UMHVERFISMÁL** Mikið vatnsveður, jarðskjálftar og hlánun sífrera í fjallshlíðum Móafellshyrnu urðu til þess að allt 480 þúsund rúmmetrar af grjóti og frostnum setlögum hrundu úr fjallinu í september árið 2012. Þetta er niðurstaða rannsóknar Þorsteins Sæmundssonar, jarðfræðings við Háskóla Íslands. Í rannsóknarniðurstöðunum kemur fram að klumpar úr frostnum setlögum sem komu niður með skriðunni gefi til kynna að þiðnun sífrera á svæðinu hafi verið ein af orsökum hennar. Því gefi hún, ásamt öðrum vísbendingum, til kynna að sífreri í fjalllendi fari hrörnandi á Íslandi.

„Ég hef töluverðar áhyggjur af þessu,“ segir Þorsteinn. „Hlíðar sem við höfum hingað til haldið að séu stöðugar gætu þess vegna verið óstöðugar. Þannig að hætta fyrir byggð, vegi og annað slíkt getur verið miklu meiri en við höfum hingað til haldið.“

Skriðan féll eftir um 30 daga rigningatíð, en sumarið árið áður hafði verið óvenju hlýtt og þurrt. Jafnframt mældust þrír jarðskjálftar stuttu áður en skriðan féll. Skjálftamiðja þeirra var 60 kílómetra norðnorðvestur af Móafellshyrnu. Í rannsókn Þorsteins, sem birt hefur verið í vísindaritinu Science of the Total Enviroment, kemur fram að þessir tveir þættir hafi myndað þær aðstæður sem þurfti til að hrinda skriðunni af stað, þó svo að líklegt megi teljast að áhrif skjálftanna hafi verið hverfandi. Hins vegar gefi rannsóknir á vettvangi skriðunnar til kynna að þiðnun sífrera á svæðinu hafi á endanum hrundið skriðunni af stað.

Frosin setlög hafa fundist í tveimur öðrum skriðum á norðurhluta landsins, önnur féll úr Torfufelli 2011, hin úr Árnesfjalli 2014. Slíkt hefur ekki fundist áður í skriðum á Íslandi svo vitað sé. „Þetta gefur til kynna að slitróttur sífreri í fjöllum á Íslandi sé að hrörna [...] Þessi rannsókn undirstrikar nýja hættu á Íslandi: jarðföll sem koma til vegna þiðnunar sífrera,“ segir í niðurstöðunum.

**» Sífreri er laus jarðvegur þar sem frost fer ekki úr jörðu**

„Þessi þrjú tilvik renna styrkum stoðum undir það að það eru miklar umhverfisbreytingar sem hafa átt sér stað og eru að eiga sér stað í fjalllendi á Íslandi,“ segir Þorsteinn í samtali við Fréttablaðið.

Fyrri rannsóknir hafa sýnt fram á að sífrera er víða að finna í fjöllum á norðurhluta og austurhluta landsins og þá í meira en 800 til 900 metra hæð. Þessi svæði eru talin vera í kringum átta þúsund ferkílómetrar að stærð samanalagt.

Þorsteinn bendir á að margt sé á huldu um útbreiðslu sífrera í fjöllum á Íslandi. Í Móafellshyrnu og í Torfufelli fannst sífreri í 800 til 850 metra hæð. Hins vegar fannst hann í 350 til 400 metra hæð í Árnesfjalli.

„Það er miklu lægri hæð heldur en við höfum hingað til haldið að þessi sífreri sé í,“ segir Þorsteinn. „Það sem gerðist í Árnesfjalli slær mjög sterkum viðvörunarbjöllum um það að við þurfum að stórefla rannsóknir á útbreiðslu sífrera og á því hvað er að gerast í þessum fjöllum.“

Hitastig hefur farið hækkandi á Ísland eins og annars staðar. Hækkunin nam 0,7 gráðum á öld en gögn frá árunum 1975 til 2008 sýna fram á mun hraðari hækkun, eða 0,35 gráður á áratug. Milliríkjanefnd Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (IPCC) telur að um miðja 21. öld muni umfang sífrera á norðurhveli jarðar hafa minnkað um 20 til 35 prósent.

Rannsóknarhöfundar benda á í niðurlagi greinarinnar að það ætti setja rannsóknir á útbreiðslu sífrera, þá sérstaklega í grennd við byggð, í forgang.

„Það eru ákveðin svæði sem eru þess eðlis að við þurfum að skoða þau mun betur. Við vitum í raun lítið hvað er að gerast í þessu umhverfi og við þurfum aukinn skilning sem kallar á auknar rannsóknir,“ segir Þorsteinn. **kjartanh@frettabladid.is**

> **Við vitum í raun ekkert hvað er að gerast í þessu umhverfi.**
>
> Þorsteinn Sæmundsson, jarðfræðingur



## Flóðbylgjan við Steinsholtsjökul

Þann 15. janúar árið 1967 féll gríðarstór skriða úr hamrinum Innstahaus sem gnæfir yfir Steinsholtsjökli. Um 15 milljón rúmmetrar af bergi fóru á skrið og féllu ofan í lónið sem hafði myndast fyrir framan jökulsporðinn.

Þetta orsakaði stóra flóðbylgju sem fór niður í farveg Steinholtsár. Flóðið bar kletta og tíu tonna jaka niður Markarfljótsaura. Þessar náttúruhamfarir mældust á jarðskjálftamæli í Kirkjubæjarklaustri, 75 kílómetra frá Innstahaus.

Þorsteinn Sæmundsson minnist þessa atburðar í samhengi við vísbendingar um breytingar á fjalllendi landsins: „Þetta er sviðsmynd sem við gætum verið að horfa upp á að gæti gerst í dag.“



Stórir grjót- og íshnullungar skoluðust niður eftir Markarfljóti.





SUZUKI
Way of Life!
SUZUKI SWIFT
BÍLL ÁRSINS
Í FLOKKI SMÆRRI FÓLKSBÍLA
KOMDU OG PRUFAÐU SWIFT
HANN FÆR ÞIG TIL AÐ BROSA
SWIFT
2018 RJC
Automotive Researchers' & Journalists' Conference of Japan
CAR OF THE YEAR
BANDALAG ÍSLENSKRA
BÍLL ÁRSINS
2018
BÍLABLAÐAMANNA
VERÐ FRÁ KR.
2.160.000
KÍKTU VIÐ OG KYNNTU ÞÉR MARGVERÐLAUNAÐANN SUZUKI SWIFT.
SUZUKI SWIFT ER FÁANLEGUR SJÁLFSKIPTUR, BEINSKIPTUR OG FJÓRHJÓLADRIFINN.
FLUTT MEÐ EIMSKIP
Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is
SUZUKI
Suzuki bílar hf. I Skeifunni 17 I Sími 568 5100



Brak úr vélinni hefur fundist á stóru svæði. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Grunar beinist að ísingu

**RÚSSLAND** Ísing á hraðanemum er líkleg orsök þess að rússnesk þota, með 71 innanborðs, hrapaði eftir flugtak frá Moskvu á sunnudag. Þetta eru frumniðurstöður rannsakenda.

Við aflestur gagna úr vélinni kom í ljós að skömmu áður en vélin hrapaði höfu mælar vélarinnar að senda frá sér misvísandi upplýsingar.

Flugmenn vélarinnar slökktu þá á sjálfstjórn hennar og dýfðu vélinni skarpt til jarðar. Yfir 1.400 partar úr vélinni hafa fundist á víð og dreif á slysstað. Enginn lifði sf.

Samkvæmt rússneskum miðlum hafnaði flugstjóri vélarinnar meðhöndlun sem á að koma í veg fyrir að ísing geti haft þessi áhrif. – jóe






# Krefjast þess að Zuma láti af forsetaembætti

Flokkur Jakobs Zuma, forseta Suður-Afríku, hefur formlega óskað þess að hann láti sem fyrst af embætti. Forsetinn hefur ítrekað verið sakaður um spillingu. Ef hann verður ekki við beiðninni má búast við að fram komi vantrauststillaga.

**SUÐUR-AFRÍKA** Afríska þjóðarráðið hefur formlega krafist þess að Jakob Zuma, forseti Suður-Afríku, segi af sér. Þetta staðfestir háttsettur flokksmaður í samtali við fréttastofu BBC. Ákvörðunin um að krefjast afsagnar var tekin í kjölfar maraþonfundar í forystu flokksins.

Zuma er 75 ára gamall. Hann hefur samþykkt að víkja úr embætti á næstu þremur til sex mánuðum. Hann hefur verið við völd í Suður-Afríku frá árinu 2009. Undanfarið hefur hann sætt ásökunum um spillingu í embætti.

Í desember síðastliðnum tók Cyril Ramaphosa við sem leiðtogi Afríska þjóðarráðsins. Allt frá þeim tíma hefur verið þrýstingur á Zuma að láta af embætti forseta.

Ace Magazchule, framkvæmdastjóri þjóðarráðsins, sagði fréttamönnum að framkvæmdastjórn flokksins hefði ákveðið að afsögn Zuma ætti að verða sem fyrst. „Það er augljóst að við viljum að Ramaphosa taki við sem forseti Suður-Afríku,“ bætti hann við.

Ramaphosa er sagður hafa yfirgefið fund flokksins og haldið á fund Zuma á heimili hans. Þar er hann sagður hafa tilkynnt Zuma að hann yrði settur af ef hann myndi ekki láta sjálfur af embætti.

Nokkrum sinnum hafa verið bornar sakir á Zuma um spillingu, en hann hefur ávallt neitað. Til að mynda komst hæstiréttur Suður-Afríku að þeirri niðurstöðu árið 2016 að Zuma hefði brotið gegn stjórnarskránni þegar hann lét fyrirfarast að endurgreiða opinbert fé sem notað var til þess að gera endurbætur á einkaheimili hans.

Í fyrra komst áfrýjunardómstóll einnig að þeirri niðurstöðu að réttað skyldi í máli gegn honum vegna ásakana í átján liðum um spillingu, svik og peningaþvætti í tengslum við vopnaviðskipti árið 1999. Upp á síðkastið hafa síðan heyrst ásakanir um óeðlileg hagsmunatengsl milli Zuma og hinnar vellauðugu indverskættuðu Gupta-fjölskyldu. Fjölskyldan er sögð hafa haft óeðlileg áhrif á ríkisstjórn Zuma, en bæði forsetinn og fjölskyldan neita slíkum ásökunum.

Stjórnmálaskýrendur segja að það yrði ákaflega erfitt fyrir Zuma að neita kröfu frá forystu flokksins um að segja af sér. Honum beri hins vegar ekki lagaleg skylda til þess að gera það. Tæknilega séð gæti hann haldið áfram að gegna störfum forseta þótt hann hefði ekki lengur stuðning flokks síns.

Á hinn bóginn er vantrauststillaga á Zuma í farvatninu. Hún hefur verið tímasett 22. febrúar, en gæti komið fram fyrr. Zuma hefur áður staðið af sér slíkar atkvæðagreiðslur, en reiknað er með að hann myndi ekki standast slíka núna. jonhakon@frettabladid.is



Flokksfélagar Jakobs Zuma vilja losna við hann. Nokkrum sinnum hafa verið bornar sakir á Zuma um spillingu, en hann hefur ávallt neitað. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA


LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

ÁRSFUNDUR 2018

Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna verður haldinn miðvikudaginn 21. mars kl. 18:00 á Grand Hótel Reykjavík.

DAGSKRÁ FUNDARINS

» Venjuleg ársfundarstörf
» Samþykktabreytingar
» Önnur mál

Sjóðfélagar eiga rétt til setu á ársfundinum. Fundargögn verða afhent á fundarstað.

Reykjavík, 25. janúar 2018
Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

live.is

ÍMYNDUNARAFL / LV

Lífeyrissjóður verzlunarmanna | Kringlan 7 | 103 Reykjavík | Sími 580 4000 | skrifstofa@live.is




Konungsfjölskyldan heimsótti Hinrik á spítalann fyrir helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Drottningarmaðurinn á dánarbeði í Fredensborg

**DANMÖRK** Hinrik prins, eiginmaður Margrétar Þórhildar Danadrottningar, var í gær útskrifaður af Ríkisspítalanum í Kaupmannahöfn og fluttur til Fredensborghallar á Sjálandi. Þar ætlar hann að verja síðustu dögum ævi sinnar, að því er fram kom í tilkynningu frá dönsku konungshirðinni til fjölmiðla í gær. Hinrik hefur verið á spítala frá 28. janúar og hefur heilsu hans hrakað mikið. Hann hefur glímt við heilabilun undanfarna mánuði.

Peter Qvortrup Geisling, læknir og fréttamaður hjá Danska ríkisútvarpinu, segir að sú staðreynd að prinsinn sé farinn til Fredensborg segi mikið um ástand hans.

„Maður myndi aldrei flytja sjúkling heim til sín til þess að hafa hann þar síðustu stundirnar ef hann væri án meðvitundar. Maður gerir þetta aðallega af virðingu við sjúklinginn svo hann eða hún geti haft nánustu fjölskyldu hjá sér,“ segir Peter.

Fredensborgarhöllin er á Sjálandi. Konungsfjölskyldan notar hana oft til að taka á móti erlendum gestum og við önnur hátíðleg tækifæri.

Hinn franskættaði Hinrik prins er fæddur 11. júní 1934. Hann kvæntist Margréti Þórhildi Danadrottningu árið 1967. Synir þeirra eru Friðrik krónprins og Jóakim prins. Hann lét af konunglegum skyldum árið 2016. – jhh

# Komdu ástinni þinni á óvart

með ómótstæðilegu Nóa Konfekti



**Nóa Konfekt** er tilvalin gjöf fyrir ástina í lífi þínu,
því leiðin að hjartanu liggur í gegnum bragðlaukana.

NÓA Konfekt

GOTT AÐ GEFA, HIMNESKT AÐ ÞIGGJA

cocoa HORIZONS

ÁRNASYNIR

FRÉTTABLAÐIÐ SKOÐUN

# Aðlögun



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Það fylgir því sérstök tilfinning að fara með barnið sitt í fyrsta skiptið á leikskóla eða fylgja því fyrstu skrefin inn í grunnskóla. Þetta eru stór skref sem fela í sér mikla breytingu á daglegu lífi barnsins og það tekur tíma að aðlagast slíkum breytingum. Nýtt umhverfi, nýtt fólk, ný verkefni og nýjar leikreglur. Slíkt tekur á fyrir ungar sálir og því eðlilegt að þær njóti fylgdar foreldra og fái tíma og svigrúm til að aðlagast þessum breytingum.

Eftir að barnsskónum er slitið hættum við alla jafna að njóta slíkrar aðlögunar. Unglingar mæta án fylgdar foreldra í fyrsta starfið og þannig er það áfram út lífið. Við tökumst á við ný verkefni, nýja vinnustaði og förum eftir nýjum reglum. Með einni undantekningu þó. Alþingismenn fá af óþekktum ástæðum aðlögunartíma á það að fara að tilmælum og reglum þingsins um akstur. Fjöldi þingmanna hefur sem sagt ekki séð ástæðu til þess að fara að reglum um endurgreiðslu aksturskostnaðar og skipta í hagræðingarskyni yfir á bílaleigubíl þegar 15.000 kílómetra markinu á ári er náð. Gert er ráð fyrir að þingmenn taki til sín mismuninn á því sem þingið hefði sparað og eru endurgreiðslurnar skattfrjálsar og aðlögunin getur varað árum saman.

Þannig fékk til að mynda þingmaðurinn sem vermdi toppsætið frá 2014 til 2017 tæpar 20 milljónir skattfrjálst vegna aksturs á eigin bíl. Hvort umræddur þingmaður er Ásmundur Friðriksson, sem viðurkenndi að hafa fengið 4,6 milljónir endurgreiddar á síðasta ári fyrir akstur upp á 48.000 kílómetra, er ekki vitað. Ásmundur er reyndar eini þingmaðurinn sem viðurkenndi að vera á bak við tölurnar og þar með væntanlega að hafa ekki tekist að laga sig að reglunum. Aðrir hafa valið að treysta á þá undarlegu reglu að almenningur, eigandi ríkissjóðs, sé eini launagreiðandinn sem þurfi ekki endilega að vita hvað hverjum er borgað fyrir hvað.

> Saga íslenskra stjórnmála er oft saga hreppapólitíkur þar sem hagsmunir almennings hafa legið í léttu rúmi á meðan þúfnahyggjan tryggir atkvæði og áframhaldandi setu mishæfra þingmanna.

Meginforsendan fyrir því að upplýsingarnar eru ekki persónugreinanlegar er að aksturinn tengist starfi alþingismanna og varði samband þeirra við kjósendur. Með öðrum orðum að fundir viðkomandi þingmanna og umbjóðenda þeirra séu einkamál, slíkt getur átt við í stöku undantekningartilfellum, sem komi almenningi ekki við. Því miður er þó reynsla almennings af leyndinni ekki góð. Saga íslenska stjórnmála er oft saga hreppapólitíkur þar sem hagsmunir almennings hafa legið í léttu rúmi á meðan þúfnahyggjan tryggir atkvæði og áframhaldandi setu mishæfra þingmanna.

En það er ánægjulegt að nú liggi fyrir drög að því að breyta þessum reglum með það að markmiði að engin leynd hvíli yfir „neinu sem varðar almenn kjör og greiðslur til þingmanna og fullkomið gagnsæi ríki“. Þetta kom fram í tilkynningu frá Steingrími J. Sigfússyni, forseta Alþingis, í gær. En að þetta sé að koma fram fyrst núna eftir að kallað hefur verið eftir þessum upplýsingum árum saman segir okkur helst að aðlögun að nútímanum virðist vera löturhæg lífsstíll á okkar háa Alþingi. Því miður.

## Halldór





## Nýjar vörur frá geoSilica




Fæst í öllum helstu apótekum, heilsuvöruverslunum, Hagkaupum, Nettó, Fjarðarkaupum og vefverslun geoSilica.

Nánari upplýsingar má finna á www.geosilica.is

geoSilica ICELAND


## Frá degi til dags

**Harðlínan slitnar**

**Viðar Guðjohnsen er gufaður upp eftir að skoðunum hans var hafnað afgerandi í leiðtogavali Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík. Hann virðist meira að segja hafa snúið baki við eftirlætis vígvelli sínum, símatíma Útvarps Sögu. Þangað hefur hann hringt inn formælingar sínar í garð aldraðra, öryrkja, offeitra og fikla daglega árum saman. Símtöl hans eru öðrum innhringjendum iðulega til nokkurs ama og óyndis. Hann hefur þó aldrei látið það á sig fá fyrr en nú. Og merkilegt nokk hefur enginn á línunni lausu lýst yfir sérstökum söknuði eða fráhvarfseinkennum eftir að hann þagnaði.**

**Öruggt bakland Vigdísar**

**Vigdís Hauksdóttir, oddviti Miðflokksins í Reykjavík, nýtur hins vegar mikilla vinsælda á meðal hlustenda Útvarps Sögu. Stuðningsyfirlýsingum hefur rignt yfir hana í símatímanum síðustu daga og hún rústaði í gær netkosningu á heimasíðu stöðvarinnar um óskaborgarstjóra hlustenda. Svör hlustenda segja allt sem segja þarf en Vigdís mældist með 50,93%. Eyþór Arnalds fylgdi í kjölfarið með 37,07% og Dagur B. Eggertsson rak lestina með 12,15% og þarf eitthvað miklu meira en borgarlínu til að komast á skrið í þessu kjördæmi Útvarps Sögu. 642 atkvæði voru greidd í vefkosningunni. thorarinn@frettabladid.is**

# Aðgerðir í menntamálum



Arnór Guðmundsson
forstjóri Menntamálastofnunar

Því hefur verið haldið fram að stjórnvöld hafi ekkert aðhafst til að efla læsi íslenskra nemenda og að draga úr brotthvarfi. Er þá horft fram hjá því að fyrir liggur skýr stefna um þessi atriði sem fylgt hefur verið eftir með aðgerðum. Hefur það verið eitt af helstu verkefnum Menntamálastofnunar frá því hún var sett á fót árið 2015 að innleiða úrbætur.

Í Hvítbók um umbætur í menntamálum sem mennta- og menningarmálaráðuneytið gaf út árið 2014 eru sett fram mælanleg markmið um læsi við lok grunnskóla og námsgengi í framhaldsskólum. Í kjölfarið skrifuðu allar bæjar- og sveitarstjórnir landsins undir Þjóðarsáttmála um læsi og skuldbundu sig til að vinna að eflingu læsis m.a. með því að setja sér læsisstefnu og fylgja henni eftir. Jafnframt er í sáttmálanum tilgreint að Menntamálastofnun veiti sveitarfélögum stuðning og ráðgjöf til að ná markmiðum sínum. Hefur Menntamálastofnun þegar veitt beina ráðgjöf til um 60 sveitarfélaga, aukið framboð á námsefni og gert aðgengileg skimunarpróf í lesfimi sem lögð hafa verið fyrir yfir 90% grunnskólanemenda.

**Aðgerðir gegn brotthvarfi í framhaldsskólum**

Miklar breytingar eiga sér nú stað í framhaldsskólum með endurskipulagningu náms og nýjum námsleiðum. Í Hvítbókinni eru sett fram markmið um að fleiri framhaldsskólanemendur ljúki námi á tilskildum tíma. Innleiðing nýrra námsbrauta og stytting námstíma eru leiðir til að vinna að þeim markmiðum en einnig hefur verið ráðist í sérstakar aðgerðir til að draga úr brotthvarfi. Lögð hafa verið fyrir skimunarpróf fyrir nýnema allra framhaldsskóla til að meta hættu á brotthvarfi. Framhaldsskólar hafa síðan nýtt niðurstöður prófanna til að móta aðgerðir sem henta ólíkum áhættuhópum og fengið fjárstyrki til að fylgja þeim eftir.

> Lögð hafa verið fyrir skimunarpróf fyrir nýnema allra framhaldsskóla til að meta hættu á brotthvarfi.

Í íslenskri skýrslu um niðurstöður PISA 2015 er fjallað um umbætur í Svíþjóð, Noregi og Danmörku en þær þjóðir hafa náð að viðhalda eða bæta árangur sinn í læsi. Þeim aðgerðum sem beitt var í þessum löndum svipar um margt til þess sem nú er unnið að hér á landi. Engin ástæða er til að ætla annað en að Ísland geti náð sambærilegum árangri.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Umskurður drengja



Hjörtur Magni Jóhannsson
Fríkirkjuprestur

Lagafrumvarp um bann við umskurði drengja, að viðurlögðu 6 ára fangelsi, er verulega vanhugsað og skaðlegt.

Hér á landi er sem betur fer í gildi lagalegt bann frá 2005 við limlestingum á kynfærum kvenna. Svokallaður umskurður meybarna er grimmdaraðgerð og á rætur í drottnunarhyggju feðraveldisins. Hann veldur óafturkræfum skaða og mikilli skerðingu lífsgæða, heftingu, niðurlægingu og undirokun konunnar.

Eðlismunur er á ofangreindu og umskurði drengja sem hefur viðgengist í um 5000 ár. Það að líkja þessu tvennu saman lýsir annaðhvort verulegri vanþekkingu eða annarlegum ásetningi.

Umskurður sveinbarna er einn útbreiddasti menningar/trúarsiður sem fyrirfinnst í mannlegum samfélögum. Almennt er talið að rúmur þriðjungur karla í heiminum sé umskorinn. Ástæður eru gjarnan sambland af menningar/trúararfi, hreinlætisástæðum, samkennd, jákvæðri sjálfsmynd og heiðri. Umskurður drengja er algengastur í Mið-Austurlöndum en stór hluti t.d. Bandaríkjamanna er einnig umskorinn. Umskurður drengja er hvergi bannaður í heiminum frekar en ungbarnaskírn okkar kristinna, né stangast framkvæmdin á við nokkur mannréttindi.

**Hryllingsmynd búin til**

Í lagafrumvarpinu er þetta tvennt lagt að jöfnu. Þar er dregin upp hryllingsmynd, talað um limlestingu og líkamsárás. Það sem tugir milljóna upplýstra Vesturlandabúa telja mikla blessun og sæmd fyrir sig og syni sína er gert að grimmdarglæp sem ber að refsa fyrir. Þar er vitnað í einhliða læknisfræðilegar upplýsingar og reynt að láta líta svo út að siðurinn stangist á við samþykktir Sameinuðu þjóðanna sem hann gerir þó ekki. Í greinargerð virðist gengið út frá því að alltaf þegar umskurður drengja er framkvæmdur þá sé það við lífshættuleg skilyrði, við þvingun og mikla kvöl. Það er alrangt.

**Umskurði drengja er ekki ætlað að meiða, niðurlægja eða skerða lífsgæði með nokkrum hætti, heldur hið gagnstæða.**

Umskurði drengja er ekki ætlað að meiða, niðurlægja eða skerða lífsgæði með nokkrum hætti, heldur hið gagnstæða. Í jafn karlmiðlægum feðraveldis menningarsamfélögum sem múslima og gyðinglegra samfélaga, þá er í raun fáránlegt að halda því fram að tilgangur umskurðar sveinbarna sé til niðurlægingar eða til takmörkunar drengja til að njóta kynlífs síðar. Þetta varðar sjálfsmynd, menningu/trú, ævaforna siði, heiður og hreinlæti.

**Mat lækna**

Til eru læknisfræðilegar rannsóknir sem mæla með umskurði drengja, hann er m.a. talinn stuðla að auknu hreinlæti. Eins er hægt að finna læknisfræðilegar kannanir sem vara við honum, því það eru einfaldlega ekki krefjandi læknisfræðilegar ástæður fyrir hendi. Víst er að málið er viðkvæmt og langt frá því að vera jafn einfalt og lesa má úr greinargerð frumvarpsins.

**Trúar- og menningarhefðir**

Hvergi í Biblíunni, Talmúd trúarritum gyðinga, né í Kóraninum er vísað til svokallaðrar umskurnar meybarna. En þó hefur sá skaðlegi siður gert vart við sig í múslimskum ríkjum þar sem slíkar hefðir voru þegar til staðar fyrir daga Íslams.

En víða er fjallað um umskurð drengja. Í gyðingdómi hefur umskurður drengja á áttunda degi mikið trúarlegt og jákvætt vægi. Sjálfur Jesús var umskorinn en þó hefur siðurinn haft lítið vægi í kristindómi og er því flestum Íslendingum mjög framandi.

**Hvers vegna?**

Hver er ástæða þess að setja íslenska refsilöggjöf um sið sem er okkur svo framandi og fjarlægur en líklegast þriðjungi mannkyns afar helgur og kær?

Með frumvarpinu erum við að senda út þau boð að Ísland, með allt sitt siðferði á hreinu, ætli að hafa vit fyrir og siðbæta þúsunda ára hefðir gyðingdóms og Íslam sem og annarra hundraða milljóna manna. En það sem heimurinn mun skynja og heyra, hróplega: „Við viljum ekki hingað til landsins þá sem stunda þennan sið.“

**Mannúð**

Væri ekki mannúðlegra í upplýstu samfélagi að læra að virða menningarlegan fjölbreytileika og efla þroskaða umræðu við þá sem eru okkur framandi? Að sleppa fælandi refsilagasetningu en bjóða frekar upp á bestu heilbrigðisaðstæður sem völ er á, til að framkvæma umskurð hjá þeim hópum sem þess óska af menningarlegum og trúarlegum ástæðum.

# Einstakt tækifæri í menningarmálum



Björn B. Björnsson
kvikmyndagerðarmaður

Menningarmál eru einn minnsti málaflokkurinn í íslenska stjórnkerfinu og sá sem við verjum hvað minnstum fjármunum til. Þó eru allir sammála um að skapandi greinar verði að vera ein af gildustu stoðum hagsældar á Íslandi framtíðarinnar.

Lítið er samt gert til að leggja drög að þessari framtíð þó gamlir lesendur Litlu gulu hænunnar eigi að vita að til þess að uppskera sé nauðsynlegt að sá.

Um þessar mundir eru uppi aðstæður sem skapa tækifæri til að margfalda uppskeru okkar á menningarsviðinu svo að framleiðsla og útflutningur menningarafurða verði umtalsverð stærð í hagkerfinu.

Þessar aðstæður eru þær breytingar sem hafa orðið í dreifingu sjónvarpsefnis með nýjum efnisveitum og miklu betra aðgengi fólks að slíkum afurðum í gegnum síma og tölvur. Þessi þróun hefur leitt til sprengingar í eftirspurn eftir efni, ekki síst því sem við köllum leikið sjónvarpsefni.

Þessi aukna eftirspurn hefur m.a. beinst að norrænu sjónvarpsefni vegna þess að þar hefur verið framleitt vandað sjónvarpsefni um árabil. Íslenskt efni er þar engin undantekning enda hafa íslenskar kvikmyndir og sjónvarpsþættir verið sýnd um víða veröld á undanförnum misserum við góðan orðstír.

Á erlendum mörkuðum er eftirspurnin mikil. Við gætum selt miklu meira af leiknu sjónvarpsefni á íslensku til erlendra efnisveitna en við gerum núna.

Á innlenda markaðnum er staðan sú að þrjár stærstu sjónvarpsstöðvarnar vilja hver um sig kaupa a.m.k. tvær leiknar sjónvarpsþáttaraðir á hverju ári eða sex samtals. Við getum hins vegar aðeins framleitt tvær á ári.

Flöskuhálsinn er að sá hluti Kvikmyndasjóðs sem ætlaður er leiknu sjónvarpsefni er svo grátlega lítill. En án stuðnings frá kvikmyndasjóði heimalands er eðlilega mjög erfitt að fjármagna framleiðslu á kvikmyndaefni. Framlag Kvikmyndasjóðs er þó að jafnaði aðeins um 10-15% af framleiðslukostnaði leikins sjónvarpsefnis á Íslandi.

Góðu fréttirnar eru þær að þeir skattpeningar, sem settir eru í þessa framleiðslu í gegnum Kvikmyndasjóð og endurgreiðslukerfið, ávaxtast og skila sér til baka svo ríkið græðir á öllu saman eins og fjölmargar úttektir og skýrslur hafa sýnt. Útgjöldin eru því í raun engin.

Meginkosturinn við leikið íslenskt efni er auðvitað sá að þetta eru íslenskar sögur sagðar á íslensku og stóraukin framleiðsla á slíku efni er örugglega eitt það besta sem við getum gert til að verja og styrkja íslenskuna í stafrænum heimi nútímans.

Annar kostur við slíka framleiðslu er að hún styrkir flestar stoðir lista og skapandi greina. Framleiðslan skapar ekki eingöngu störf fyrir kvikmyndagerðarmenn heldur einnig tónlistarmenn, leikara, rithöfunda, hönnuði af ýmsum toga og tæknifólk í mynd- og hljóðvinnslu. Allt eru þetta störf sem ungt fólk hefur mikinn áhuga á.

Þau tækifæri sem nú eru á þessum markaði bíða ekki eftir okkur. Við verðum að grípa þau eða sitja eftir. Tækifærið til að koma hér upp varanlegri framleiðslu íslenskra menningarafurða sem seljast um allan heim er núna.

Við höfum fólk með hæfileika og þekkingu til verksins en það sem vantar eru stjórnmálamenn sem hafa áhuga og nennu til að setja sig inn í málið – og framsýni og kjark til að vera í fararbroddi.

FORD TRANSIT VAN

Transit er ríkulega búinn m.a. með Bluetooth, olíumiðstöð með tímastillingu, spólvörn, brekkubremsu og aksturstölvu.

LÆKKAÐ VERÐ!




FRÁ:
3.785.000 KR. ÁN VSK
4.695.000 KR. MEÐ VSK
FÁANLEGUR SJÁLFSKIPTUR

KOMDU OG TRYGGÐU ÞÉR FORD TRANSIT! EIGUM BÍLA TILBÚNA TIL AFHENDINGAR STRAX.

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

Ford
ford.is




SERTA CAVALLO
HÖNNUN Í SÉRFLOKKI

Cavallo heilsudýnan er uppbyggð til að veita hámarksslökun og hvíld í svefni. Fimm svæða pokagormakerfið er stífara á mjaðmasvæði og mýkra á axlasvæði. Cavallo er gerð úr 100% náttúrulegum efnum og inniheldur m.a. hrosshár í efsta yfirlagi. Steyptir hliðarkantar dýnunnar gefa 25% meira svefnsvæði.



Serta
America's #1 Mattress Manufacturer

UPPBYGGING



1 Hágæða 450 gr/m2 SG áklæði
2 250 gr/m2 Silicon fíber fylling
3 2x20 mm heilsu og hægindalag
4 30 gr/m2 þrýstijöfnunarlag
5 7 cm lag úr 100% hrosshári
6 Latex heilsu og hægindalag
7 50mm mjúkur svampur
8 10mm milli-mjúkur svampur
9 Hvítt styrktarlag
10 Steyptir hliðarkantar
11 1,8mm 5svæða pokagormakerfi
12 50mm mjúkur svampur
13 15 gr/m2 þrýstijöfnunarlag
14 12 mm þykkur botnsvampur
15 Stamt lag til að hindra hreyfingu
16 20mm þykkur kantsvampur

| STÆRÐ | FULLT VERÐ Á CAVALLO MEÐ COMFORT BOTNI OG FÓTUM | FEBRÚAR TILBOÐ |
|---|---|---|
| 180X200 | 311.200 KR. | 248.960 |

FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477 · DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100 · SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566 · Betra BAK

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is




SAFT


## Sláin út



Gonzalo Higuain fékk gullið tækifæri til að skora þrennu í fyrri hálfleik leiks Juventus og Tottenham í Meistaradeild Evrópu en vítaspyrna hans hafnaði í þverránni. Þrátt fyrir að enska liðið hafi gefið tvö mörk í forgjöf skildu liðin jöfn, 2-2. Manchester City vann Basel 4-0 í hinum leik kvöldsins. NORDICPHOTOS/GETTY

# Milljarður vegna leigu á íþróttamannvirkjum

**Kópavogur rukkar íþróttafélögin í bænum um leigu á mannvirkjum. HK greiðir hæstu leigu eða 459 milljónir en formaðurinn segir að þetta komi ekki inn í starf félagsins. Peningunum sé vel varið og trúlega þess vegna sem ungt fólk flytur í bæinn.**

**FJÁRMÁL** Íþróttafélögum í Kópavogi verður von bráðar sendur reikningur vegna leigu af íþróttamannvirkjum bæjarins fyrir árið 2017. Er heildarreikningurinn rétt yfir milljarði króna. Það er á grundvelli reglna íþróttaráðs Kópavogs um afnot af íþróttamannvirkjum frá 2015 sem þetta er gert. Á móti reiknaðri leigu kemur síðan styrkur frá íþróttaráði að sömu fjárhæð til viðkomandi íþróttafélags, sem skal færa sem styrk á móti reiknaðri leigu í ársreikningum félaganna.

„Þetta er í raun bókhaldsleg aðgerð hjá bænum og hefur engin áhrif á reksturinn,“ segir Sigurjón Sigurðsson, formaður HK, en félagið er rukkað um hæstu upphæðina, um 460 milljónir króna, og fær því hæsta styrkinn á móti. Breiðablik fær silfrið og er rukkað um 412 milljónir. Golfklúbburinn GKG fær 5,5 milljónir í rukkun og styrk en golfklúbburinn nýtur góðs af því að sækja styrki til bæði Kópavogs og Garðabæjar. Í bæjarráði Garðabæjar í gær var samþykkt að fella niður sjö og hálfrar milljón króna fasteignagjöld.

Sigurjón segir að þessum peningum sé ekki illa varið enda sé íþróttastarf í Kópavogi blómlegt. „Eigum við ekki að segja að íþróttastarfið sé eitt af því sem laði skattgreiðendur að Kópavogi. Trúlega þess vegna sem flest allt ungt fólk er að flytja í Kópavog. Hér eru góðir skólar, frábært íþróttastarf og ýmislegt fleira. Börn geta gengið í íþróttastarfið og það er metnaður í bænum að gera vel. Þessar tölur eru bókhaldslega réttar en þetta segir ekkert um hve mikið af styrkjum við fáum í okkar afreksstarf til dæmis.“

### Reiknuð leiga og styrkur

**HK** 459.683.477
**Breiðablik** 412.468.580
**Gerpla** 126.132.379
**Hvönn** 11.042.807
**Glóð** 6.605.757
**Skotíþróttafélag Kópavogs** 6.025.625
**Golfkl. Garðabæjar og Kópavogs** 5.521.404
**Stálúlfur** 4.771.980
**DÍK** 2.994.120
**Augnablik** 2.931.152
**Vatnaliljur** 2.603.719
**Ísbjörninn** 1.851.131

**Alls: 1.042.699.140 kr**

> Eigum við ekki að segja að íþróttastarfið sé eitt af því sem laði skattgreiðendur að Kópavogi. Trúlega þess vegna sem flest allt ungt fólk er að flytja í Kópavog. Hér eru góðir skólar, frábært íþróttastarf og ýmislegt fleira. Börn geta gengið í íþróttastarfið og það er metnaður í bænum að gera vel.
>
> Sigurjón Sigurðsson, formaður HK



Sigurjón segist í skýjunum með aðstöðuna sem HK hefur í Kórnum og bendir á að nýtt gervigras sem lagt var á völlinn hafi komið vel út. „Þetta er geggjuð aðstaða. Þetta er ekki eins og í gamla daga þar sem æft var á möl og allt var frosið. Það er einhver ástæða fyrir þessari velgengni fótboltans,“ segir hann kampakátur. **benediktboas@365.is**

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 14. febrúar 2018 | 5. tölublað | 12. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL







## Íslensku bankarnir sér á báti

**Þótt gæði eigna íslensku bankanna hafi líklega aldrei verið meiri er eiginfjárhlutfall þeirra með því hæsta meðal evrópskra banka. Hertar eiginfjárkröfur skila sér í hærra vaxtaálagi á lánum banka. Ísland er í öfundsverðri stöðu frá sjónarhóli fjármálastöðugleika. Hagfræðingur SFF segir skjóta skökku við hversu langt FME gangi í beitingu eiginfjárauka.** » 6-7






»2

### Með kauprétt að 21 prósents hlut í Valitor

Meirihluti hluthafa í Arion banka sækist nú eftir því að hlutabréf Valitor verði greidd út í arð fyrir útboð. Myndi virkja kauprétt vogunarsjóða að 21,4 prósenta hlut í Valitor til viðbótar. Bankasýslan á móti og vill félagið í opið söluferli.

»4

### Eignast rekstur Sports Direct á Íslandi

Íþróttavörukeðja Mikes Ashley hefur eignast verslun Sports Direct á Íslandi að fullu. Sættir hafa náðst á milli hans og fjölskyldu Sigurðar Pálma Sigurbjörnssonar sem átti áður 60 prósenta hlut í versluninni.

»10

### Raunvextir á krossgötum

„Þá hafa stíf innflæðishöft, sem af einhverjum ástæðum hafa staðið óhreyfð í næstum tvö ár, búið til talsverðan fjármagnsskort til innlendra fyrirtækja og þar af leiðandi keyrt upp vaxtakostnað raunhagkerfisins," segir Agnar Tómas Möller, framkvæmdastjóri hjá GAMMA.




# Innflæði í ríkisskuldabréf dróst verulega saman

Verulega hægðist á innflæði fjármagns vegna fjárfestinga erlendra fjárfesta í ríkisskuldabréfum á fjórða fjórðungi síðasta árs. Þannig nam innflæðið aðeins 2,4 milljörðum króna á fjórðungnum borið saman við 8,5 milljarða á þriðja fjórðungi og 7 milljarða á öðrum fjórðungi ársins, samkvæmt nýjum tölum sem Seðlabanki Íslands hefur birt. Þar af var innflæðið ekkert í október og desember.

Á sama tíma jókst hins vegar innflæði frá erlendum fjárfestum verulega í skráð hlutabréf í Kauphöllinni. Þannig keyptu þeir í skráðum félögum fyrir 15,4 milljarða króna á fjórða ársfjórðungi síðasta árs borið saman við 8 milljarða á þriðja ársfjórðungi.

Innflæði fjármagns vegna fjárfestinga erlendra fjárfesta í ríkisskuldabréfum hófst á ný í apríl á síðasta ári eftir að það stöðvaðist alfarið þegar Seðlabanki Íslands virkjaði sérstakt fjárstreymistæki í júní árið 2016. Var þá kveðið á um að 40 prósent af innflæði fjármagns vegna fjárfestinga í skuldabréfum þyrfti að binda í eitt ár á núll prósent vöxtum. Er markmið reglnanna að tempra og hafa áhrif á samsetningu fjármagnsflæðis til landsins og stuðla að fjármálastöðugleika.

**2,4**

**milljarðar var innflæði vegna fjárfestinga erlendra fjárfesta í ríkisskuldabréfum á fjórða fjórðungi 2017.**

Heildarinnflæði frá erlendum fjárfestum í ríkisskuldabréf nam samanlagt 18,3 milljörðum króna á öllu síðasta ári. Innflæðið í skráð hlutabréf var hins vegar 48,2 milljarðar króna á sama tíma og jókst umtalsvert á milli ára. – kij



**Már Guðmundsson, seðlabankastjóri**



Valitor er verðmætasta dótturfélag Arion banka en virði þess er líklega vel á þriðja tug milljarða. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Með kauprétt að 21 prósents hlut í Valitor

**Meirihluti hluthafa í Arion banka sækist nú eftir því að hlutabréf Valitor verði greidd út í arð fyrir útboð. Myndi virkja kauprétt vogunarsjóða að 21,4 prósenta hlut í Valitor til viðbótar. Bankasýslan á móti og vill fyrirtækið í opið söluferli.**

Meirihluti hluthafa Arion banka, meðal annars vogunarsjóðir og Kaupþing, sækist nú eftir því að Valitor verði aðgreint frá bankanum, áður en kemur að útboði og skráningu í vor, þannig að hlutabréf kortafyrirtækisins verði að stærstum hluta greidd út í formi arðs til hluthafa. Við slíka ráðstöfun myndu erlendir vogunarsjóðir og Goldman Sachs, sem eignuðust liðlega 30 prósenta hlut í Arion banka fyrir um ári, jafnframt eiga kauprétt að 21,4 prósenta hlut til viðbótar í Valitor af Kaupþingi, samkvæmt heimildum Markaðarins. Er kauprétturinn á um helmingi hærra verði en sem nemur bókfærðu virði Valitor í reikningum Arion banka.

Ekki er samstaða um það á meðal eigenda bankans að hlutabréf Valitor verði greidd út í arð en sú ráðstöfun þarf samþykki stjórnar bankans. Bankasýslan, sem heldur utan um 13 prósenta hlut ríkisins í Arion banka og á einn mann í stjórn, hefur þannig komið þeirri skoðun sinni skýrt á framfæri við Kaupþing að stofnunin sé mótfallin slíkri arðgreiðslu og að fremur eigi að selja fyrirtækið í opnu söluferli. Afstaða vogunarsjóðanna og Kaupþings, ásamt ráðgjöfum félagsins, er hins vegar sú að það yrði til þess fallið að auka áhuga erlendra fjárfesta á þátttöku í fyrirhuguðu hlutafjárútboði Arion banka ef Valitor yrði aðskilið frá samstæðunni. Afkoma af undirliggjandi rekstri Valitor síðustu ár hafi verið dræm og þá séu í gangi dómsmál sem höfðuð hafa verið gegn félaginu, þar sem krafist sé margra milljarða króna í skaðabætur, og hafa ekki verið til lykta leidd.

**15,2**

**milljarðar var bókfært eigið fé Valitor í árslok 2016.**

Andstaða Bankasýslunnar við áform stærstu hluthafa um að aðgreina Valitor frá bankanum fyrir útboð með því að ráðstafa hlutabréfum þess í arð til eigenda gæti aukið líkur á því, að sögn þeirra sem þekkja vel til stöðu mála, að Kaupþing nýti sér kauprétt að 13 prósenta hluta ríkisins í bankanum. Samkvæmt þeim kauprétti, sem grundvallast á hluthafasamkomulagi frá árinu 2009, þyrfti Kaupþing að greiða í kringum 23 milljarða króna fyrir eignarhlut ríkisins í bankanum.

Fyrrnefndur kaupréttur vogunarsjóða – Taconic Capital, Attestor Capital og Och-Ziff Capital – og Goldmans Sachs á hlutabréfum í Valitor af Kaupþingi virkjast aðeins komi til þess að bréfin í kortafyrirtækinu greiðist út til hluthafa með arðgreiðslu eða öðrum sambærilegum hætti. Samið var um kaupréttinn samhliða því að gengið var frá kaupum fjárfestahópsins á tæplega 30 prósenta hlut Kaupþings í Arion banka í mars 2017. Það var fréttaskýringarþátturinn Spegillinn sem upplýsti fyrst um tilurð kaupréttarins í apríl í fyrra.

Samkvæmt heimildum Markaðarins er ekki gert ráð fyrir því að Arion banki, sem á allt hlutafé í Valitor, muni greiða út öll sín hlutabréf í félaginu í formi arðgreiðslu til hluthafa heldur muni halda eftir um liðlega 20 prósenta hlut. Gangi það eftir myndu vogunarsjóðirnir og Goldman Sachs eignast að óbreyttu samanlagt um 24 prósenta hlut í Valitor auk þess að eiga kauprétt að 21,4 prósenta hlut í félaginu af Kaupþingi. Ef allir sjóðirnir myndu nýta sér þann kauprétt, sem er ekki endilega víst, ættu þeir því samtals um 45 prósenta hlut í Valitor.

Ljóst er að Valitor er verðmætasta dótturfélag Arion banka – í reikningum bankans er þó ekki sérstaklega getið hvers virði eignin er – en samkvæmt heimildum Markaðarins er kaupréttur sjóðanna og bandaríska fjárfestingarbankans sem fyrr segir á umtalsvert hærra verði en nemur bókfærðu virði félagsins í bókum bankans. Samkvæmt ársreikningi Valitor Holding nam eigið fé félagsins rúmlega 15 milljörðum í árslok 2016. Ætla má hins vegar, sé tekið mið af margföldurum erlendra samanburðarfélaga, að markaðsvirði Valitor sé vel á þriðja tug milljarða króna. **hordur@frettabladid.is**







# Fanney Birna með eins prósents hlut

Fanney Birna Jónsdóttir, sem var ráðin aðstoðarritstjóri Kjarnans í síðasta mánuði, hefur eignast tæplega eins prósents hlut í fjölmiðlinum. Þá hefur eignarhlutur Þórðar Snæs Júlíussonar ritstjóra, Magnúsar Halldórssonar blaðamanns og Hjalta Harðarsonar minnkað lítillega en hlutur Hjálmars Gíslasonar stjórnarformanns, Birnu Önnu Björnsdóttur stjórnarmanns og Vilhjálms Þorsteinssonar stækkað.

Samkvæmt upplýsingum á vef fjölmiðlanefndar hefur eignarhlutur félags Hjálmars, HG80, stækkað úr 16,55 prósentum í 18,28 prósent. Félag Vilhjálms, Miðeind, er næststærsti hluthafi Kjarnans með 17,8 prósenta hlut, en eignarhluturinn var áður um 16 prósent, og þá nemur hlutur Birnu Önnu 12,2 prósentum. Áður átti hún 9,4 prósenta hlut í fjölmiðlinum.

Magnús Halldórsson er fjórði stærsti hluthafi Kjarnans með 11,7 prósenta hlut og Þórður Snær sá fimmti stærsti með 10,4 prósent.

Einnig vekur athygli að Ágúst Ólafur Ágústsson, sem kjörinn var á þing fyrir Samfylkinguna fyrr í vetur, hefur bætt lítillega við hlut sinn í Kjarnanum en hann fer með um 6,25 prósenta hlut. Hann sagði í samtali við Fréttablaðið fyrir kosningar að til greina kæmi að selja hlutinn næði hann kjöri.

Kjarninn rekur samnefndan fréttavef og gefur auk þess út Vísbendingu, vikurit um efnahagsmál, og fríblaðið Mannlíf í samstarfi við Birting. – kij



**Fanney Birna Jónsdóttir, aðstoðarritstjóri Kjarnans**

**18%**

**er eignarhlutur Hjálmars Gíslasonar, stærsta hluthafa Kjarnans, í fjölmiðlinum.**

EINGÖNGU Á NETINU

# Vinsælustu vörurnar




























MYNDFORM GRAFÍK

**Hirzlan**heimili.is

**Netverslun**

*Lágt verð alla daga*

**Afhendingartími 4-6 vikur**

# Eignast rekstur Sports Direct á Íslandi

**Íþróttavörukeðja breska kaupsýslumannsins Mikes Ashley hefur eignast verslun Sports Direct á Íslandi að fullu. Sættir hafa náðst á milli hans og fjölskyldu Sigurðar Pálma Sigurbjörnssonar sem átti áður 60 prósenta hlut í versluninni. Kaupverðið er sagt trúnaðarmál.**

Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is



Íþróttavörukeðjan Sports Direct, sem er í eigu breska kaupsýslumannsins Mikes Ashley, hefur keypt 60 prósenta eignarhlut Sigurðar Pálma Sigurbjörnssonar og fjölskyldu í verslun Sports Direct á Íslandi. Eftir kaupin á breska keðjan verslunina að öllu leyti og hefur tekið yfir reksturinn.

„Við fundum lausn á okkar málum og það ganga allir sáttir frá borði,“ segir Sigurður Pálmi, sem er framkvæmdastjóri Sports Direct á Íslandi, í samtali við Markaðinn. Hann segir kaupverðið trúnaðarmál.

Deilur hafa staðið yfir á milli Ashleys, stofnanda íþróttavörukeðjunnar, og íslensku fjárfestanna um nokkurt skeið. Þannig var greint frá því í dagblaðinu Sunday Times í ágúst á síðasta ári að keðja Ashleys, sem átti þá 40 prósenta hlut í Sports Direct á Íslandi, hefði boðist til þess að kaupa 60 prósenta hlut Íslendinganna á 100 þúsund evrur eða sem jafngildir um 12,5 milljónum króna.

Til samanburðar var nefnt í fréttinni að íslenska verslunin velti sem samsvarar um 1,25 milljörðum króna á ári og skilaði um 250 milljóna króna árlegum hagnaði. Ekki væri óvarlegt að ætla að virði verslunarinnar næmi sem jafngildir 2,5 milljörðum króna.

Tilboðinu var hafnað, en Sunday Times hafði eftir heimildarmanni sínum að það hefði verið „svívirðilegt“. Í kjölfarið sagðist Ashley ætla að stefna Sigurði Pálma og félögunum Rhapsody Investments og Guru Invest fyrir samningsbrot, en síðarnefnda félagið er í eigu Ingibjargar Pálmadóttur, móður Sigurðar Pálma og forstjóra 365 miðla, eiganda Fréttablaðsins.

Sættir hafa nú náðst með kaupum Sports Direct á 60 prósenta hlut íslensku fjárfestanna og segir Sigurður Pálmi að engar deilur séu lengur á milli manna.

Verslun Sports Direct var opnuð hér á landi árið 2012 í samstarfi Sigurðar Pálma, Sports Direct og bankamannsins fyrrverandi Jeffs Blue. Sá síðastnefndi, sem starfaði á árum áður hjá Baugi og er sagður lykilmaður í stofnun íslensku verslunarinnar, átti til að byrja með 15 prósenta hlut í íslensku versluninni en hann seldi hlutinn síðar á nafnvirði til Sports Direct í þeirri trú að hann yrði gerður fjármálastjóri keðjunnar. Hann lenti hins vegar upp á kant við Ashley árið 2015 og dró sig út úr verkefninu.

Verslun Sports Direct á Íslandi var í frétt Sunday Times sögð sú arðbærasta sem rekin væri undir merkjum Sports Direct en þær eru alls um 700 talsins í 19 Evrópuríkjum.

Samkvæmt síðasta birta ársreikningi félagsins NDS, sem heldur utan um rekstur verslunarinnar hér á landi, frá 1. maí 2015 til 30. apríl 2016, varð 69 milljóna króna hagnaður af rekstri verslunarinnar. Til samanburðar nam hagnaðurinn 5,8 milljónum króna á fyrra rekstrarári. Sala verslunarinnar nam 1.033 milljónum króna á tímabilinu borið saman við 922 milljónir á rekstrarárinu 2014 til 2015. Auk þess voru rekstrargjöld NDS 919 milljónir samkvæmt síðasta rekstrarreikningi og jukust um ríflega 30 milljónir á milli ára.

Verslunin átti eignir upp á 251 milljón króna í lok aprílmánaðar 2016 og var eiginfjárhlutfallið 20,4 prósent á sama tíma.




**Verslun Sports Direct í Lindum í Kópavogi var í frétt Sunday Times síðasta sumar sögð sú arðbærasta sem rekin væri undir merkjum Sports Direct en þær eru alls um 700 talsins í 19 Evrópuríkjum. Í fréttinni kom fram að íslenska verslunin velti sem samsvarar um 1,25 milljörðum króna á ári.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Blue tapaði dómsmáli gegn Mike Ashley

Jeff Blue, sem átti stóran þátt í stofnun Sports Direct á Íslandi, tapaði dómsmáli gegn Mike Ashley síðasta sumar, en málið varðaði meintar vanefndir á bónusgreiðslum fyrir 15 milljónir punda. Blue hélt því fram að samningur þess efnis hefði verið handsalaður á bar í miðborg Lundúna.

Blue hélt því fram að Ashley hefði lofað því að umbuna honum með 15 milljóna punda bónusgreiðslu ef Blue tækist að tvöfalda hlutabréfaverð Sports Direct. Dómari við undirrétt í Lundúnum taldi hins vegar að engin alvara hefði verið að baki meintu loforði Ashleys. Auk þess hafnaði dómarinn því að Blue hefði tekist, einum síns liðs, að hækka gengi bréfanna.

**1.033**

**milljónir króna var velta verslunar Sports Direct á Íslandi á síðasta rekstrarári.**



**Sigurður Pálmi Sigurbjörnsson**



**Mike Ashley**

Mike Ashley er einn umtalaðasti kaupsýslumaðurinn í bresku efnahagslífi. Yfir þrjátíu ár eru síðan hann stofnaði Sports Direct, þá aðeins átján ára að aldri, en íþróttavörukeðjan er nú metin á um 1,93 milljarða punda eða sem jafngildir ríflega 270 milljörðum króna.

Hann er auk þess eini eigandi enska knattspyrnufélagsins Newcastle United og þá átti hann einnig um níu prósenta hlut í skoska félaginu Glasgow Rangers sem hann seldi síðasta sumar. Samkvæmt úttekt viðskiptatímaritsins Forbes eru eignir Ashleys metnar á 3,6 milljarða dala eða um 365 milljarða króna.

## Nýsköpunarsjóðurinn með 9,5 prósent í Dohop

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins hefur eignast 9,45 prósenta hlut í flugleitarvefnum Dohop eftir að sjóðurinn breytti 10 milljóna króna láni til félagsins í hlutafé. Stjórn Dohop samþykkti ósk sjóðsins þess efnis á stjórnarfundi í september í fyrra. Nýsköpunarsjóðurinn fjárfesti fyrst í Dohop fyrir um áratug.

Dohop sótti sér um 100 milljónir króna í hlutafé síðasta sumar. Haft var eftir Davíð Gunnarssyni, framkvæmdastjóra Dohop, í Viðskiptablaðinu í júlí í fyrra að félagið væri á mikilli siglingu með nýrri vöru, Dohop Connect, og að spurnin eftir henni hefði verið talsvert umfram áætlanir félagsins.

Velta Dohop nam 305 milljónum króna árið 2016. Varð þá um 200 milljóna króna tap á rekstrinum.

Í bréfi Dohop til fyrirtækjaskrár frá því í október er þess óskað að samþykki sjóðsins og fundargerð stjórnar verði ekki gerð opinber. „Síðast þegar við sendum inn fundargerð til upplýsinga var það gert opinbert. Við vissum ekki af þessu verklagi og einn fjölmiðill gerði frétt út frá því,“ segir í bréfi Dohop. – kij



**Davíð Gunnarsson, framkvæmdastjóri Dohop.**

## Greiddi tvo milljarða til ríkissjóðs

Kaupþing innti af hendi vaxtagreiðslu til ríkisins upp á um 1,9 milljarða króna í síðasta mánuði. Þetta kemur fram í svari Kaupþings við fyrirspurn Markaðarins.

Greiðslan kemur til vegna 84 milljarða veðskuldabréfs sem Kaupþing gaf út til ríkisins í ársbyrjun 2016 sem hluta af stöðugleikaframlagi slitabús gamla bankans. Skuldabréfið ber 5,5 prósenta vexti. Í svari Kaupþings segir að félagið hafi frá útgáfu skuldabréfsins greitt samtals 7,53 milljarða króna í vaxtagreiðslur til ríkisins.

Heildargreiðslur Kaupþings til ríkissjóðs vegna bréfsins frá útgáfu nema því samtals um 56,6 milljörðum króna. Þeir fjármunir sem fengust við sölu Kaupþings á tæplega 30 prósenta hlut sínum í Arion banka í mars á síðasta ári – um 49 milljarðar króna – fóru í að greiða inn á höfuðstól skuldabréfsins.




**Frá útgáfu bréfsins hefur Kaupþing greitt um 7,5 milljarða í vexti.**

Kaupþing á því sem stendur enn eftir að greiða um 35 milljarða inn á bréfið. Aðeins er heimilt að borga inn á höfuðstól þess með fjármunum sem falla til í tengslum við sölu á hlut Kaupþings í Arion banka en greiða þarf bréfið upp að fullu fyrir árslok 2018. Stjórnendur félagsins, sem á núna 57 prósenta hlut í Arion banka, stefna að því að selja um 30 til 40 prósenta hlut í gegnum hlutafjárútboð síðar á árinu. – hae


Við hjálpum þér
að bæta lífsgæðin
Rexton™ heyrnartækin gera meira en að hjálpa þér að heyra betur. Þau opna nýjar leiðir í samskiptum, rjúfa þögnina og gefa tóninn. Þau auka lífsgæðin. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.
Kringlunni • Sími 568 7777 • heyra.is
HEYRNARSTÖÐIN






# Hertar eiginfjárkröfur skila sér í hærri lánakjörum til heimila og fyrirtækja

**Gæði eigna íslensku viðskiptabankanna hafa aldrei verið meiri og er eiginfjárhlutfall þeirra með því hæsta á meðal evrópskra banka. Hertar eiginfjárkröfur í kjölfar alþjóðlegu fjármálakreppunnar skila sér í hærra vaxtaálagi á lánum. Dósent segir Ísland í öfundsverðri stöðu frá sjónarhóli fjármálastöðugleika. Hagfræðingur SFF segir skjóta skökku við hversu langt FME gangi í beitingu eiginfjárauka.**

Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is
Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is



Þrátt fyrir að gæði eigna íslenskra banka séu meiri en víðast hvar annars staðar er eiginfjárhlutfall bankanna með því hæsta í Evrópu og vogunarhlutfallið, sem reiknast sem eigið fé sem hlutfall af heildareignum, umtalsvert hærra en hlutfall evrópskra banka. Alþjóðlegar rannsóknir benda til þess að eins prósentustigs hækkun á vogunarhlutfalli banka skili sér í að meðaltali sextán punkta hærri lánakjörum til fólks og fyrirtækja.

Vogunarhlutfall stóru viðskiptabankanna þriggja, Arion banka, Íslandsbanka og Landsbankans, var á bilinu 15,3 til 20,3 prósent í lok septembermánaðar á síðasta ári. Á sama tíma var samsvarandi hlutfall á meðal evrópskra banka að meðaltali um 5,4 prósent. Samkvæmt rannsóknum sem Seðlabanki Svíþjóðar hefur yfirfarið og fjallar um í nýlegu minnisblaði gæti þessi munur kostað á bilinu 1,6 til 2,4 prósentur í viðvarandi hærri fjármagnskjörum til viðskiptavina íslensku bankanna.

Jafnframt leiðir athugun seðlabankans í ljós að svo mikill munur á vogunarhlutfalli banka, eins og er á milli íslenskra og evrópskra banka, geti leitt til sem samsvarar eins prósents minni hagvaxtar á Íslandi en ella.

Umrætt vogunarhlutfall, sem var fest í lög í kjölfar fjármálakreppunnar sem skók heimsbyggðina fyrir áratug og er ætlað að koma í veg fyrir óhóflega skuldsetningu í bankakerfinu, hefur hækkað verulega í tilfelli íslensku bankanna – úr 10 prósentum í allt að 20 prósent – frá falli fjármálakerfisins og það sama má segja um eiginfjárhlutfall þeirra, sem hefur farið úr 12 prósentum í allt að 30 prósent. Á sama tíma hafa gæði eigna bankanna stórbatnað, meðal annars með fækkandi vandræðalánum og minni óvissu í fjármálakerfi landsins.

„Búast hefði mátt við að hreinsun efnahagsreikninga bankanna og minni vanskil myndu leiða til lægri eiginfjárkrafna,“ segir Yngvi Örn Kristinsson, hagfræðingur Samtaka fjármálafyrirtækja, í samtali við Markaðinn.

Þess í stað hafa kröfurnar verið hertar verulega með nýju regluverki, sprottnu frá Alþjóðagreiðslubankanum í Basel, svonefndum Basel III-reglum sem voru lögfestar hér á landi árið 2016. Fyrir áratug varð eiginfjárhlutfall bankanna að vera að lágmarki 8 prósent en nú, eftir innleiðingu fjögurra sérstakra eiginfjárauka, er gerð krafa um að hlutfallið sé í það minnsta 21 til 23 prósent. Í lok septembermánaðar á síðasta ári var eiginfjárhlutfall Arion banka 27,1 prósent, Íslandsbanka 22,7 prósent og hjá Landsbankanum 26,8 prósent.

„Eftir endurskipulagningu útlánasafna bankanna í kjölfar hrunsins eru söfnin líklega með þeim hreinustu í Evrópu. Við höfum heldur ekki séð neina óhóflega útlánaaukningu til heimila eða fyrirtækja og glímum ekki við miklar skuldir í þeim efnum, líkt og sum Evrópuríki, sem myndu að öðrum kosti kalla á hertar eiginfjárkröfur,“ segir Yngvi Örn.

Hlutfall vanskila af útlánum íslensku bankanna er með því lægsta sem þekkist í Evrópu og stóð í 1,7 prósentum í lok júní í fyrra. Til samanburðar var hlutfallið á sama tíma 46 prósent í Grikklandi. Engu að síður er vogunarhlutfall grískra banka að meðaltali um 12 prósent borið saman við 18 prósent á meðal íslensku bankanna.

„Eiginfjárstaða íslensku bankanna lítur afar vel út í erlendum samanburði en hversu langt eigum við að ganga í að herða kröfurnar? Við höfum byggt upp eitt dýrasta bankakerfi í Evrópu. Er fórnarkostnaðurinn þess virði?“ spyr einn viðmælandi Markaðarins sem starfar á fjármálamarkaði.

Már Guðmundsson seðlabankastjóri sagði í samtali við Markaðinn í desember í fyrra að bankakerfið þyrfti að búa við eiginfjárhlutföll sem gætu staðið af sér stór högg. „Við eigum í þeim efnum ekki alltaf að vera að bera okkur saman við evrópska bankakerfið sem hefur verið undirfjármagnað um langt skeið,“ sagði hann.

### Dýrara að miðla fjármagni

Starfsfólk Seðlabanka Svíþjóðar hefur viðurkennt að með því að framfylgja háum eiginfjárkröfum á banka geti það þýtt aukinn kostnað fyrir samfélagið vegna dýrari fjármögnunar og skerts aðgangs að lánum. Vega þurfi þann kostnað og meta gagnvart ávinningnum sem hlýst af því að búa við öruggt bankakerfi sem sé ólíklegra til þess að ganga í gegnum reglulegar hremmingar með tilheyrandi kostnaði fyrir skatt-

## Einn banki fjármagnaður með víkjandi lánum

Frekari útgáfa íslensku bankanna á víkjandi skuldabréfum, sem eru ódýrara fjármagn en hlutafé, væri til þess fallin að auka arðgreiðslugetu þeirra verulega á næstu árum og gera þá auk þess álitlegri fjárfestingarkost í augum fjárfesta.

Eiginfjárhlutfall viðskiptabankanna er nær eingöngu reist á almennu eigin fé þáttar eitt en útgáfa Íslandsbanka á víkjandi skuldabréfi, sem telst til viðbótareiginfjárþáttar eitt, í nóvember á síðasta ári, að virði ríflega 9 milljarða króna, er fyrsta útgáfan á slíkum bréfum sem íslenskur banki hefur selt á erlendum markaði í áratug.

Hinir bankarnir tveir, Arion banki og Landsbankinn, hafa báðir lýst því yfir að til greina komi að gefa út víkjandi pappír.

Að mati ráðgjafarfyrirtækisins IFS gæti Arion banki greitt út 79 milljarða króna í arð – og haldið eiginfjárhlutfallinu í 22,1 prósenti – með því að lækka almenna eiginfjárhlutfallið (CET 1) í 17 prósent og gefa út víkjandi skuldabréf.

**Við erum, út frá sjónarhóli fjármálastöðugleika, í mjög öfundsverðri stöðu.**

Gylfi Magnússon, dósent við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands



**Búast hefði mátt við að hreinsun efnahagsreikninga bankanna og minni vanskil myndu leiða til lægri eiginfjárkrafna.**

Yngvi Örn Kristinsson, hagfræðingur Samtaka fjármálafyrirtækja



# Fólk

Heimili

MIÐVIKUDAGUR 14. FEBRÚAR 2018



Uppskriftir að ljúffengum fiskréttum →4



Valentínus Hauksson hefur lengi fengið afmæliskveðjur á Valentínusardaginn, þrátt fyrir að eiga ekki afmæli fyrr en í mars. MYND/ERNIR

Hrein húsgögn fyrir vorið
Hreinsum stóla, sófa, dýnur, rúm, mottur og margt fleira.


Verum tímanlega í ár
Mygluþrif og lyktareyðing á öllum ökutækjum og oson-meðferð ef þess þarf.
Hreinsandi fyrir alla muni
Við erum á facebook
Eldshöfði 8, 110 Rvk. S: 577-5000

# Valentínus er ekki rómantískur

**Valentínusardagurinn er í dag. Valentínus Hauksson býst við að standa undir nafni þegar kemur að rómantík með sinni heittelskuðu.**

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@365.is



Ég er kannski ekki sá rómantískasti að eðlisfari en ég get vel leynt á mér," segir Valentínus sem á nú í fyrsta sinn kærustu á Valentínusardegi og reiknar með að standa undir nafni.

„Kærastan mín heitir Ester Elfa og er árinu yngri en ég. Við kynntumst þegar ég flutti í Hvalfjarðarsveitina í 8. bekk og byrjaði í Heiðarskóla," upplýsir Valentínus en þau Ester Elfa eru nú búin að vera saman í tíu mánuði.

„Þetta byrjaði sem ekki neitt. Mér fannst hún ekkert sérstök í fyrstu og verð nú örugglega í vondum málum, en maður þarf að segja sannleikann. Mér fannst Ester Elfa svakalega sæt en ég hélt að hún væri hundleiðinleg manneskja inn við beinið. Þar hafði ég svo sannarlega rangt fyrir mér og nú er hún orðin minn besti vinur og hefur blómstrað í huga mínum og hjarta," segir Valentínus og brosir sæll á degi elskenda.




Valentínus er jafnan kallaður Tinni. Hann kynntist kærustunni í Heiðarskóla í Hvalfjarðarsveit þegar hann bjó á bænum Þórisstöðum á unglingsárunum. MYND/ERNIR


# Innköllun á glútenlausu „Trafo Tortilla chili snakki“

Icepharma hefur, í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, ákveðið að innkalla Trafo Tortilla chili snakk þar sem það er merkt glútenlaust en inniheldur glúten.

Eftirfarandi upplýsingar auðkenna vörurnar sem innköllunin einskorðast við:

**Vöruheiti:** Trafo Tortilla chili snakk
**Strikanúmer:** 8712423019348
**Nettómagn:** 200 gr
**Lotunúmer:** 372150331 og 373330331
**Best fyrir:** 3.4.2018 og 29.7.2018
**Framleiðandi:** FZ Organic
**Dreifing:** Nettó verslanir, Kjörbúðin, Fjarðarkaup og Melabúðin.

Neytendur sem keypt hafa vöruna með framangreindri dagsetningu mega skila henni í verslanir þar sem varan var keypt eða til Icepharma, Lynghálsi 13, milli 8-16 alla virka daga.

Fullyrt er á umbúðum vörunnar að hún sé glútenlaus (e. gluten free) en til að mega nota þessa fullyrðingu við markaðssetningu á matvælum mega þau ekki innihalda meira en 20 mg/kg af glúteni. Við innra eftirlit framleiðanda hefur komið í ljós að „Trafo Tortilla chili snakk“ inniheldur meira en 20 mg/kg af glúteni og er hún því ekki örugg fyrir einstaklinga sem eru með ofnæmi eða óþol fyrir korni sem inniheldur glúten.

Tekið skal fram að varan er skaðlaus fyrir þá sem ekki eru viðkvæmir fyrir glúteni. Þeir neytendur sem eiga umrædda vöru og eru viðkvæmir fyrir glúteni eru beðnir um að neyta hennar ekki og farga eða hafa samband við Icepharma, Lyngháls 13, í síma 540 8000.

Nánari upplýsingar fást hjá Icepharma í síma 540-8000





Framhald af forsíðu ➪

Ætli ég leiti ekki rómantískra hugmynda úr bíómyndum sem ég hef séð, panta kannski góðan mat og æðislegan eftirrétt, og það er eins gott fyrir hana að gera eitthvað sætt fyrir mig á sjálfan Valentínusardaginn,“ segir hann og skellir upp úr.

## Vill vera kallaður Valentínus

Valentínus fæddist á Akranesi 1. mars 2001. Móðir hans er Aðalbjörg Alla Sigurðardóttir og faðir hans Haukur Sigurbjörnsson sem lést árið 2012. Fósturfaðir Valentínusar er Elvar Grétarsson.

„Ég er skírður eftir langalangafa mínum, Valentínusi Ólasyni sem var ættaður frá Hellissandi, og er fyrir löngu látinn,“ útskýrir Valentínus sem ber einn nafn forfeðra síns í fjölskyldunni. „Mér finnst nafnið mjög flott en geng oftast undir nafninu Tinni og því gleyma flestir að ég heiti Valentínus. Mamma byrjaði að kalla mig Tinna til að varna því að ég yrði kallaður gælunafninu Valli, sem henni hugnaðist ekki. Það festist svo við mig en ég ber Valentínusar-nafnið með stolti og hef alltaf viljað vera kallaður það, en það er kannski til of mikils mælst að vinir manns nenni að kalla mig það úr þessu.“

Valentínus ólst að mestu upp á Skaganum en móðurætt hans er úr Reykholtsdal í Borgarfirði.

„Við mamma erum miklir sveitamenn svo það var ákveðið að breyta til og prófa búskap á Þórisstöðum í Hvalfjarðarsveit. Þar bjuggum við í hálft fjórða ár og vorum með tvö svín, nokkrar hænur og lömb, en Þórisstaði kannast margir við sem tjaldsvæði og lítinn ferðamannastað,“ útskýrir Valentínus sem kunni einkar vel við sig í sveitasælunni.

„Ég uni mér vel einn og finnst eitt það besta sem ég veit að vera

> **Mamma byrjaði að kalla mig Tinna til varnar því að ég yrði kallaður gælunafninu Valli, sem henni hugnaðist ekki. Það festist svo við mig en ég ber Valentínusar-nafnið með stolti og hef alltaf viljað vera kallaður það.**

með sjálfum mér. En þótt maður sé einangraður í sveitinni er þar alltaf nóg fyrir stafni og manni leiðist aldrei, auk þess að vera innan um dýrin. Ég hefði glaður viljað búa lengur í sveitinni en það var alltaf planið að flytja aftur á Skagann þegar ég færi í framhaldsskóla,“ segir Valentínus sem er nú á fyrsta ári í rafvirkjun við Fjölbrautaskóla Vesturlands.

„Rafvirkjanámið er frábærlega skemmtilegt. Ég hélt það yrði miklu leiðinlegra og ætlaði mér að komast í gegnum skólann til að fara að vinna en allt við námið er virkilega spennandi. Það var líka skemmtileg uppákoma þegar ég hafði valið mér framhaldsskóla og sagði besta vini mínum að ég ætlaði á rafbrautina því þá kom í ljós að hann væri líka að fara á hana. Við vinirnir erum því saman í þessu, sem er meiriháttar gaman, en ég hef alltaf stefnt á að eignast mitt eigið fyrirtæki í rafvirkjun.“

## Fótboltinn orðinn alvarlegur

Valentínus segist fljótt hafa fengið að kenna á því að heita því nafni.

„Það byrjaði strax í 3. bekk þegar Hlöðver Már, minn besti vinur, óskaði mér til hamingju með afmælið á Valentínusardaginn. Það loddi við árum saman og ég fæ enn nokkrar afmæliskveðjur á Valentínusardaginn þrátt fyrir að eiga afmæli í mars. Ég hef alltaf tekið því góðlátlega enda finnst mér sjálfum fátt skemmtilegra en að grínast í öðrum,“ segir hann og brosir á þessum Valentínusar- og öskudegi sem stundum hefur borið upp á hans rétta afmælisdegi. „Þá gleymist maður enn og aftur og í fyrra fékk ég fleiri afmæliskveðjur á Valentínusardaginn en sjálfan afmælisdaginn,“ segir hann og hlær, en uppáhaldsöskudagsbúningar æskuáranna voru fótbolta- og ninjabúningar.

„Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á fótbolta og æfði í átta ár með ÍA. Ætli ég hafi ekki verið meðalmaður í boltanum en hætti þegar við fluttum í sveitina. Þar voru nokkur mörk sem ég gat skotið á mér til dægrastyttingar, en ég sakna þess enn að fara á fótboltamót. Nú er ég kominn á þann aldur að fótboltinn er orðinn svo alvarlegur. Ég vil spila hann upp á gamanið og áhugann og er væntanlega búinn að detta of langt aftur úr til að æfa með ÍA,“ segir Valentínus kankvís.

Senn styttist í sautjánda afmælisdaginn sem veitir rétt til bílprófs.

„Jú, ég er í Ökuskólanum en mér liggur ekkert á að fá bílprófið. Ég verð sáttur við að fá það fyrir sumarið,“ segir Valentínus sem vegna fjarlægða á erfitt með að hitta kærustuna á virkum dögum en þau reyna í staðinn að hittast um hverja helgi.

„Þá gerum við alltaf eitthvað skemmtilegt og þegar við eigum mánaðarafmæli förum við gjarnan út að borða á Galido. Á Skaganum er líka bíó og við eigum miða sem við bíðum eftir að geta notað. Akranes er mjög þægilegur staður og hvorki of mikið né of lítið af fólki. Hér er allt til alls til að eiga skemmtilegar og rómantískar stundir.“

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** 365 miðlar
**Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 | **Máté Dalmay,** mate@frettabladid.is, s. 512 5442 ,



MARAZZI
FLÍSAR
Marazzi
Flísaframleiðandinn Marazzi er einn af stærstu flísaframleiðendum í heimi og leiða þeir tæknilega þróun á Ítalska flísamarkaðnum.
Vandaðu valið, veldu Marazzi flísar.
STÆRÐIR 20mm.
50X100 RETT.
60X60 RETT.
75X150 RETT.
60X120 RETT.
30X120 RETT.
90X190 RETT.
75X75 RETT.
60X60 RETT.
30X60 RETT.
37,5X75 RETT.
15X15
21X18,2
7X28
VANDAÐU VALIÐ
Krókhálsi 4
110 Reykjavík
Sími 567 1010
www.parket.is
Opnunartímar: mán - fös kl. 9–18
og lau kl. 11–15
HARÐVIÐARVAL

# Fiskur eftir saltkjötsát

Flestir landsmenn hafa líklega borðað sig sadda af saltkjöti og baunum í gær. Væri ekki kærkomið að fá léttari mat í dag, öskudag? Það gæti verið góður fiskur eða ljúffeng fiskisúpa.

Þetta er mjög góður réttur með fersku kókosbragði. Uppskriftin miðast við fjóra.

## Lax með kókos og límónu

- 600 g laxaflak
- 1 msk. sesamolía
- 1 tsk. salt
- ½ tsk. pipar
- 50 g ferskt kókos (beint úr hnetunni ef hægt er)

**Jógúrtsósa**

- 2 dl grísk jógúrt
- 1 límóna, aðeins börkur
- 16 ferskir aspasstönglar
- 1 tsk. salt
- 200 g hrísgrjón
- 1 límóna

Hitið ofninn í 200°C. Blandið saman jógúrt og fint rifnum límónuberki. Setjið sósuna í kæli.
Fjarlægið skelina utan af kókoshnetunni og rífið hvíta kjötið niður með rifjárni.
Skerið laxaflakið í fjóra hæfilega bita og leggið á bökunarpappír á ofnplötu. Penslið fiskinn með sesamolíu og bragðbætið með salti og pipar. Dreifið kókos yfir bitana. Bakið fiskinn í 8 mínútur.
Sjóðið hrísgrjónin eftir leiðbeiningum. Skerið neðsta hlutann af aspasinum og sjóðið hann í söltuðu vatni í 4 mínútur.
Berið laxinn fram með aspas, jógúrtsósu, hrísgrjónum og nokkrum límónubitum.



Það er ýmislegt hægt að setja ofan á bakaðan lax, til dæmis rifinn kókos eins og er í uppskriftinni. Einnig má setja möndlur, kókos og kryddblöndu. Um að gera að nota hugmyndaflugið og útbúa gómsætan rétt fyrir fjölskylduna.

## Einföld fiskisúpa

Hér er mjög auðveld fiskisúpa sem tekur stuttan tíma að útbúa. Uppskriftin miðast við fjóra.

- 400 g þorskflak, bein- og roðlaust
- 2 kartöflur
- ½ sellerírót
- 1 laukur
- 2 gulrætur
- 3 msk. ólífuolía
- 1 fiskikraftsteningur
- 8 dl vatn
- 1,5 dl rjómi
- Nýmalaður pipar
- 2 msk. sítrónusafi

Skerið þorskinn í litla bita. Skrælið kartöflur og sellerírót, skerið síðan í bita. Skerið laukinn smátt og gulrót í strimla. Setjið olíu í pott og steikið kartöflur, sellerírót og lauk í nokkrar mínútur. Bætið út í vatni og fiskiteningi, látið malla í 10-15 mínútur. Þá er gulrótin sett út í og fiskurinn. Setjið þá rjómann í og bragðbætið súpuna með salti, pipar og sítrónusafa. Berið súpuna fram með góðu brauði.



Bragðgóð súpa með rækjum sem tilvalið er að elda þegar von er á svöngum gestum.

## Rjómalöguð rækjusúpa

Þetta er mjög bragðgóð súpa sem hentar vel ef gesti ber að garði. Uppskriftin er miðuð við fjóra.

- 1 kg stórar rækjur
- 2 laukar
- 4 gulrætur
- 1 blaðlaukur
- Hálf sellerírót
- 2 msk. olía
- 4 msk. tómatpuré
- 1 dl hvítvín
- 1 msk. koníak
- 2 lárviðarlauf
- 5 dl rjómi
- Salt og smá cayennepipar
- Sítrónusafi

**Olía með vorlauk**

- 2 vorlaukar
- 1 dl ólífuolía
- Salt

Skerið lauk, gulrót, blaðlauk og sellerírót í litla bita og steikið í olíunni í 2-3 mínútur. Bætið tómatpuré út í og eldið áfram í eina mínútu. Bætið hvítvíni og koníaki út í pottinn. Setjið þá kalt vatn þannig að nái upp yfir hálfan pott. Setjið lárviðarlauf með vatninu. Sjóðið í 20 mínútur. Bætið þá rjómanum við. Látið malla áfram þar til súpan þykknar. Bragðbætið með cayennepipar, salti og sítrónusafa.
Rækjurnar eru settar út í rétt áður en súpan er borin fram.
Setjið vorlauk og ólífuolíu og smávegis salt í matvinnsluvél. Sigtið olíuna.
Setjið súpuna á diska og bætið örlítilli vorlaukaolíu út í hana. Berið fram með brauði.

FLÍSAR...TEPPI...PARKET...DÚKAR...FLÍSAR...TEPPI...PARKET.
DÚKAR...FLÍSAR...TEPPI...PARKET...DÚKAR...FLÍSAR...TEPPI.



ÚTSALA

Þúsundir fermetra af flísum með
20%-70% afslætti

Verðdæmi:
Harðparket löng borð 9mm kr. 1.990 - m²
Teppi og dúkar 25-70% afsláttur
WC innb. kassi/skál/seta kr. 35.900

ÁLFABORG
Skútuvogi 6 - Sími 568 6755

PARKET...DÚKAR...FLÍSAR...TEPPI...PARKET...DÚKAR...FLÍSAR.
TEPPI...PARKET...DÚKAR...FLÍSAR...TEPPI...PARKET...DÚKAR.


Egill Árnason™
HARÐPARKET
PERGO®
Suðurlandsbraut 20
108 Reykjavík
Sími: 595 0500
www.egillarnason.is
Opnunartímar: mán - fös kl. 9–18 og lau kl. 11–15



## Ekki fá niðurgang á ferðalaginu

Margir ferðast til framandi landa á veturna, eins og Taílands, Víetnams, Kambódíu, eða jafnvel Afríkuríkja. Það er ekki skemmtilegt að fá í magann og sitja á klósettinu hálfa ferðina. Meltingarvandamál eru algeng hjá fólki sem hefur verið á ferðalagi. Bæði koma upp salmonellu- og kampýlóbaktertilfelli. Þegar fólk fær slíkar sýkingar má oftar en ekki rekja þær til ferðalaga, að því er danskur sérfræðingur, Gudrun Sandø, greinir frá í Jyllands-Posten. Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni er niðurgangur mjög algengur ferðatengdur sjúkdómur í þróunarlöndum.

Það er hægt að reyna að forðast sýkingar. Aldrei drekka kranavatn né heldur bursta tennurnar upp úr því. Aldrei þiggja ísmola í drykki. Sömuleiðis ætti að forðast mat sem hefur verið skolaður í vatni. Ef fólk ætlar að borða salat ætti að kaupa það í búð og skola upp úr flöskuvatni. Ekki ætti að borða salat af hlaðborðum og einnig er best að forðast niðurskorna ávexti. Hins vegar er hægt að borða banana, epli, ananas og appelsínur sem maður skrælir sjálfur. Þá ætti að forðast mat frá götusölum. Matur, sem er eldaður í gegn, ætti að vera í lagi að neyta.

Matur á hlaðborðum getur verið varasamur þar sem margar hendur koma að honum. Þá þarf fólk að vera passasamt með eigin hendur. Þær gætu hafa snert ýmsa staði þar sem bakteríur setjast að, til dæmis í strætisvögnum eða snert klósetthandfang til að sturta niður. Þar er einmitt mikið af alls kyns bakteríum. Gætið að því að þvo hendur oft með sápu og vatni. Ágætt ráð er að hafa handspritt með sér með að minnsta kosti 60% alkóhóli.



Aloe vera.

## Heimagert handspritt

Sótthreinsandi krem með aloe vera geli fer vel með hendurnar.

**3 msk. aloe vera gel**
**1 msk. sótthreinsispritt**
**½ tsk. E-vítamínolía**
**16 dropar tea tree ilmkjarnaolía**
**8 dropar lavender ilmkjarnaolía**

Blandið öllu saman í skál. Geymið í krukku með loki eða í plastíláti sem sprauta má úr.

## Viðburðir í vetrarfríinu

Vetrarfrí verður í flestum grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu næstu daga. Fjölmargir skemmtilegir og ókeypis viðburðir eru í boði fyrir börn og foreldra sem er tilvalið að nýta sér. Meðal viðburða má nefna ritsmiðju fyrir 8-12 ára börn á Kjarvalsstöðum 15.-16. og 17.-18. febrúar í tengslum við sýninguna Myrkraverk.

Bókasafn Kópavogs býður að venju upp á fjölbreytta dagskrá. Dagana 19.-20. febrúar verður m.a. boðið upp á bíósýningar, myndasögustund með Lóu Hlín Hjálmtýsdóttur og skákkennslu.

Borgarbókasafn býður einnig upp á fjölbreytta dagskrá á söfnum sínum víða um borg. Þar má m.a. nefna Tilraunaverkstæðisfjör í Menningarhúsinu Árbæ þann 15. febrúar frá kl. 13-15, skemmtilega hljóðfærasmiðju í Menningarhúsinu í Grófinni sama dag frá kl. 14-16 og spiladag í Menningarhúsinu Gerðubergi sem haldinn er bæði 15. og 16. febrúar.

Menningarhúsið Spönginni býður upp á vetrarfrísföndur dagana 15.- 16. febrúar og verða föndurefni, tæki og tól á staðnum fyrir gesti.

Bókasafn Garðabæjar býður upp á fjölbreytta dagskrá dagana 19.-23. febrúar, þar á meðal bíósýningar og föndursmiðjur þar sem krökkum verður kennt mandala föndur, að búa til origami bókamerki og perlur.

Nánari upplýsingar má t.d. finna á vefjum bókasafna, annarra safna og hjá sveitarfélögum.



Kjarvalsstaðir.




# Smáauglýsingar

**512 5000**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

SUZUKI



Suzuki mótorhjól Komdu og kíktu við í sýningarsal Suzuki. Ýmislegt spennandi til, sjón er sögu ríkari.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

VAKA



Öruggir Vinnuvéla-Lyftara og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

**Vaka**
**Skútuvogi 8, 104 Reykjavík**
**Sími: 567 6700**
**24 tíma þjónusta**
**http://www.vakahf.is**

STÓRA BÍLASALAN



**100% LÁN**
TOYOTA Yaris DÍSEL Sjálfskiptur. Árgerð 2006, ekinn 194 Þ.KM. Verð 650.000. Rnr.150328.



**100% LÁN**
SUBARU Impreza. Árgerð 2008, ekinn 205 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 580.000. Rnr.150371.



**100% LÁN**
TOYOTA Yaris. Árgerð 2007, ekinn 185 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 550.000. Rnr.150280.



**100% LÁN**
TOYOTA Corolla. Árgerð 2005, ekinn 199 Þ.KM, 5 gírar. Nýskoðaður '19. Verð 450.000. Rnr.136788.

**Stóra bílasalan**
**Klettháisi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

BRAUT BÍLASALA



VW Golf highline bensin metan. Árgerð 2017, ekinn 17 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 7 gírar. Verð 3.290.000. Rnr.105139.



**FRÁBÆRT VERÐ SÁ FLOTTASTI.**
HYUNDAI Santa Fe Premium panorama Árgerð 2017 nýr bíll dísel sjálfskiptur 6.Gírar hljóðkerfi lykillaust aðgengi árekstrarvari bíll hlaðin búnaði Tilboðsverð 7.390.000.- Raðnr.105080. Örfáir bílar til á þessu verði

## Snyrti & nuddstofan Smart

Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ



**Tilboð**

**Indverskt höfuð og andlitsnudd, litun og plokkun á augabrúnir**
***á aðeins 5.500.-***

***Verið hjartanlega velkomin.***

Tímapantanir í síma 789 3031 & 897 3035, helgasig2@gmail.com
eða á facebook síðu: Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

Ef þú ert með
rétta starfið
— erum við með
réttu manneskjuna

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

www.capacent.is

## RÁÐGJÖF

Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs.

## RÁÐNINGAR

Starfsmenn eru lykill að árangri allra fyrirtækja.

## RANNSÓKNIR

Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari



**Intellecta** er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

**Intellecta ehf.** Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta



**NÝR BÍLL.**
Tilboðsverð aðeins kr 3,290,000.- SSANGYONG Tivoli dlx 4x4 7" skjár og bakkmyndavél nýr bíll. Árgerð 2017, ekinn -1 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. Rnr.104955.



**NÝR BÍLL.**
Tilboðsverð aðeins kr 3,290,000.- SSANGYONG Tivoli dlx 4x4 7" skjár og bakkmyndavél nýr bíll. Árgerð 2017, ekinn -1 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. Rnr.104940.

**Braut Bílasala**
**Bíldshöfða 3, 110 Reykjavík**
**Sími: 587 6600**
**bilabraut@bilabraut.is**
**www.bilabraut.is**

## Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Varahlutir

Startarar & alternatorar
í bíla, báta og vinnuvélar



Bílaraf
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is

## Viðgerðir

Almennar bílaviðgerðir. Sérgrein bremsuviðgerðir. Renni diska og skálar. Fljót og góð þjónusta. Bergfinnur ehf. 892 7852

# Þjónusta

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn þvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

k2
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

**ALHLIÐA FASTEIGNAVIÐHALD**
- *MÚRVINNA*
- *FLÍSALAGNIR*
- *SMÍÐAVINNA*
- *MÁLNINGARVINNA*

*TILBOÐ ÞÉR AÐ KOSTNAÐARLAUSU !*
**Uppl. í s: 788 8870 eða verk@murumogsmidum.is**
**Múrum og smíðum ehf**

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

## Spádómar

**SÁ SÍMASPÁ Í 844 6845**
Spáir í spil og bolla . Símaspá, Einkaspá. Geymið auglýsinguna. Er á facebook

## Múrarar

**MÚRARAR**
Getum bætt við okkur stórum og smáum verkefnum strax. Allt almennt múrverk.

Flotun, flísalagnir, steypuvinna og.fl. Fagmenntaðir Íslenskir fagmenn

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# Keypt & Selt

## Til sölu



Tilvalin fermingargjöf!
**BENSÍNSVESPA**
Engin trygging! Ekkert próf!
**Kr. 229.900,-**
NITRO
Nitró - Urðarhvarfi 4 - 557 4848 - nitro.is

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
jonogoskar.is s.552-4910

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# Heimilið

## Barnavörur

Barnið Okkar



**VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI + SKIPTITASKA**
Verð frá 99.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. barnidokkar.is

# Húsnæði

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www. geymslur.is

# Atvinna

## Atvinna í boði

Heimaás

**KRANAMAÐUR / BYGGINGARVINNA**
Heimaás óskar eftir að ráða kranamann í byggingarvinnu.

Nánari uppl. í s. 8956820 Guðmundur

Heimaás

**NEMI Í HÚSASMÍÐI**
Heimaás óskar eftir að ráða nema á samning í húsasmíði.

Nánari uppl. í s. 8956820 Guðmundur

heimaas@heimaas.is merkt "atvinna"

**SMÍÐAVINNA!**
Getum bætt við okkur verkefnum. Fjölbreytt vinna. Uppl. í s. 899 4819

## Atvinna óskast

**SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR- LAGERSTARFSMENN**
Erum með vana smiði,verkamenn, múrara, pípara og lagerstarfsmenn sem eru klárir í mikla vinnu.

HANDAFL STARFSMANNAVEITA s. 780 1444

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000**
**Netfang proventus@proventus.is**



Ný tækifæri, nýjar áskoranir!

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

Vissir þú að...
Barnaheill
Save the Children á Íslandi
börn eiga rétt að leika sér

**Vísir hf. óskar eftir vélaverði til afleysingar á Fjölni GK 1136. Fjölnir er línuveiðiskip með beitningarvél.**
Nánari upplýsingar um borð í síma 856 5735 eða 851 2215, hjá skipstjóra í síma 896 2825 eða á heimasíðu Vísis
**www.visirhf.is**
VÍSIR

Skipulagsstofnun

## Mat á umhverfisáhrifum

**Athugun Skipulagsstofnunar**

### Kirkjugarður í hlíðum Úlfarsfells, Reykjavík

Reykjavíkurborg hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um landmótun kirkjugarðs í hlíðum Úlfarsfells.

**Kynning á frummatsskýrslu:** Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá **14. febrúar til 3. apríl** á eftirtöldum stöðum: Þjóðarbókhlöðu og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar www.skipulag.is.

**Athugasemdafrestur:** Allir geta kynnt sér frummatsskýrsluna og lagt fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en **3. apríl 2018** til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á skipulag@skipulag.is.

**SMIÐIR - VERKAMENN – MÚRARAR – LAGERSTARFSMENN**
Erum með vana smiði,verkamenn, múrara, pípara og lagerstarfsmenn sem eru klárir í mikla vinnu.
**HANDAFL STARFSMANNAVEITA s. 780 1444**




greiðendur. Í því augnamiði leggur seðlabankinn reglulega mat á hvert hæfilegt eiginfjár- og vogunarhlutfall sænskra banka eigi að vera. Í minnisblaði starfsmanna bankans frá því í maí á síðasta ári var til dæmis lagt til að vogunarhlutfallið yrði á bilinu 5 til 12 prósent, en það er sem stendur að meðaltali tæplega 5 prósent.

Minni umræða hefur hins vegar verið hér á landi um þann samfélagslega kostnað sem felst í auknum kröfum um eiginfjárbindingu banka.

Yngvi Örn segir að háar eiginfjárkröfur og íþyngjandi skattlagning veiki samkeppnisstöðu bankanna gagnvart erlendum lánveitendum, en hlutur þeirra er um þriðjungur af heildarlánum til innlendra fyrirtækja, og ýti undir skuggabankastarfsemi. Nýjum reglum um auknar eiginfjárkröfur hafi verið ætlað að tryggja að bankar hafi burði til þess að mæta áföllum. Ef þær leiði hins vegar til þess að starfsemin færist að hluta til lánveitenda sem reglurnar taka ekki til verði hagkerfið óvarið fyrir áföllum að því marki.

Yngvi Örn segir það auk þess skjóta skökku við að Fjármálaeftirlitið, sem ákvarði eiginfjárauka og viðbótareiginfjárkröfur bankanna, skuli ganga lengra í beitingu eiginfjáraukanna en önnur ríki á Evrópska efnahagssvæðinu sem við berum okkur gjarnan saman við. „Eiginfjáraukum er fyrst og fremst beitt vegna kerfislægra ástæðna og áhættuþátta í efnahagslífinu. Ég sé ekki hvað réttlætir það að við séum í efri mörkum, miðað við önnur Evrópuríki, í beitingu þessara stjórntækja. Við ættum fremur að vera í lægri mörkunum.“

### Vanskilalán evrópskra banka sem hlutfall af útlánum




### Vogunarhlutfall íslenskra og evrópskra banka




### Ísland í öfundsverðri stöðu

Gylfi Magnússon, dósent við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, segir eiginfjárhlutfall banka alltof lágt, sérstaklega í Evrópu. „Það er krónískt vandamál sem stjórnvöld þar hafa ekki getað ráðið fram úr. Við gátum hins vegar stofnað bankana með þetta háu eiginfjárhlutfalli á sínum tíma og við eigum að halda því. Við erum, út frá sjónarhóli fjármálastöðugleika í mjög öfundsverðri stöðu,“ segir hann.

Gylfi segir það misskilning að hátt eiginfjárhlutfall bankanna geri það að verkum að lánveitingar þeirra verði dýrari og bankarnir sjálfir ekki eins samkeppnishæfir. „Þetta þýðir það að þeir sem eiga eigið fé í bönkum eiga mjög örugga eign og geta gert tiltölulega lága kröfu um ávöxtun á henni. Krafan er auðvitað hærri en sem gerð er til öruggra ríkisskuldabréfa, en hún er engu að síður lág. Þetta ætti ekki að bitna á viðskiptavinunum, heldur þýðir bara að bankarnir verða mjög stöðugar og öruggar stofnanir sem hætta fyrst og fremst eigin fé en ekki fé annarra. Þannig viljum við hafa það.“

Að mati Gylfa er „óskóp eðlilegt að banki sé fjármagnaður með einum fjórða af eigin fé. Bankarnir eru nálægt því eins og er. Það er engin sérstök ástæða til þess að tappa af þessu fé. Ríkið þarf ekki á peningunum að halda því ríkið á megnið af eigin fé bankanna.“

### Meiri eiginfjárbinding

Ekki er nóg með að eiginfjárhlutfall íslensku bankanna sé umtalsvert hærra en það sem gengur og gerist á meðal evrópskra banka, heldur gerir aðferðin, sem íslensku bankarnir nota til þess að reikna hlutfallið út, það að verkum að þeir þurfa að binda mun meira eigið fé en evrópskir bankar til þess að ná fram sama eiginfjárhlutfalli. Með upptöku þeirrar aðferðar sem notuð er víðast hvar í Evrópu, svonefndrar innramatsaðferðar, gæti eiginfjárþörf íslensku bankanna dregist verulega saman.

Stóru viðskiptabankarnir þrír hafa það allir til skoðunar að taka upp slíka aðferð, en það er háð samþykki Fjármálaeftirlitsins og gæti það tekið bankana í það minnsta þrjú ár að öðlast slíkt samþykki.

Eiginfjárhlutfall banka er reiknað sem hlutfall eigin fjár af eignum á áhættugrunni. Að jafnaði eru tvær aðferðir notaðar til þess að leggja mat á áhættugrunn eigna: staðalaðferð, sem íslensku bankarnir nota, og innramatsaðferð, sem flestir bankar í Evrópu notast við. Samkvæmt staðalaðferðinni er áhættugrunnurinn fenginn með því að vega eignir bankanna með áhættuvogum í samræmi við sérstakan Basel-staðal.

Síðari aðferðin byggist hins vegar á því að bankarnir meta sjálfir áhættu af útlánum og öðrum eignum með líkönum sem þeir hafa smíðað og hlotið hafa blessun stjórnvalda. Bankarnir notast þá við mismunandi áhættuvogir, allt eftir því hversu áhættusamar eignir er um að ræða, og geta þannig lækkað eiginfjárbindingu sína á áhættulitlum eignum en hækkað á móti eiginfjárbindingu á áhættumeiri eignum. Svigrúm bankanna til þess að meta áhættu af útlánum – og þar með eiginfjárþörf sína – er þannig ríkt.

Eftir því sem hlutfall áhættuvoganna – og þar með áhættugrunnsins – af heildareignum banka er lægra dregur úr eiginfjárþörf bankans. Umrætt hlutfall er afar hátt á meðal íslensku bankanna, eða að meðaltali um 70 prósent, á meðan það er á bilinu 25 til 40 prósent að meðaltali á meðal stærstu bankanna á Norðurlöndunum. Sem dæmi lækkaði hlutfallið verulega hjá stærstu bönkum Svíþjóðar eftir að þeir tóku upp innramatsaðferðina árið 2007. Fór það úr 50 prósentum í 25 prósent árið 2017.

Lægri áhættuvogir leiddu til hækkandi eiginfjárhlutfalls á meðal sænsku bankanna en það fór úr 6 prósentum árið 2006 í 17 prósent sjö árum síðar. Á sama tíma hélst vogunarhlutfallið hins vegar nokkuð stöðugt í fjórum prósentum.

### Staðalaðferð víða gagnrýnd

Yngvi Örn segir að munurinn á hlutfalli áhættuveginna eigna af heildareignum á milli norrænu og íslensku bankanna þýði að fyrrnefndu bankarnir þurfi að binda mun minna eigið fé en innlendir bankar til þess að ná fram sama eiginfjárhlutfalli. „Ástæðan er fyrst og fremst sú að norrænu bankarnir beita innramatsaðferðinni en íslensku bankarnir staðalaðferðinni. Fyrri aðferðin skilar mun lægri áhættuvogum.“

Í raun sé eiginfjárþörf norrænu bankanna um helmingur af þörf íslensku bankanna eins og hún er reiknuð út í staðalaðferðinni.

„Í sumum tilfellum hafa eftirlitsaðilar í Evrópu metið það svo að bankar sem nota innramatsaðferðina hafi gengið of langt í að lækka áhættuvogir sínar. Einstök ríki, þar á meðal nágrannaríki okkar, hafa sett sérstök gólf sem áhættuvogirnar mega ekki fara undir og eru slík gólf til að mynda hluti af Basel IV-regluverkinu sem samþykkt var í desember. Þau gólf eru samt sem áður talsvert fyrir neðan viðmiðin í staðalaðferðinni,“ segir Yngvi Örn.

Þrátt fyrir að mikil gagnrýni hafi beinst að því hvernig sumir evrópskir bankar nota innramatsaðferðina markvisst til þess að lækka áhættuvogir sínar, þá er engu að síður talið að sú aðferð gefi réttari mynd af eiginfjárstöðu banka en staðalaðferðin. Ráðgjafarfyrirtækið Oliver Wyman hvatti til dæmis íslensk stjórnvöld fyrir fáeinum árum til þess að leyfa bönkunum að nota innramatsaðferðina til þess að meta eiginfjárþörf sína. Áhættuvogir bankanna, samkvæmt staðalaðferðinni, væru í mörgum tilvikum of háar.

Arion banki tók fram í nýlegri skuldabréfalýsingu að möguleiki væri á því að bankinn myndi koma frekara skikki á fjármagnsskipan sína með því að lækka hlutfall áhættuveginna eigna af heildareignum bankans. Samkvæmt heimildum Markaðarins minntist Kvika, ráðgjafi Kaupþings við söluferli Arion banka, á þessi áform bankans í viðræðum sínum við lífeyrissjóðina um möguleg kaup þeirra í bankanum og sagði þau auka svigrúm bankans til þess að greiða út frekari arð í framtíðinni.

Arion banki hefur auk þess bent á – í skeytum sínum til Fjármálaeftirlitsins – að eiginfjárkrafa samkvæmt staðalaðferðinni sé „varfærin“. Aðferðin skekki einnig samkeppnisstöðu bankans. „Erlendir bankar lána til íslenskra fyrirtækja en samkvæmt niðurstöðu FME eru lán til þeirra áhættusamari en önnur. Mun Arion banki binda meira eigið fé en keppinautar sínir fyrir sömu fyrirgreiðslu. Biður bankinn FME um að íhuga að slíkt fyrirkomulag muni torvelda bankanum að verja bestu eignir sína fyrir erlendum keppinautum því það mun veikja bankann,“ sagði meðal annars í umsögn bankans til FME síðasta haust.

## Gjörbreytt umhverfi eftir fjármálakreppu

Fjármálakreppan sem skók hinn vestræna heim fyrir nær áratug leiddi til gagngerrar endurskoðunar á reglugerðarverki banka, ekki síst með það að markmiði að herða á lágmarkskröfum um eigið fé þeirra.

Með nýju regluverki, sprottnu frá Alþjóðagreiðslubankanum í svissnesku borginni Basel, svonefndum Basel III-reglum, voru kröfur um annars vegar lágmarks eigið fé og hins vegar gæði eigin fjár hertar verulega.

Í áðurgildandi reglum, sem kenndar eru við Basel II, var gerð krafa um að eiginfjárhlutfall evrópskra banka, þar með talið íslenskra, yrði að lágmarki 8 prósent en með Basel III reglunum, sem litu fyrst dagsins ljós í lok árs 2010 en voru lögfestar hér á landi árið 2016, voru innleiddir í evrópska löggjöf fjórir sérstakir eiginfjáraukar – verndarauki, hagsveifluauki, kerfisáhættuauki og auki vegna kerfislegra mikilvægra banka – sem geta hækkað lágmarkseiginfjárkröfuna um allt að 12,5 prósentustig.

Umræddir aukar bætast við 8 prósenta lágmarkseiginfjárgrunn og eru til viðbótar við svonefnda Pillar II-eiginfjárkröfu sem eftirlitsstjórnvöld í hverju landi, í tilfelli Íslands Fjármálaeftirlitið, gera til bankanna.

Afleiðingin er sú að eiginfjárhlutfall stóru íslensku bankanna þriggja þarf nú að lágmarki að vera á bilinu 21 til 23 prósent. Því til viðbótar bætist sérstakur eiginfjárauki, stjórnendaauki sem bankarnir setja sér sjálfir, sem er allt að 1,5 prósent. Fjármálaeftirlitið ákveður, samkvæmt tilmælum fjármálastöðugleikaráðs, hvað hinir eiginfjáraukarnir skuli vera háir að undanskildum verndaraukanum sem miðast við fasta hlutfallið 2,5 prósent.

Væntingar um að slakað yrði á eiginfjárkröfum til bankanna samhliða því að draga myndi úr óvissu í íslensku fjármálakerfi, eftir því sem lengra leið frá fjármálakreppunni, hafa ekki gengið eftir. Þess í stað hafa kröfurnar verið hertar.

Munu nýjar Basel-reglur, kenndar við Basel IV, sem samþykktar voru í desember á síðasta ári en taka þó ekki gildi fyrr en á árunum 2022 til 2027, gera enn ríkari kröfur til gæði eigin fjár evrópskra banka og leiða til þess að bankar þurfa að auka við eigið fé sitt sem nemur samanlagt 40 milljörðum evra, samkvæmt mati sérfræðinga UBS bankans.

# Netverslun – hvað þarf að hafa í huga?



**Guðmundur Tómas Axelsson**
framkvæmdastjóri WebMo Design

Netverslun hefur verið að sækja í sig veðrið undanfarin ár. Samkvæmt þjóðarpúls Gallup keyptu rúmlega 40 prósent landsmanna jólagjafir á netinu fyrir síðustu jól. Er þetta töluverð aukning frá árinu áður og ljóst er að bæði innlend og erlend netverslun eykst ár frá ári. Íslensk verslun á sem aldrei fyrr í samkeppni við erlenda verslun. Nú eru það ekki einungis utanlandsferðir landans sem verslanir þurfa að hafa áhyggjur af heldur einnig stóraukin erlend netverslun. Þessi þróun hlýtur að vekja verslanir til umhugsunar og eru margar líklega nú þegar lagðar af stað til að taka þátt í henni.

Í boði eru ýmsar lausnir, sérsmíðaðar sem og fullbúnar alþjóðlegar lausnir (t.d. Shopify, Woocommerce, Magento, BigCommerce o.fl.), sem eru í stöðugri þróun. Hvað þarf hins vegar að hafa í huga þegar kemur að því að velja lausn fyrir netverslun? Þarfir eru ólíkar og áður en lausn er valin þarf meðal annars að skoða eftirfarandi atriði:

**Kostnaður**
Hvað hefur fyrirtækið mikið fjármagn í að þróa og reka vefverslun? Það er til dæmis almennt ódýrara að velja fullbúna vefverslunarlausn en sérsmíðaða.

**Tækniþekking**
Hversu mikilli tækniþekkingu býr fyrirtækið yfir? Þeim mun meiri tækniþekking, þeim mun meiri geta til að takast á við flóknari lausnir.

**Notendaviðmót**
Hversu notendavæn er lausnin? Notendaviðmótið er oftast það sem gefur vefverslunum forskot á markaði. Betri upplifun notenda ýtir undir sölu og viðskiptatryggð. Hins vegar kostar slík þróun peninga.

**Þjónusta**
Hversu góð er þjónusta fyrirtækisins sem þróar netverslunina? Fyrirtæki sem þróa og sérsmíða eigin lausnir bjóða upp á fulla þjónustu en fullbúnar staðlaðar lausnir bjóða oft upp á takmarkaða þjónustu, ekki nema að það sé milligönguaðili sem þjónustar lausnina.

**Sveigjanleiki og aðlögun**
Er hægt að laga lausnina að þörfum fyrirtækisins hvað varðar útlit, uppsetningu o.fl.? Þeim mun meira sem fyrirtækið aðlagar lausnina sínum þörfum, þeim mun líklegra er að það þurfi að búa yfir góðri tækniþekkingu eða treysta á góða tækniþjónustu. Auk þess sem kostnaður verður meiri.

**Hraði og öryggi**
Hversu hröð og örugg er vefverslunin? Flestar fullbúnar lausnir bjóða upp á hýsingu og stýra auk þess öryggismálunum. Ef fyrirtækið er með sérþarfir hvað þetta varðar, henta hugsanlega sérsmíðaðar lausnir betur.



**Nú eru það ekki einungis utanlandsferðir landans sem verslanir þurfa að hafa áhyggjur af heldur einnig stóraukin erlend netverslun. Þessi þróun hlýtur að vekja verslanir til umhugsunar.**

**Binding**
Ef fyrirtækið velur fullbúna lausn þá er líklegt að það geti skipt um þjónustuaðila á einfaldan hátt þar sem margir þjónustuaðilar sérhæfa sig í lausninni. Með sérsmíðaða lausn er fyrirtækið í raun og veru fast hjá sama þjónustuaðilanum ef upp kemur óánægja.

**Leitarvélabestun og stafræn markaðssetning**
Þær lausnir sem eru í boði eru misvel þróaðar fyrir leitarvélabestun og stafræna markaðssetningu. Sum kerfi bjóða til dæmis upp á einfaldar tengingar við samfélagsmiðla eins og Facebook og Instagram.




# Netflix veðjar á mikinn vöxt á streymismarkaði



**Björn Berg Gunnarsson**
fræðslustjóri Íslandsbanka

Netflix varði um 1.000 milljörðum króna í sjónvarpsefni á síðasta ári. Það jafngildir 8.000 krónum á hvern áskrifanda. Þrátt fyrir talsverðan útgjaldavöxt vaxa tekjurnar einnig hratt og það líst markaðsaðilum vel á. Frá áramótum hefur hlutabréfaverðið hækkað um þriðjung og tífaldast undanfarin fimm ár.

Nú eru spennandi tímar á streymismarkaðinum og alls óvíst hvernig þróunin verður næstu misserin. Facebook hefur tilkynnt að um 100 milljörðum króna verði varið til gerðar sjónvarpsefnis á þessu ári og Amazon setur stefnuna á 800 milljarða, sem er tæplega tvöföldun frá síðasta ári. Þar að auki verður afar áhugavert að fylgjast með áformum Disney, en með kaupunum á 21st Century Fox fylgir 30% eignarhlutur í streymisveitunni Hulu, sem bætist við þau 30% sem félagið á nú þegar. The Handmaid's Tale er meðal þess sjónvarpsefnis sem Hulu eyddi 250 milljörðum króna í á síðasta ári og vakti mikla lukku og ef Disney hefur áhuga á að nýta sér veituna getum við bókað að sú upphæð mun hækka. Með öll þessi vörumerki, Disney, Pixar, Marvel, Star Wars, ESPN, Simpsons o.fl., verður Disney án alls vafa risi á streymismarkaðnum, hvort sem Hulu verður dreifileiðin eða einhver ný og spennandi veita. Samkeppnin er því að aukast til muna og áhersla Netflix á hraðan vöxt ætti ekki að koma á óvart.

Töluverð áhætta er þó falin í þessum hraða vexti sem krefst mikillar skuldsetningar og er sjóðstreymi

**Töluverð áhætta er þó falin í þessum hraða vexti sem krefst mikillar skuldsetningar og er sjóðstreymi fyrirtækisins afar neikvætt.**

**23**

**milljónir nam fjölgunin í nýjum áskrifendum að Netflix á árinu 2017.**

fyrirtækisins afar neikvætt, um 200 milljarðar króna á síðasta ári og reiknað er með að gengið verði á um 300-400 milljarða í reiðufé í ár. Ef fyrirtækið heldur áfram að vaxa svona hratt er það í góðu lagi. En það er ansi stórt „ef“ þegar litið er til samkeppninnar.

Bestu tækifærin til vaxtar liggja utan Bandaríkjanna. Áskrifendum fjölgaði um 23 milljónir á síðasta ári, þar af voru 80% vaxtarins utan heimamarkaðar og nú er minnihluti viðskiptavina Netflix í Bandaríkjunum. 120 milljónir viðskiptavina virðast í dag til í að greiða fyrir áskrift að Netflix, en hvað ætli gerist árið 2018? Er raunhæft að hvort tveggja fjölgi áskrifendum og að þeir séu tilbúnir að greiða fyrir fleiri veitur?

EINGÖNGU Á NETINU

# Vinsælustu vörurnar




























MYNDFORM GRAFÍK

**Hirzlan**heimili.is

**Netverslun**

*Lágt verð alla daga*

**Afhendingartími 4-6 vikur**

# Skotsilfur

## Skrifar um Ísland



Norðmaðurinn **Svein Harald Øygard,** sem var tímabundið skipaður seðlabankastjóri árið 2009, er þessi misserin að skrifa bók um endurreisn Íslands eftir fjármálakreppuna sem reið yfir landið fyrir áratug. Hann hefur ferðast mikið til landsins vegna skrifanna og tekið viðtöl við tugi Íslendinga í tengslum við bókina. Er hann langt kominn með bókina að því er heimildir Markaðarins herma. Steingrímur J. Sigfússon, þáverandi fjármálaráðherra, skipaði Norðmanninn tímabundið í embætti seðlabankastjóra í febrúar 2009 en Már Guðmundsson tók við embættinu aðeins hálfu ári síðar.

## Stóra fléttan



Margir telja víst að aðkoma Kviku fjárfestingabanka að söluferli Arion banka, en fyrrnefndi bankinn er sem kunnugt er ráðgjafi Kaupþings í ferlinu, sé fyrsta skrefið í áttina að því að bankarnir tveir sameinist áður en langt um líður. Við blasir að **Ármann Þorvaldsson**, forstjóri Kviku og áður framkvæmdastjóri Kaupþings Singer & Friedlander, verði þá bankastjóri sameinaðs banka. Miklar hræringar eru fram undan á bankamarkaði á næstu árum samhliða því að eignarhaldið færist úr höndum ríkisins. Bankakerfið þykir dýrt og óhagkvæmt og þá er talið fullvíst að stórkostlegar tæknibreytingar muni leiða til þess að afkoma banka af viðskiptabankastarfsemi muni rýrna stórlega. Við því þurfa bankarnir að bregðast.

## Guðjón til Arion



**Guðjón Kjartansson**, sem starfað hefur síðustu ár hjá ráðgjafarfyrirtækinu Stöplum Advisory, hefur verið ráðinn til fyrirtækjaráðgjafar Arion banka. Guðjón hefur yfir áratugar reynslu af störfum á fjármálamarkaði, mestmegnis við fyrirtækjaráðgjöf. Hann starfaði meðal annars í fyrirtækjaráðgjöf MP banka á árunum 2011 til 2016 en þar áður var hann hjá Sögu fjárfestingarbanka og Auði Capital.

# Barclays ákærður öðru sinni vegna Katarláns




Breska efnahagsbrotadeildin hefur ákært breska bankann Barclays öðru sinni í tengslum við tólf milljarða punda lán sem fjárfestar í Katar veittu bankanum í fárviðri fjármálakreppunnar árið 2008. Ákærur höfðu áður verið lagðar fram gegn bankanum í júní á síðasta ári. NORDICPHOTOS/GETTY

# Raunvextir á krossgötum



**Agnar Tómas Möller**
framkvæmdastjóri Sjóða hjá GAMMA

Nýjasta tölublað tímaritsins Vísbendingar inniheldur fróðlega grein eftir Gylfa Magnússon, dósent við hagfræðideild Háskóla Íslands. Þar rekur hann meðal annars þróun raunvaxtastigs á Íslandi og veltir upp áhrifum lægri raunvaxta og mikils innlends sparnaðar, á þróun lífeyriskerfisins og fjármálamarkaðanna. Í grein Gylfa kemur m.a. fram að raunvextir voru hérlendis um 6% á sjöunda áratug 20. aldarinnar og fóru þá lækkandi. Eftir að Ólafslög voru sett 1979, sem kváðu á um almenna heimild til verðtryggingar fjárskuldbindinga, hækkuðu raunvextir mikið, eða um og yfir 9%, enda hafði peningalegur sparnaður landsmanna minnkað eftir áratuga langa skömmtun lána og handstýrða neikvæðra raunvaxta. Síðan þá hafa raunvextir langra ríkisskuldabréfa verið í hægfara lækkunarfasa. Á árunum fyrir fjármálahrun voru þeir um 4%, og hafa svo einkum seinustu ár lækkað nokkuð hratt og eru nú um og undir 2%.

Í nýlegri rannsóknargrein sem ber heitið „The rate of everything, 1870-2015“ hefur verið safnað saman gögnum sem lýsa með nákvæmum hætti verðþróun helstu eignamarkaða 16 iðnríkja frá 1870 til 2015, þar á meðal raunvaxtaþróun. Þar kemur fram að mjög neikvæðir raunvextir eru síður en svo einsdæmi á seinustu 150 árum, og jafnframt að sams konar þróun hefur átt sér stað erlendis líkt og hér. Langtímaraunvextir umræddra ríkja hafa hægt og rólega verið að síga úr um 7-8% á níunda áratugnum, niður í um -0,5% að meðaltali í dag. Í því sambandi má nefna aðra áhugaverða nýlega ritgerð, „Eight centuries of the risk free rate“, hvar niðurstöður benda til að raunvextir kunni að hafa verið í samfelldum lækkunarfasa frá 14. öld! Í það minnsta hefur meðaltal raunvaxta hverrar aldar verið lægra en þeirrar á undan og þeim kröftum sem einkum knýja lægri raunvexti virðist vera að vaxa ásmegin. Má þar nefna útlit um lægri framleiðniaukningu, sem leiðir til minni fjárfestingar og aukins sparnaðar, sem og hækkandi lífaldur sem eykur sparnað og ýtir niður raunvöxtum.

Það er hægt að taka undir orð Gylfa um að mjög lágir og jafnvel neikvæðir raunvextir séu ekki með öllu jákvæðir, þeir geta sem dæmi haft slæm áhrif á ávöxtun lífeyrissparnaðar og búið til eignabólur. Þó raunvextir hér á landi hafi, líkt og erlendis, farið lækkandi þá er sláandi að sjá hvernig raunvaxtamunur við

## Raunvextir og framleiðsluspenna




útlönd hefur verið hér viðvarandi 2-4% í langan tíma. Sparnaðarstig á Íslandi er óvenju hátt (9. hæsta í OECD), skuldir hins opinbera eru lágar í alþjóðlegum samanburði (14. sæti yfir öll ríki, án tillits til næstmesta lífeyrissparnaðar í heimi) og Íslendingar eru hreinir lánveitendur til útlanda. Allir þessir þættir ættu fremur að ýta undir lægra raunvaxtastig en ella. Í stað þess að njóta góðs af hagfelldum skilyrðum hér heima þá hefur Seðlabanki Íslands keyrt á harðri vaxtastefnu sem er múruð innan fjármagnshafta. Þrátt fyrir að verðbólga hafi verið að meðaltali langt undir verðbólgumarkmiði síðastliðin fjögur ár, hafa vextir hlutfallslega lítið lækkað. Rök Seðlabankans fyrir því hafa verið mikil spenna í hagkerfinu (sem hefur verið ofmat) og mikill hagvöxtur. Þá hafa stíf innflæðishöft, sem af einhverjum ástæðum hafa staðið óhreyfð í næstum tvö ár, búið til talsverðan fjármagnsskort til innlendra fyrirtækja og þar af leiðandi keyrt upp vaxtakostnað raunhagkerfisins.

Vaxtastefnan stendur hins vegar nú á tímamótum. Hagvöxtur á Íslandi stefnir í að vera rétt yfir meðaltali OECD á þessu ári og miðað við núverandi mat á framleiðsluspennu er ljóst að raunvextir á Íslandi eru sannkallað útgildi borið saman við önnur lönd, líkt og sést á meðfylgjandi mynd. Valið stendur því á milli áframhaldandi hárra raunvaxta með því að girða íslenskt atvinnulíf frá erlendu fjármagni innan fjármagnshafta, eða að leyfa raunvöxtum hér að renna saman við vaxtastig erlendis. Þá er engin þörf lengur á höftum.

# Get ekki hætt að anda



**Auður Jóhannesdóttir**
framkvæmdastjóri LIFA, og FKA-félagskona

Ég fór nýlega inn í verslun sem ég á oft erindi við, í þetta sinn flýtti ég mér þó fljótlega út því að fúkkalykt lá yfir svæðinu. Ég ályktaði að kannski hefði starfsfólkið verið nýbúið að taka upp vörusendingu og lyktin hefði fylgt, svo ég ákvað að láta þessa upplifun ekki letja mig frá því að heimsækja verslunina nokkru síðar. Aftur mætti sama lyktin mér og í þetta skiptið hvíslaði ég að starfsmanni hvað væri með lyktina, viðkomandi yppti öxlum afsakandi og sagðist hættur að taka eftir þessu, þau væru að glíma við leka. Ég hef ekki komið þangað síðan og ég held mig langi aldrei aftur.

Þessi tiltekna verslun er, fyrir utan þetta lekalyktarvandamál, fallega framsett og vel hugsað um uppstillingu vörunnar, starfsfólkið hjálpsamt og vel upplýst og upplifunin væri mjög góð ef ég aðeins gæti hætt að anda meðan ég væri þarna inni. En það er einmitt málið, lyktarskynið er eina skynfærið sem við hreinlega getum ekki slökkt á. Við getum lokað augunum, sleppt því að snerta og haldið fyrir eyrun en alltaf drögum við andann. Það sem meira er, lykt hefur beinni og skjótvirkari áhrif á tilfinningar okkar og upplifun en önnur skynupplifun. Engu að síður er lyktarupplifun verulega vannýtt tækifæri hjá íslenskum fyrirtækjum.

Lyktarmarkaðssetning hefur verið mjög vaxandi atvinnugrein erlendis og flest viðskiptamenntað fólk hefur heyrt af því að stórfyrirtæki láti setja saman einkennislykt sem notuð er til kalla fram ákveðin hughrif og er notuð á öllum starfsstöðvum fyrirtækisins. Margir halda því að slíkt sé aðeins á færi risanna en sannleikurinn er sá að það er hægt að stýra lyktarupplifun með tiltölulega litlum tilkostnaði.

Stundum snýst lyktarmarkaðssetning um að eyða óþægilegri lykt sem hefur letjandi áhrif en oftar snýst hún um að skapa ákveðna stemningu eða upplifun. Þægileg lykt hvetur viðskiptavini til að dvelja lengur í verslun og skoða meira á meðan annar ilmur er notaður til að draga úr kvíða á lokaðri sjúkradeild eða biðstofu tannlæknis og enn önnur til að auka sjálfstraust og einbeitingu á krefjandi vinnustað.

Margar rannsóknir hafa verið gerðar á því hvaða lykt framkallar hvaða tilfinningar og það má blanda rétta ilminn til að ná þeirri tengingu sem hentar hverju sinni.

*Hefurðu hugleitt hvernig þinn vinnustaður lyktar?*

# Segja botninum náð hjá Högum

Hagfræðideild Landsbankans verðmetur gengi hlutabréfa í verslunarfyrirtækinu Högum á 43,4 krónur á hlut í nýju verðmati. Það er um sex prósentum yfir gengi bréfanna eftir lokun markaða í gær. Er mælst til þess að fjárfestar haldi bréfum sínum í félaginu.

Sérfræðingar Landsbankans spá 7,3 prósenta sölusamdrætti hjá félaginu á fjórða fjórðungi rekstrarársins, frá desember á síðasta ári til febrúar, en 3 prósenta tekjuvexti á næsta rekstrarári. Taka þeir fram að verðlagsþróun, lokanir verslana, gengisstyrking krónunnar og aukin samkeppni á markaði, meðal annars með tilkomu Costco, hafi haft mikil áhrif á sölu Haga undanfarna mánuði en að nú sé botninum náð.

**» Hagfræðideildin telur að áhrifin af Costco séu ekki lengur eins sterk og þau voru.**

Er það mat hagfræðideildarinnar að tekjur verslunarfyrirtækisins muni vaxa frá og með öðrum fjórðungi næsta rekstrarárs samhliða áframhaldandi vexti í einkaneyslu. Eins telur hún að áhrifin af Costco séu ekki lengur eins sterk og þau voru eftir opnun verslunarinnar.

Sérfræðingar Landsbankans gera ráð fyrir að EBITDA Haga – hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta – verði 4.375 milljónir á yfirstandandi rekstrarári og er það nokkuð yfir spá stjórnenda félagsins, sem hljóðar upp á 4.000 til 4.300 milljónir. Á næsta rekstrarári telja greinendurnir að kostnaðaraðhald og söluvöxtur muni skila 4 prósenta vexti í EBITDA. **– kij**



**Finnur Árnason, forstjóri Haga.**

# Tchenguiz í mál gegn Hilton

Breski kaupsýslumaðurinn Vincent Tchenguiz hyggst höfða dómsmál á hendur hótelkeðjunni Hilton en hann sakar stjórnendur keðjunnar um að reyna að koma í veg fyrir sölu hans á tíu Hilton hótelum í Bretlandi.

Tchenguiz setti umrædd hótel, þar á meðal 603 herbergja Kensington-hótelið í Lundúnum, á sölu á síðasta ári og var verðmiðinn um 600 milljónir punda. Ekki tókst hins vegar að selja hótelin og gripu lánveitendur þeirra í kjölfarið til þess ráðs að fara fram á greiðslustöðvun.


**Vincent Tchenguiz**

Kaupsýslumaðurinn telur að hótelkeðjan og tveir vogunarsjóðir hafi beitt sér í sameiningu gegn því að hótelin yrðu seld og þvingað auk þess fram greiðslustöðvun. Ætlun þeirra hafi síðan verið að kaupa hótelin á hrakvirði.

Tchenguiz keypti hótelin af Hilton keðjunni árið 2006. Keðjan sér þó um rekstur þeirra til ársins 2029.

Eins og kunnugt er náði Tchenguiz sátt við Kaupþing í október á síðasta ári sem fól í sér að málsókn hans á hendur Kaupþingi var dregin til baka. Tchenguiz hafði áður krafist þess að Kaupþing greiddi honum 2,2 milljarða punda í skaðabætur. **– kij**

# Krefjast þess að ESB rannsaki kaup Apple

Ísland var eitt sjö ríkja sem kröfðust þess að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins tæki kaup tæknirisans Apple á breska smáforritinu Shazam til sérstakrar skoðunar. Krafan var gerð á grundvelli evrópskrar samrunareglugerðar.

Framkvæmdastjórnin segist í tilkynningu hafa ákveðnar áhyggjur af því að kaupin geti haft skaðleg áhrif á samkeppni. Því hafi hún ákveðið, að kröfu nokkurra ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu, að rannsaka þau sérstaklega.

Apple tilkynnti um kaupin í desember síðastliðnum. Er kaupverðið um 400 milljónir dala sem jafngildir ríflega 40 milljörðum króna. Forrit Shazam gerir fólki kleift að nota farsímann til að bera kennsl á tónlist með því að greina stutt hljóðbrot.

Austurrísk stjórnvöld voru þau fyrstu til að óska eftir því að evrópsk samkeppnisyfirvöld rannsökuðu kaupin en í kjölfarið bættust sex ríki í þann hóp, þar á meðal Ísland. **– kij**


**Tim Cook, forstjóri Apple**





## Er stöðugur leigumarkaður í augsýn?

Húsnæðismál varða okkur öll. Á Norðurlöndunum hefur leigumarkaður skipað mikilvægan sess sem traustur valkostur á húsnæðismarkaði. Heimavellir leigufélag býður til morgunverðarfundar til að varpa ljósi á nýja hugsun á húsnæðismarkaði á Íslandi.


Fundarstjóri er **Ásdís Kristjánsdóttir,** forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins.


Anders Olshov

**The property rental market in Sweden and Denmark.**

**Anders Olshov** hagfræðingur hjá rannsóknarsetrinu Intelligence Watch í Svíþjóð fjallar um húsnæðismarkaðinn í Svíþjóð og Danmörku og hlutverk og þróun leigumarkaðar í þessum löndum.


Ásgeir Jónsson

**Hvað er rétt leiga á Íslandi?**

**Ásgeir Jónsson** hagfræðingur og dósent við hagfræðideild Háskóla Íslands fjallar um stöðu og horfur á íbúða- og leigumarkaði á Íslandi.


Guðbrandur Sigurðsson

**Ný hugsun á húsnæðismarkaði.**

**Guðbrandur Sigurðsson** framkvæmdastjóri Heimavalla segir frá sýn Heimavalla á að skapa fjölbreyttari húsnæðismarkað á Íslandi og kynnir ný verkefni hjá félaginu.

## LANGTÍMASAMBAND Á LEIGUMARKAÐI

Traustur leigumarkaður sem byggir á langtímasambandi er mikilvægur partur af heilbrigðum og stöðugum húsnæðismarkaði. Markmið okkar er að taka þátt í að byggja upp leigumarkað á Íslandi eins og þekkist á Norðurlöndum og víðar í Evrópu. Um tvö þúsund fjölskyldur búa nú þegar í öruggri langtímaleigu hjá okkur á höfuðborgarsvæðinu og víða um land.

www.heimavellir.is

HEIMAVELLIR
ÖRUGGLEIGA

# MARKAÐURINN

08.02.2018


## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

## Tækifæri

**Nú eru borgarstjórnarkosningar** í aðsigi og athyglisvert að velta fyrir sér fjármálum borgarinnar. Eins og algengt er í pólitík er ekki sama við hvern er talað. Borgarstjóri segir fjármálin í ágætu ásigkomulagi á meðan minnihlutanum verður tíðrætt um skuldasöfnun. Líkt og oft áður skiptir öllu máli hvaða gleraugu eru sett upp. Þegar Sjálfstæðismenn tala um skuldir borgarinnar eiga þeir við fjárskuldbindingar óháð hverju nafni þær nefnast. Með öðrum orðum taka þeir allar stærðir með í reikninginn hvort sem um er að ræða eiginlega skuldsetningu, lífeyrisskuldbindingar eða reikninga vegna keyptrar þjónustu.

**Ef einungis er litið** á langtímaskuldir borgarinnar þá nema þær um 35 milljörðum króna – þá telst það kannski hátt sem hlutfall af EBIDTA, en slíkt er varla bær mælikvarði í rekstri sem í grunninn á að þjónusta íbúana en ekki skila hagnaði. Því er kannski sanngjarnast að líta á langtímaskuldir sem hlutfall af tekjum eða horfa á árlegar afborganir af lánum. Sem hlutfall af þeim ríflega hundrað milljarða útsvarstekjum sem borgin hefur úr að spila á ári hverju telst þetta ekki sérstaklega há skuldsetning.

**Því má kannski segja** að framsetning minnihlutans á skuldsetningu borgarinnar sé ekki alveg sanngjörn. Hitt er annað mál að auðvitað má bæta skuldastöðu borgarinnar, eða afla frekari fjár til framkvæmda sem fyrir liggja. Mætti þar nefna fyrirsjáanlega þörf á fjárfestingu í leikskólum, borgarlínu og nauðsynlegum samgöngubótum. Þar liggja ýmis tækifæri sé horft á eignir borgarinnar. Til að mynda á borgin sína eigin malbikunarstöð – Höfða. Augljóst er að sá rekstur getur ekki talist til kjarnareksturs.

**Síðast en ekki síst** er það OR. Hægt væri að skrá félagið svo lífeyrissjóðir og fagfjárfestar gætu t.d. keypt þriðjungshlut. Borgin myndi leysa út að minnsta kosti 40 milljarða, en samt haft tögl og hagldir í OR. Þetta fyrirkomulag hefur gefið góða raun hjá Statoil í Noregi.

**Þá bera sveitarfélögin** skarðan hlut frá borði við móttöku ferðamanna. Ríkið hagnast þar en sveitarfélögin borga. Verkefni borgarfulltrúa verður að þrýsta á að þetta misræmi sé lagað. Fjármál borgarinnar eru ekki í rúst, þótt það séu sóknarfæri.

# Bankasýslan á móti arðgreiðslutillögu

Bankasýslan, sem heldur um 13 prósenta hlut ríkisins í Arion banka, greiddi atkvæði gegn tillögu stjórnar um 25 milljarða króna skilyrta arðgreiðslu og kaup á eigin bréfum á hluthafafundi síðastliðinn mánudag.



Jón Gunnar Jónsson

Jón Gunnar Jónsson, forstjóri Bankasýslunnar, vildi ekki tjá sig um hvers vegna stofnunin væri á móti tillögunum en Kristín Flygenring er fulltrúi Bankasýslunnar í stjórn.

Stjórn bankans fær heimild til að greiða hluthöfum allt að 25 milljarða arðgreiðslu ef Kaupskilum, dótturfélagi Kaupþings sem á 57 prósenta hlut í bankanum, tekst að selja minnst tvö prósent eignar félagsins fyrir 15. apríl. Þá var stjórninni veitt heimild til að kaupa til baka hlutabréf útgefin af bankanum sem nemur allt að tíu prósentum. Það hlutafé sem verður nýtt til slíkra endurkaupa dregst frá boðaðri arðgreiðslu. **– hae**

**Hvers vegna í ósköpunum ætti ríkið að leggja fram tugi, ef ekki á annað hundrað, milljarða til að eignast þriðja bankann?**



Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra





ÞJÓNUSTA
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

blómaval

# DAGUR ELSKENDA

## Valentínusardagurinn er í dag



**Túlípanar 10 stk**
**990kr**
~~1.490kr~~

**Glæsilegir kaupaukar fylgja öllum vöndum meðan birgðir endast**




Kaupaukar:

**2 fyrir 1 í bíó**
The Shape of Water

**BRUGGHÚSIÐ**
afsláttarmiði

**Apotekið**
afsláttarmiði

**Rósir og blómvendir í miklu úrvali**





**Begónía**
12 cm pottur
**1.390kr**
~~1.990kr~~
11400027



**Friðarlilja**
12 cm pottur
**1.099kr**
~~1.579kr~~
11400082



**Yucca**
11 cm pottur
**990kr**
~~1.490kr~~
11261451

**Yucca**
19 cm pottur
**2.990kr**
~~4.490kr~~
11261449



**Sómakólfur**
11 cm pottur
**2.390kr**
~~3.490kr~~
11328264



**Orkidea**
**1.790kr**
~~2.690kr~~



✝

Kær frænka okkar,

**Margrét Sigurjónsdóttir**

andaðist á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund, 8. febrúar. Útförin mun fara fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Aðstandendur.**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Aðalbjörn Ómar Vokrri**

andaðist 11. febrúar. Útför hans mun fara fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Katarina Vokrri**
**Enkeleo Vokrri**
**Lazarela Davis**
**Marinela Vokrri**
**og barnabörn.**



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Jón Gunnar Jóhannsson**

vélfræðingur,
Svalbarði 1,
Hafnarfirði,

lést laugardaginn 10. febrúar síðastliðinn á Landspítalanum við Hringbraut. Útförin auglýst síðar.

**Unnur Jóhannsdóttir**
**Kristjana Júlía Jónsdóttir**
**Berglind Jónsdóttir** **Kristján Þór Kristjánsson**
**Hrafnhildur Martin** **Patrick Martin**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Þökkum innilega auðsýndan hlýhug og vináttu við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

**Jóhönnu Sigríðar Árnadóttur**

Langatanga 2a, Mosfellsbæ.

**Árný Rósa Aðalsteinsdóttir** **Jóhannes Sigurhólm Stefánsson**
**Björn Árni Aðalsteinsson**
**barnabörn, langömmubörn og langalangömmubarn.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Oddbjörg Jóhannsdóttir Norðmann**

Eskiholti 8, Garðabæ,

verður jarðsungin frá Háteigskirkju föstudaginn 16. febrúar kl. 13.00.

**Sigríður Norðmann**
**Óskar Norðmann**
**Elín Norðmann** **Börkur Hrafnsson**
**Snædís Barkardóttir** **Tinna Barkardóttir**
**Jón Hrafn Barkarson** **Óskar Árni Barkarson**



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Agnete Simson**

Hlíðargerði 15,

verður jarðsungin frá Bústaðakirkju föstudaginn 16. febrúar nk. kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarfélög.

**Guðný Magnúsdóttir**
**Guðmundur Magnússon** **Ragnhildur Gunnarsdóttir**
**Una Þóra Magnúsdóttir** **Hörður Högnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Íslensk hönnun tilnefnd til verðlauna í Noregi

**Sundlaugin Holmen í Asker í Noregi hefur verið tilnefnd sem bygging ársins 2017 af samtökum atvinnulífsins í Noregi (NHO). Sundlaugin er hönnuð af Arkís arkitektum og Verkís. Verkís er heildarráðgjafi verkefnisins en Arkís arkitektar hafa séð um alla hönnun.**

Sundlaugin Holmen í Asker er tilnefnd sem bygging ársins í Noregi og er eitt af fimm verkefnum sem hlutu tilnefninguna í ár. Tilkynnt verður um sigurvegarann þann 14. mars í tengslum við hátíðina Byggedagene í Ósló.

Sundlaugin var opnuð síðastliðið sumar og hefur vakið mikla athygli. Mikill metnaður var lagður í verkefnið af hálfu sveitarfélagsins Asker sem lagði meðal annars til eina af eftirsóknarverðustu lóðunum við strandlengjuna og nýtur sundlaugin nálægðar við Óslóarfjörðinn.

Hönnun hússins uppfyllir allar kröfur sem gerðar voru í upphafi. Til dæmis er hægt að ganga út á þak hússins sem er grasi vaxið og hallar mót suðri og fangar fallegt útsýnið yfir fjörðinn. Auk arkitektahönnunarinnar sá Arkís um landslagshönnun og hafði umsjón með lögglitum byggingarleyfum. Húsið hefur þegar hlotið mikið lof og umtal í Noregi fyrir fallega hönnun.

Verkfræðistofan Verkís annaðist verkefnastjórn, gerð kostnaðaráætlana og hönnun allra verkfræðilegra þátta.

Sundlaugin er ein orkuhagkvæmasta sundhöll Noregs. Hátt í helmingi af orkunni sem notuð er er aflað á lóð hennar. Notaðar eru varmadælur sem sækja orku úr borholum á lóðinni, sólarrafhlöður og sólfangarar.

Sundlaugin var valin eitt af svokölluðum fimmtíu fyrirmyndarverkefnum FutureBuilt í Noregi. Verkefnin eiga að minnka losun gróðurhúsalofttegunda um 50 prósent þegar kemur að umferð, orku- og efnisnotkun.

benediktboas@frettabladid.is



**Þakið hefur vakið verðskuldaða athygli en hægt er að ganga upp á það og njóta stórkostlegs útsýnis.** MYND/GEIR ANDERS RYBAKKEN ØRSLIEN



**Hér sjást krakkarnir æfa sundtökin inni í sundhöllinni.** MYND/TOVE LAULUTEN



✝

Sonur minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og bróðir,

**Kári Kort Jónsson**

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir laugardaginn 10. febrúar og verður jarðsunginn fimmtudaginn 15. febrúar frá Bústaðakirkju kl. 15.00.

**Guðlaug Márusdóttir**
**Eva S. Káradóttir** **Páll Marvin Jónsson**
**Valur Páll Viborg** **Guðrún Inga Guðmundsdóttir**
**Sigvaldi J. Kárason** **Margrét Ólafsdóttir**
**Guðjón Albertsson**
**Jórunn Káradóttir**
**Alfreð Kort Kárason**
**systkini og barnabörn.**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Kristín Erla Þórólfsdóttir**

Eyktarási 24,

lést í faðmi fjölskyldu eftir skammvinn veikindi á líknardeild Landspítalans í Kópavogi, sunnudaginn 11. febrúar. Útförin fer fram frá Guðríðarkirkju í Grafarholti föstudaginn 16. febrúar klukkan 15.00.

**Gylfi Guðmundsson**
**Freyr Einarsson** **Íris Eiríksdóttir**
**Sandra Sif Gylfadóttir** **Halldór Bjarki Christensen**
**Hlynur Gylfason** **Sigríður Rún Siggeirsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Dóra Bergs Sigmundsdóttir**

Kleifahrauni 10a,
Vestmannaeyjum,

lést laugardaginn 27. janúar á Heilbrigðisstofnuninni í Vestmannaeyjum. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum auðsýnda samúð. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbavörn í Vestmannaeyjum.

**Sigmar Magnússon**
**Hlynur Sigmarsson** **Soukaina Nigrou**
**Dóra Hanna Sigmarsdóttir** **Sighvatur Jónsson**
**Heiðrún Björk Sigmarsdóttir** **Vilberg Eiríksson**
**Andrés Bergs Sigmarsson**
**og barnabörn.**



✝

Elskulegur sambýlismaður, faðir, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**Jakob Sigurður Árnason**

húsgagnasmíðameistari,
áður til heimilis að Laugarnesvegi 54,

lést á hjúkrunarheimilinu Grund miðvikudaginn 7. febrúar. Útförin fer fram frá Áskirkju föstudaginn 16. febrúar kl. 11.00.

**Guðrún Marteinsdóttir**
**Árni Sævar Sigurðsson** **Agnes Jónsdóttir**
**Kristín Lilja Sigurðardóttir** **Árni Gunnarsson**
**Sigurbjörg Magnea Sigurðardóttir** **Sveinþór Eiríksson**
**Anna Auðbjörg Jakobsdóttir** **Ólafur Sigurðsson**
**Árný Sigríður Jakobsdóttir** **Ívar Ívarsson**
**Lilja Jakobsdóttir** **Sævar Óskarsson**
**og fjölskyldur.**


Kringlan
30 ára
15. FEBRÚAR
KONUKVÖLD
Skemmtu þér með okkur
á Konukvöldi Létt Bylgjunnar.
Glæsileg skemmtiatriði, happdrætti
og kynningar í göngugötu.
OPIÐ TIL 22
TAKTU KVÖLDIÐ FRÁ
FRÁBÆR TILBOÐ, SKEMMTUN OG FJÖR
LÉTT BYLGJAN 967
kringlan.is
facebook.com/kringlan.is

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

Mjög hvöss austan- og norðaustanátt gengur yfir landið í dag og er spáð ofsaveðri syðst. Lægir talsvert síðdegis. Veðrinu fylgir snjókoma, slydda eða rigning, einkum þó á austanverðu landinu. Hlýnandi, hiti um eða yfir frostmarki seinnipartinn.




### Þriðjudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -1° | -6° | -5° |
| ↓8 | ←7 | ↙6 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -1° | -0° | -6° |
| ↙16 | ↙14 | ↙15 |

### Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -0° | -1° | -2° |
| ↙9 | ↙14 | ↙4 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 1° | 1° | -5° |
| ←22 | ↖7 | ↙8 |

LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 6 | 1 | | 7 | | 3 | 8 |
| | | | | 2 | | | | |
| 8 | 4 | | | | | | 5 | |
| | | | | 7 | | | | |
| 5 | | | 3 | 6 | 1 | 9 | 4 | |
| 2 | | 1 | | 8 | | | | 7 |
| | | 5 | 2 | | 4 | 3 | | 9 |
| 1 | 2 | | 6 | | | 4 | 8 | 5 |
| | | | | | | 1 | 2 | |

MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 1 | | 3 | | | 8 | 9 | |
| | 3 | | | 7 | | | | 2 |
| | 4 | 9 | 8 | | | | | 6 |
| | | 7 | | | 1 | | | 8 |
| 8 | | 3 | | 6 | | | | |
| | | | | | | 4 | 2 | |
| 1 | | 6 | | | | 9 | | |
| | 8 | | | | | | 3 | |
| | | | | | 5 | | 7 | |

ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 3 | 8 | | 7 | | 5 |
| 9 | | 4 | | 1 | | | 2 | |
| | | 8 | | | 2 | | | |
| 2 | | | | | | 9 | | 1 |
| 7 | | 6 | | | | | 5 | |
| 1 | | | 4 | | | | | |
| | 9 | 5 | | | | | 6 | 3 |
| 4 | 6 | | | | | | | |
| | | | | 4 | 8 | | | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. ferma
5. rölt
6. íþróttafélag
8. stafn
10. tveir eins
11. rénun
12. þó
13. stækkuðu
15. fráreín
17. andin

**LÓÐRÉTT**
1. ofnréttur
2. baun
3. atvikast
4. niðurfelling
7. markvís
9. flossilki
12. listi
14. þakbrún
16. tveir

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1. lesta, 5. ark, 6. fh, 8. stefni, 10. aa, 11. lát, 12. samt, 13. júku, 15. afrein, 17. sálin.
**LÓÐRÉTT:** 1. lasanja, 2. erta, 3. ske, 4. afnám, 7. hittinn, 9. flauel, 12. skrá, 14. ufs, 16. ii.

## Skák Gunnar Björnsson

Jón Kristinn Þorgeirsson (2.319) átti leik gegn Dmitri Tumanov (2.133) sem hafði síðast leikið 34...b6. Jón Kristinn hafði hins vegar séð óverjandi mát í sex leikjum!

**Hvítur á leik**

**34. Hcd1+! Ke7 35. Hg7+ Kf8 36. Kf6! Hxc5 37. Hd8+ Be8 38. Hf7+ 1-0.** Síðustu daga hefur farið fram „heimsmeistaraeinvígi" í Fischer-slembiskák á milli Carlsen og Nakamura. Nánar sagt frá því á Skák.is. **www.skak.is:** Skákharpan heldur áfram í dag.



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 8 | 2 | 1 | 9 | 5 | 3 | 6 | 7 |
| 9 | 3 | 7 | 2 | 6 | 8 | 4 | 5 | 1 |
| 5 | 1 | 6 | 4 | 7 | 3 | 2 | 8 | 9 |
| 6 | 2 | 5 | 7 | 8 | 4 | 9 | 1 | 3 |
| 7 | 4 | 1 | 9 | 3 | 6 | 5 | 2 | 8 |
| 3 | 9 | 8 | 5 | 1 | 2 | 6 | 7 | 4 |
| 2 | 7 | 3 | 6 | 4 | 1 | 8 | 9 | 5 |
| 8 | 5 | 9 | 3 | 2 | 7 | 1 | 4 | 6 |
| 1 | 6 | 4 | 8 | 5 | 9 | 7 | 3 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 1 | 5 | 7 | 2 | 9 | 8 | 3 |
| 7 | 3 | 5 | 9 | 8 | 4 | 2 | 1 | 6 |
| 2 | 8 | 9 | 3 | 6 | 1 | 5 | 7 | 4 |
| 3 | 1 | 7 | 4 | 2 | 8 | 6 | 9 | 5 |
| 5 | 9 | 8 | 6 | 3 | 7 | 4 | 2 | 1 |
| 6 | 2 | 4 | 1 | 5 | 9 | 7 | 3 | 8 |
| 8 | 4 | 6 | 2 | 9 | 3 | 1 | 5 | 7 |
| 9 | 5 | 3 | 7 | 1 | 6 | 8 | 4 | 2 |
| 1 | 7 | 2 | 8 | 4 | 5 | 3 | 6 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 6 | 1 | 3 | 7 | 4 | 8 | 9 | 2 |
| 7 | 3 | 8 | 2 | 6 | 9 | 1 | 5 | 4 |
| 9 | 2 | 4 | 5 | 1 | 8 | 3 | 6 | 7 |
| 8 | 1 | 3 | 9 | 4 | 5 | 7 | 2 | 6 |
| 2 | 5 | 7 | 6 | 3 | 1 | 4 | 8 | 9 |
| 6 | 4 | 9 | 7 | 8 | 2 | 5 | 3 | 1 |
| 3 | 7 | 5 | 1 | 2 | 6 | 9 | 4 | 8 |
| 1 | 8 | 2 | 4 | 9 | 3 | 6 | 7 | 5 |
| 4 | 9 | 6 | 8 | 5 | 7 | 2 | 1 | 3 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.











## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Coca-Cola
LAUGARÁS BÍÓ – bara lúxus –
5% midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
Fifty Shades Freed – Sýnd kl. 8, 10.15
Molly's Game – Sýnd kl. 7.50, 10.30
Lói – Þú flýgur aldrei einn – Sýnd kl. 5.30
Maze Runner: Death Cure – Sýnd kl. 8
The Commuter – Sýnd kl. 10.40
Paddington 2 – Sýnd kl. 5.30
Jumanji – Sýnd kl. 5.30
LAUGARÁSBÍÓ KYNNIR NÝ VIÐMIÐ Í BÍÓUPPLIFUN Á ÍSLANDI
AXL
DOLBY ATMOS LUXURY · LASER

SAMBÍÓIN SAMbio.is KAUPTU BÍÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU
Nýjasta mynd Clint Eastwood – The 15:17 to Paris – Hörkuspennandi mynd byggð á sönnum atburðum
Dakota Johnson, Jamie Dornan – Fifty Shades Freed – Ekki missa af lokakaflanum
Helen Mirren, Jason Clarke – Hörkuspennandi spennuhrollvekja um eitt mesta draugahús Bandaríkjanna – Winchester – Byggð á sannri sögu
Gary Oldman – 6 ÓSKARS-TILNEFNINGAR Þ.Á.M. BESTA MYNDIN BESTI LEIKARI Í AÐALHLUTVERKI – DARKEST HOUR
"THE UNRIVALLED MOVIE OF THE YEAR" – Streep – Meryl Streep og Tom Hanks í nýrri stórmynd frá Steven Spielberg – 2 ÓSKARS-TILNEFNINGAR BESTA MYNDIN BESTA LEIKKONAN -MERYL STREEP – The Post – Hanks

ÁLFABAKKA
THE 15:17 TO PARIS KL. 5:50 - 8 - 10:10
THE 15:17 TO PARIS VIP KL. 5:50 - 8
WINCHESTER KL. 5:50 - 8 - 10:30
WINCHESTER VIP KL. 10:10
DEN OF THIEVES KL. 5:40 - 8:30 - 10:10
THE POST KL. 8
ÆVINTÝRI Í UNDIRDJÚPUM ÍSL TAL KL. 5:50
STAR WARS 2D KL. 5:20 - 8:30
KAUPTU BÍÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU – Google play – App Store

EGILSHÖLL
THE 15:17 TO PARIS KL. 5:50 - 8 - 10:10
WINCHESTER KL. 5:40 - 8 - 10:40
DARKEST HOUR KL. 8 - 10:30
THE POST KL. 5:30 - 8
ÆVINTÝRI Í UNDIRDJÚPUM ÍSL TAL KL. 5:50

AKUREYRI
THE 15:17 TO PARIS KL. 8 - 10:35
WINCHESTER KL. 10:10
DARKEST HOUR KL. 8
THE POST KL. 5:30
ÆVINTÝRI Í UNDIRDJÚPUM ÍSL TAL KL. 5:50

KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI
L'ELISIR D'AMORE ÓPERA ENDURFLUTT KL. 6
BLING ÍSL TAL KL. 3
FIFTY SHADES FREED KL. 5:40 - 8 - 10:20
DARKEST HOUR KL. 7:40 - 10:20
THE POST KL. 5 - 9:10
ÆVINTÝRI Í UNDIRDJÚPUM ÍSL TAL KL. 1 - 3
COCO ÍSL TAL KL. 1 - 3:10
DADDY'S HOME 2 KL. 1

KEFLAVÍK
THE 15:17 TO PARIS KL. 8
FIFTY SHADES FREED KL. 8 - 10:20
WINCHESTER KL. 10:20

Gerard Butler – Den of Thieves
ÆVINTÝRI Í UNDIRDJÚPUM – Sýnd með íslensku tali

# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is



Þær Bjartey og Gígja úr hljómsveitinni Ylju verða rólegar og rómantískar á Bryggjunni brugghúsi í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## 14. FEBRÚAR 2018

### Tónlist

**Hvað?** Menningarmiðvikudagur
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Kaffi Laugalæk, Laugarnesvegi
Margrét Arnar harmonikkuleikari spilar ljúfa tóna.

**Hvað?** Bubbi Morthens – Það er gott að elska
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Bæjarbíói, Hafnarfirði
Bubbi Morthens heldur hugljúfa tónleika í dag, Valentínusardag. Í fyrra seldist upp á viðburðinn á örskömmum tíma. Gerðu Valentínusardaginn ógleymanlegan fyrir elskuna þína með rómantískum Bubba tóneikum.

**Hvað?** Valentínusardagur – Ylja
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Bryggjan Brugghús, Grandagarði
Það verður rómantísk stemning á Bryggjunni Brugghúsi á Valentínusardaginn þegar þær Bjartey og Gígja úr hljómsveitinni Ylju kíkja í heimsókn. Þær munu spila ómstríða ástarsöngva úr smiðju sinna uppáhaldstónlistarmanna í bland við sín eigin lög og við lofum rafmagnaðri stemningu.

**Hvað?** Agnar Már Magnússon tríó á Múlanum
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Hörpu
Píanóleikarinn Agnar Már Magnússon kemur fram á tónleikum Múlans ásamt tríói sínu. Á efnisskrá tónleikanna er frumflutt ný frumsamin tónlist eftir Agnar. Ásamt Agnari koma fram bassaleikarinn Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson og Scott McLemore sem leikur á trommur. Tríóið hefur leikið saman um árabil og gáfu þeir frá sér geisladiskinn Svif árið 2016.

### Viðburðir

**Hvað?** Tangótöfrar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Iðnó
Píanódeild MÍT stendur fyrir töfrandi tangótónleikum á öskudaginn, sem í ár er líka Valentínusardagur. Karnival og ást í lofti. Danslögin leika í höndum píanistanna, en einnig fá söngvarar og klarínettuleikarar að slást í hópinn. Kaffihúsastemning, ókeypis inn, allir velkomnir.

**Hvað?** Speed dating
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Loft, Bankastræti
Speed dating á Loft í kvöld. Reglurnar eru einfaldar – 5 mínútna deit og svo er skipt.

**Hvað?** Kvæðakvöld Iðunnar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Sólon Bistro, Bankastræti
Kvæðamannafélagið Iðunn stendur fyrir skemmtidagskrá þar sem fram kemur úrvals kvæðafólk, m.a.: Bára Grímsdóttir, Rósa Jóhannesdóttir, Ingimar Halldórsson, Þuríður Guðmundsdóttir, Gunnar Straumland, Rósa Þorsteinsdóttir og Þorsteinn Magni Björnsson og munu þau kveða nýtt og eldra efni, þar á meðal ýmsa mansöngva. Auk þess verða flutt gamanmál í bundnu og óbundnu máli, um ástina og fleira. Sumt af efninu er eftir þekkta hagyrðinga Iðunnar, eins og Helga Zimsen og Sigurlín Hermannsdóttur.



Bubbi spilar sína árlegu Valentínusartónleika í Bæjarbíói.

**Hvað?** Endurheimt votlendis og mólendis – skilvirkar loftlagsaðgerðir?
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Iðnó
FUMÍ býður til opins fræðslufundar um endurheimt votlendis og mólendis á Íslandi. Rætt verður um hvernig þessar aðgerðir spila inn í stóra samhengið, loftlagsmálin, og árangur þessara aðgerða. Öllum er velkomið að mæta, FUMÍurum sem og öðrum.

### Sýningar

**Hvað?** Vetrarmyndir
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Bókasafni Seltjarnarness
Málverkasýning eftir Sigurborgu Stefánsdóttur.

**Hvað?** Marglaga – Ferningaferli – Kyrrð
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Artgallery Gátt, Hamraborg
Verið velkomin á sýningar okkar í Artgallery Gátt. Marglaga – Didda Hjartardóttir Leaman. Ferningaferli – Guðlaugur Bjarnason. Kyrrð – Kristín Tryggvadóttir. Málverk, teikningar og grafík.

**Hvað?** Fagra veröld
**Hvenær?** 09.00
**Hvar?** Mokka-kaffi, Skólavörðustíg
Á sýningunni „Fagra veröld“ er viðfangsefni Kristjáns Jóns íslenska náttúran. Þetta eru léttar vatnslitamyndir af því sama sem Jónas orti um í hulduljóðum sínum, blómum og gróðri. Kristján Jón gekk í Handíða- og myndlistaskólann 1961 – 1964 og Statens Håndverks og kunstindustriskole 1965 – 1967.

**Hvað?** Kann frekar vel við þig en samt ekki – Kristín Dóra
**Hvenær?** 09.00
**Hvar?** Hinu húsinu
Áhrif popptónlistar á mannshugann er eins og áhrif hita á eitt stakt poppkorn, það stækkar, fær nýjan tilgang og verður aldrei eins. Á sýningunni skoðar Kristín Dóra sannleikann og hreinskilnina í poppinu. Lagið Hlið við hlið með Friðriki Dór var Kristínu mikill innblástur og er titill sýningarinnar fenginn úr því.

BÍÓ ★ PARADÍS – Óþekkti hermaðurinn
BIO ★ PARADIS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19
Óþekkti hermaðurinn ... 17:30, 20:00
Wild Mouse ... 18:00
Call Me By Your Name ... 17:30
Podatek Od Milosc ENG SUB ... 20:00
Three Billboards Outside Ebbing Missouri ... 20:00, 22:30
In The Fade ... 22:30
Svanurinn ENG SUB ... 22:30
Czy stracisz dla niej kontrolę? Podatek od miłości

# Tónleikaútgáfa með leikrænum tilþrifum

**Senn kemur að frumsýningu The Phantom of the Opera eftir Andrew Lloyd Webber á sviði Eldborgar í Hörpu. Hún verður á laugardaginn. Valgerður Guðnadóttir fer þar með eitt af lykilhlutverkum.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Það var ansi löng æfing í gærkveldi og verður það líka í kvöld. Nú er lokaspretturinn hafinn,“ segir Valgerður Guðnadóttir söngkona um uppfærslu The Phantom of the Opera, eftir Andrew Lloyd Webber, í Hörpu. Frumsýningin er 17. febrúar og aðeins þrjár sýningar eru fyrirhugaðar, að sögn Eiðs Arnarsonar sem stendur að uppfærslunni ásamt Þorvaldi Bjarna Þorvaldssyni.

The Phantom of the Opera er stór tónleikasýning með níu einsöngvurum, þrjátíu manna kór og tíu dönsurum auk 50 hljóðfæraleikara úr SinfóníaNord, undir stjórn Þorvaldar Bjarna. Titilhlutverkið er í höndum Þórs Breiðfjörð en Valgerður fer líka með eitt af stóru hlutverkunum. „Ég held að Andrew Lloyd Webber hafi hugsað þetta upphaflega sem óperu en það er skilgreint sem söngleikur,“ segir hún þegar hún er beðin um að lýsa verkinu. „Þó eru þarna hlutverk sem eru hrein óperuhlutverk, eins og hennar Carlottu sem Diddú syngur, það þarf þjálfaða óperusöngkonu til að túlka það.

Verkið gerist í óperuhúsi, eins og ráða má af titlinum. „Við fáum sterka tilfinningu fyrir staðsetningunni því þar er verið að flytja brot úr ímynduðum óperum. Hannibal er ein þeirra sem þar eru á fjölunum, þar er kór og dansarar og þar er aðaldívan Carlotta (Diddú). Svo er þar uppgötvuð þessi unga, hæfileikaríka söngkona Christine sem ég leik. Þannig að þetta stykki er töluvert krefjandi fyrir okkur söngvarana.“

Fyrstu æfingar á The Phantom of the Opera voru í byrjun janúar, að sögn Valgerðar, og nú er að koma að æfingum með hljómsveitinni. „Hann Kjartan Valdemarsson píanóleikari hefur verið okkar hljómsveit á öllum æfingum til þessa,“ lýsir hún.

Valgerður tók þátt í uppfærslu Vesalinganna á sínum tíma en segir vinnu í kringum þessa sýningu ívið snúnari. „Þetta er tónleikaútgáfa með leikrænum tilþrifum – óperudraugurinn, sem Þór Breiðfjörð túlkar, dregur til dæmis Christine með sér niður í undirheimana þar sem hann býr, þannig að það er eitt og annað sem gerir sýninguna flókna. Svo er myndum varpað á veggina á bak við, við erum með leikmuni, þó ekki sé um leikhúsuppfærslu að ræða, og búningarnir eru geggjaðir.

Búningarnir koma frá búningaleigu í Bretlandi, að sögn Valgerðar. „Það er verið að setja The Phantom of the Operan upp úti um allan heim, alltaf, og margar leigur sjá um að leigja búninga fyrir hann. Hann Eiður fann þessa, þeir voru nýlega í notkun á Möltu og komu bara hér í hús um síðustu helgi – þeir eru dálítið geggjaðir, get ég sagt þér. Flestir söngvararnir í sýningunni þurfa að hafa búningaskipti nokkrum sinnum, því þeir þurfa að bregða sér í hin ýmsu hlutverk í óperunni og eru svo í sínum hversdagsfötum líka, en þau eru auðvitað ekki á pari við þau sem við klæðumst dagsdaglega, heldur frá því um aldamótin 1900. Sagan hefst 1905 en svo er farið aftur í tímann og atburðir rifjaðir upp sem þá áttu sér stað, þá erum við komin á 19. öldina. Sagan er mögnuð, tónlistin flott og búningarnir mikið fyrir augað.“



**Valgerður með einn af glæsikjólunum sem hún skartar í sýningunni** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Smávegis um verkið

**Verkið The Phantom of the Opera, eftir Andrew Lloyd Webber, var frumflutt í London árið 1986, byggt á skáldsögu Gastons Leroux, Le Fantôme de l'Opéra. Í því segir frá söngkonunni Christine Daaé og sambandi hennar við dularfullan og ógnvekjandi tónlistarsnilling sem býr í víðfeðmu völundarhúsi undir Garnier-óperunni í París. Sýningin hefur farið sigurför um heiminn.**






# GÓÐ BÓK, GULLI BETRI!




**Óþægileg ást**
**VILDARVERÐ: 3.499.-**
Verð: 3.999.-




**Uppruni**
**VILDARVERÐ: 3.499.-**
Verð: 3.999.-




**Mistur**
**VILDARVERÐ: 3.499.-**
Verð: 3.999.-




**Stóra bókin um hvolpasveitina**
**VILDARVERÐ: 2.399.-**
Verð: 2.999.-




**Núvitund**
**VILDARVERÐ: 3.999.-**
Verð: 4.999.-




**Saga tveggja töfraanda**
**VILDARVERÐ: 2.399.-**
Verð: 2.999.-




**Ekki gleyma mér**
**VILDARVERÐ: 3.499.-**
Verð: 3.999.-




**Hófí er fædd**
**VILDARVERÐ: 2.399.-**
Verð: 2.999.-




**Gullbrá og birnirnir þrír**
**VILDARVERÐ: 799.-**
Verð: 999.-




**Elín, ýmislegt**
**VILDARVERÐ: 3.499.-**
Verð: 3.999.-




**Myrkrið bíður**
**VILDARVERÐ: 3.499.-**
Verð: 3.999.-




**Mojfríður einkaspæjari**
**VILDARVERÐ: 3.499.-**
Verð: 3.899.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er 16. febrúar eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# DAGSKRÁ

## Miðvikudagur





HEIMSÓKN
KL. 20:20

Hann er sá sem keypti gíraffann í Costco á þrjú hundruð þúsund krónur til að hafa úti í garði í fertugsafmælinu sínu. En hvar er hann nú? Í þessum fyrsta þætti í glænýrri þáttaröð af Heimsókn bankar Sindri upp á hjá Gunnari Páli Tryggvasyni og Karen Axelsdóttur, stoltum gíraffaeigendum á fallegu heimili þeirra í Stigahlíð í Reykjavík.

Magnaður **Miðvikudagur**

Fáðu þér áskrift á **365.is**



GREY'S ANATOMY
KL. 20:45

Stórskemmtileg sería þessara vinsælu dramaþátta sem gerast á skurðstofu á Grey-Sloan spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.




DIVORCE
KL. 21:35

Gamansamur þáttur frá HBO um fráskilin hjón sem eru ekki á þeim buxunum að láta hlutina ganga átakalaust upp. Sarah Jessica Parker fer með aðalhlutverkið.



THE GIRLFRIEND EXPERIENCE
KL. 22:45

Sagðar eru tvær sögur samhliða og fylgjumst við með þeim sitt á hvað. Önnur sagan gerist í Washington en hin sagan gerist í New Mexico.

**Við sýnum tvær framúrskarandi bíómyndir í kvöld í minningu Jóhanns Jóhannssonar sem lést nýverið langt fyrir aldur fram.**



ARRIVAL
KL. 21:00

Hlaut World Soundtrak verðlaun sem besta kvikmyndatónskáld ársins og tilnefndur til bæði Golden Globe verðlauna og Bafta verðlauna fyrir tónlistina í Arrival.



SICARIO
KL. 22:50

Tilnefndur til Óskarsverðlauna og Bafta verðlauna fyrir tónlistina í Sicario.

Allt þetta og meira til á aðeins **333 kr. á dag.**

**365.is**


### STÖÐ 2

07.00 The Simpsons
07.20 Blíða og Blær
07.45 The Middle
08.10 Mindy Project
08.30 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 The Doctors
10.20 My Dream Home
11.05 Save With Jamie
11.50 Logi
12.35 Nágrannar
13.00 Major Crimes
13.40 The Night Shift
14.25 The Path
15.10 Exodus: Our Journey to Europe
16.10 Vinir
16.35 Anger Management
16.55 Bold and the Beautiful
17.20 Nágrannar
17.45 **Ellen** Skemmtilegur spjallþáttur með hinni einu og sönnu Ellen DeGeneres sem fær til sín góða gesti og slær á létta strengi. Þættirnir eru með þeim vinsælustu í sinni röð um allan heim enda hefur Ellen einstakt lag á gestum sínum og nær að skapa einstakt andrúmsloft í salnum sem skilar sér beint til áhorfenda heima í stofu.
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Ísland í dag
19.10 Sportpakkinn
19.20 Fréttayfirlit og veður
19.25 Víkingalottó
19.30 Jamie's 15 Minute Meals
19.55 The Middle
20.20 Heimsókn
20.45 **Grey's Anatomy** Fjórtánda syrpa þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grey Sloan spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar. Flókið einkalíf ungu læknanna á það til að gera starfið ennþá erfiðara.
21.30 Divorce
22.05 Nashville
22.50 The Girlfriend Experience
23.20 NCIS
00.50 The X-Files
01.35 Snatch
02.20 Room 104
02.45 The Tunnel
03.35 The Tunnel
04.25 The Tunnel
05.15 Outsiders

### STÖÐ 2 SPORT

06.45 Juventus - Tottenham
08.25 FC Basel - Manchester City
10.05 Meistaradeildarmörkin
10.35 Newcastle - Manchester United
12.15 Southampton - Liverpool
13.55 Stjarnan - Fram
15.25 Juventus - Tottenham
17.05 FC Basel - Manchester City
18.45 Meistaradeildarmörkin
19.15 Meistaradeildarupphitun
19.30 Porto - Liverpool
21.45 Meistaradeildarmörkin
22.15 Real Madrid - Paris
23.55 Domino's körfuboltakvöld 2017/2018

### STÖÐ 2 SPORT 2

07.10 Domino's körfuboltakvöld 2017/2018
08.50 Leipzig - Augsburg
10.30 Dortmund - Hamburg SV
12.10 Þýsku mörkin 2017/2018
12.40 Seinni bylgjan
14.15 Boston Celtics - Cleveland Cavaliers
16.10 Domino's körfuboltakvöld 2017/2018
19.30 Real Madrid - Paris
21.45 Porto - Liverpool
23.35 Meistaradeildarmörkin

### STÖÐ 3

18.00 Fresh off the Boat
18.25 Pretty Little Liars
19.10 Entourage
19.40 Modern Family
20.00 Seinfeld
20.25 Friends
20.50 Stelpurnar
21.15 Flash
22.00 Legend of Tomorrow 3
22.45 Home Invasion
23.40 Næturvaktin
00.55 Arrow
01.40 Entourage
02.10 Modern Family
02.30 Seinfeld
02.55 Friends
03.20 Tónlist

### STÖÐ 2 KRAKKAR

07.24 Svampur Sveinsson
07.49 Lalli
07.55 Rasmus Klumpur og félagar
08.00 Strumparnir
08.25 Hvellur keppnisbíll
08.37 Ævintýraferðin
08.49 Gulla og grænjaxlarnir
09.00 Stóri og litli
09.13 Víkingurinn Viggó
09.27 K3
09.38 Mæja býfluga
09.50 Tindur
10.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
10.47 Doddi litli og Eyrnastór
11.00 Áfram Diego, áfram!
11.24 Svampur Sveinsson
11.49 Lalli
11.55 Rasmus Klumpur og félagar
12.00 Strumparnir
12.25 Hvellur keppnisbíll
12.37 Ævintýraferðin
12.49 Gulla og grænjaxlarnir
13.00 Stóri og litli
13.13 Víkingurinn Viggó
13.27 K3
13.38 Mæja býfluga
13.50 Tindur
14.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
14.47 Doddi litli og Eyrnastór
15.00 Áfram Diego, áfram!
15.24 Svampur Sveinsson
15.49 Lalli
15.55 Rasmus Klumpur og félagar
16.00 Strumparnir
16.25 Hvellur keppnisbíll
16.37 Ævintýraferðin
16.49 Gulla og grænjaxlarnir
17.00 Stóri og litli
17.13 Víkingurinn Viggó
17.27 K3
17.38 Mæja býfluga
17.50 Tindur
18.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
18.47 Doddi litli og Eyrnastór
19.00 Alpha og Omega

Doddi litli og Eyrnastór kl.10.47, 14.47 og 18.47



### GOLFSTÖÐIN

08.00 PGA Tour 2018
13.00 Golfing World 2018
13.50 PGA Tour 2018
19.20 PGA Highlights 2018
20.15 Golfing World 2018
21.05 Champions Tour Highlights 2018
22.00 PGA Special: Coming Home (Nicklaus Show)
22.45 Golfing World 2018
23.35 Champions Tour Highlights 2018
02.00 LPGA Tour 2018

### STÖÐ 2 BÍÓ

11.40 Flying Home
13.15 All Roads Lead to Rome
14.45 Pride and Prejudice
16.50 Flying Home
18.25 All Roads Lead to Rome
19.55 Pride and Prejudice
22.00 Automata
23.50 War Dogs
01.45 Devil's Knot
03.40 Automata

### RÚV

09.00 ÓL 2018: Svig kvenna - seinni ferð
10.55 ÓL 2018:15 km skíðaskotfimi kvenna
13.00 ÓL 2018: Íshokkí karla
14.45 ÓL 2018: Snjóbrettafimi karla
16.25 Stephen Fry í Mið-Ameríku
17.15 Hljómskálinn
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Rita og krókódíllinn
18.06 Friðþjófur forvitni
18.28 Babar
18.50 Krakkafréttir
18.54 Vikinglotto
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.00 Kiljan
20.40 Svikabrögð
21.15 Castle
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Á spretti
22.40 ÓL 2018: Samantekt
22.55 Kjarnakonur í Bandaríkjunum - Konur í viðskiptum
23.50 Kveikur
00.25 Kastljós
00.40 Menningin
00.55 ÓL 2018: Stórsvig kvenna - fyrri ferð
02.20 ÓL 2018: Brun karla
03.55 ÓL 2018: Snjóbrettafimi kvenna
04.40 ÓL 2018: Stórsvig kvenna - seinni ferð
05.50 Dagskrárlok

### SJÓNVARP SÍMANS

08.00 King of Queens
08.25 Dr. Phil
09.05 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
09.45 The Late Late Show with James Corden
10.25 Síminn + Spotify
13.10 Dr. Phil
13.50 Speechless
14.10 The Fashion Hero
15.05 The Mick
15.25 Man With a Plan
15.50 Ghosted
16.15 Everybody Loves Raymond
16.40 King of Queens
17.05 How I Met Your Mother
17.30 Dr. Phil
18.15 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
19.00 The Late Late Show with James Corden
19.45 9JKL
20.10 Wisdom of the Crowd
21.00 Chicago Med
21.50 Bull
22.35 Queen of the South
23.25 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
00.45 Deadwood
01.30 How To Get Away With Murder
02.15 9-1-1
03.05 Scandal
03.50 Fargo
04.40 Síminn + Spotify

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


STEFNDU HÆRRA
20% afsláttur af öllum vörum frá Under Armour dagana 14.-19. febrúar
UNDER ARMOUR
20% AFSLATTUR
ÚTILÍF
síðan 1974
KRINGLUNNI · SMÁRALIND
utilif.is
*Gildir ekki með öðrum tilboðum.

# 10 myndir sem þú getur horft á á Valentínusardaginn



Í dag er Valentínusardagur og þá munu eflaust margir verja kvöldinu undir sæng fyrir framan sjónvarpið, glápandi á rómantískar myndir. Kvikmyndafræðineminn **Sigurður Arnar Guðmundsson** tók sig til og setti saman lista fyrir lesendur yfir tíu kvikmyndir sem honum þykir viðeigandi að horfa á á þessum degi ástarinnar.




## HER 2013

Gervigreind er ekki jafn langt komin í nútímasamfélagi og í Her en hvað ef þú gætir tengst „greind“ sem er jafnframt mótuð af og að þér?

## PATERSON 2016




Paterson býr með unnustu sinni og lifir einföldu lifi; hann keyrir strætó, yrkir ljóð, fær sér bjór og elskar unnustu sína. Öll ljóð hans eru varðveitt í bókinni sem hann hleypir helst engum í.

## IL POSTINO 1994

Ástarljóð eru vandmeðfarin en hvað ef þú færð hjálp frá færu skáldi? Íslensk ljóðskáld eru í mikilli sókn í dag og rómantíkin er aldrei langt undan. Leitið innblásturs meðal okkar færustu ljóðskálda og reynið sjálf.




## AMÉLIE 2001

Ef við erum ekki stórskrítin nú þegar getur leit okkar að ástinni leitt til þess, eða til mjög kyndugra kringumstæðna. Fögnum fjölbreytileikanum og afskrifum ekki óhefðbundnar leiðir til þess að finna hamingjuna með öðrum.







## THE NOTEBOOK 2004

Flestir hafa séð hana þessa enda ástæða til. Allavega tveggja klúta mynd sem gott er að hafa við höndina þegar rykkornin festast í augunum, sérstaklega undir lokin, einverra hluta vegna.




## BRAVEHEART 1995

**Frelsi og ást er meginumfjöllunarefni Braveheart, epískrar frásagnar um fórnirnar sem William Wallace færði fyrir land sitt og fólk, og ástina.**




## CASABLANCA 1942

Klassík með Humphrey Bogart og Ingrid Bergman. Hún er fyrrverandi ástkona hans og fyrir rælni ratar hún inn á bar hans í Casablanca, með eiginmanni sínum, og uppgjör fortíðarinnar liggur fyrir með tilheyrandi tilfinningahita.




## BROKEBACK MOUNTAIN 2005

**Ef eitthvað er sárara en óendurgoldin ást þá er það óréttlætanlega forboðin ást. Ástin sést vart fallegri á hvíta tjaldinu en í Brokeback Mountain.**

## BEFORE SUNRISE 1995

Þú kynntist yndislegri manneskju sem gæti verið lífsförunautur þinn, en gallinn er sá að þið eruð bæði að yfirgefa borgina sem þið eruð í. Lofið því hvort öðru að hittast aftur eftir nokkra mánuði. Er nokkuð erfitt að standa við slík plön?




## BEFORE SUNSET 2004

Framhald Before Sunrise þar sem þráðurinn er tekinn upp aftur en aldrei varð úr endurfundum parsins, nema nú fyrir tilviljun, níu árum seinna. Geta þau virt loforðin sem þau gáfu hvort öðru?



F&F

# 20%

AFSLÁTTUR

## AF ÖLLUM DÖMUFATNAÐI
## DAGANA 14. - 18. FEBRÚAR

PLOKKFISKUR
HAFIÐ
FISKVERSLUN
Hlíðasmára • Spönginni • Skipholti
HUMAR

HITACHI SKJÁVARPAR
Í MIKLU ÚRVALI



OG BÚNAÐUR SEM LÆTUR ÞIG LÍTA VEL ÚT Á FUNDUM

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á EXTON.IS

EXTON
Ljós - Hljóð - Mynd

ALUPROF GEZE



Bjóðum upp á sjálfvirkan hurðaopnunarbúnað, hringhurðir, hurðir og gluggakerfi ásamt uppsetningu og viðhaldi á búnaði.

Áratuga reynsla.

Framúrskarandi fyrirtæki 2012–2015

JÁRN&GLER
Járn & Gler hf. • Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin
104 Reykjavík • S. 58 58 900 • www.jarngler.is

Verkfæri í miklu úrvali




Verkfæralagerinn
Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17



Taktsmiðurinn, plötusnúðurinn og mathákurinn Addi Intro ætlar sér stóra hluti í hústónlistinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Addi Intro söðlaði um og fór í annað tempó

**Addi Intro** er einn færasti taktsmiður landsins, skaffaði undirspil fyrir flesta rappara landsins og var eftirsóttur. Hann ákvað þó að skipta um tempó, bókstaflega, og færði sig yfir í hústónlistina þar

Ég er, svona síðan 2013, búinn að skipta um lið – svona eins og margir, sem þurfa alltaf að vera partur af einhverju. Það er það versta við senuna hérna, að maður þarf alltaf að vera partur af einhverju einu liði. En síðan ég fór að gera eitthvað annað en hipphopp hef ég verið að gefa út slatta – ég man ekki alveg hvað þetta eru margar plötur, en ég hef gefið út svona 40 lög sem skiptast niður á nokkrar EP-útgáfur plús alls konar remix verkefni.

Ég er kominn inn í ákveðið mengi af artistum sem eru með svipaðan bakgrunn og ég; allt listamenn sem voru að gera hipphopp, en þegar hipphoppið sem við ólumst upp við hvarf höfum við bókstaflega skipt um tempó,“ segir Addi Intro en margir kannast eflaust við hann sem eina aðalsprautu hipphoppsenunnar, verandi plötusnúður og taktsmiður Forgotten Lores og til að mynda fyrir að gefa út plötuna Tívolí Chillout árið 2009 hvar hann safnaði saman landsliði rappsins á eina geislaplötu. Í dag er hann búinn að skipta um „lið“ og er farinn að búa til house, eða hústónlist, en þar er tempóið yfirleitt hraðara en í hipphoppinu en Addi segir að vinnubrögðin séu svipuð.

„Það er orðin frekar stór sena innan hússins þar sem menn koma úr hipphoppinu og eru í raun bara að gera sömu hlutina og þar nema í öðru tempói. Hús er svo ótrúlega stór flokkur. Ég er búinn að vera að komast meira og meira inn í þessa senu.

> **ÞAÐ ER ORÐIN FREKAR STÓR SENA INNAN HÚSSINS ÞAR SEM MENN KOMA ÚR HIPPHOPPINU OG ERU Í RAUN BARA AÐ GERA SÖMU HLUTINA OG ÞAR NEMA Í ÖÐRU TEMPÓI.**

Í fyrra fékk ég svona smjörþefinn af því hvað það er sem ég get gert. Ég spilaði hér og þar, til dæmis í Leicester, í Berlín og síðan mjög „randomly“ í Tókýó. Það var alveg klikkað svona miðað við að ég er ekkert það stór artisti – samt er einhver þarna úti að fylgjast með mér og til í að redda fjármagni til að fljúga mér alla leið frá Íslandi til að spila sex sinnum í Tókýó og halda mér þar uppi.“

Addi er kominn með tengslanet þarna eystra og enn fleiri sem fylgjast með honum. Hann stefnir klárlega á að spila aftur í þar í borg.

„Það besta var að fara í plötubúð í Tókýó og finna þar plötu eftir sjálfan sig þar. Reyndar fór vínylkúltúrinn aldrei neitt í Japan – á meðan við erum að reyna að endurbyggja hann hérna heima og á fleiri stöðum í Evrópu.“

Addi segist vera kominn með mann sem muni hjálpa honum að fá að spila meira erlendis. „Ég get alveg dílað við svona dót sjálfur, en ég vil helst ekki spá í þessu – ég vil bara spila tónlist því að þessi hlið dregur úr sköpunargleðinni hjá mér. Mér er sama um peninginn – meðan ég fæ flug og hótel þá er ég góður.“

Hann Addi er mikill mathákur og margir þekkjan hann sem slíkan – því eru þessi ferðalög hans ekki bara tónlistarferðir en einnig matartúrar þar sem hann reynir að gúffa í sig sem mestu magni af gómsætum, framandi réttum. Hann segir mér, ákaflega dularfullur, að hann hafi verið að þvælast með upptökubúnað í nokkrar af matarsmökkunum sínum erlendis og mögulega sé stefnan að gera eitthvað með það efni, jafnvel á þessu ári.

Aðspurður hvað annað sé fram undan á árinu segist Addi eiginlega ekki vita það, enda vilji hann aldrei plana of mikið fram í tímann, en þó segist hann vera með nokkra hluti í vinnslu.

„Ég er að vinna að nokkrum útgáfum og er að fara að fá vin minn frá Berlín, Black Loops, að spila á Kaffibarnum. Black Loops var númer 1 á topp 100 bestu deep house listamönnunum 2017 samvkæmt Traxsource. Ég gæti verið að spila hér og þar, en ekkert af því er staðfest eins og er.“ **stefanthor@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is*, Máté Dalmay *mate@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*


30. MAÍ - ELDBORG - HARPA
RUSSELL PETERS
RUSSELL
DEPORTED
2018/2019 WORLD TOUR
PETERS
FORSALA HEFST Á MORGUN KL. 10!
ALMENN MIÐASALA HEFST Á FÖSTUDAGINN KL. 12
RUSSELLPETERS WWW.RUSSELLPETERS.COM
THULE
NÁNAR OG SKRÁNING Í FORSÖLUNA HÉR: SENALIVE.IS/PETERS
ALMENN MIÐASALA FER FRAM Á: HARPA.IS/PETERS
sena LIVE!

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177

**BAKÞANKAR**

Kristínar Ólafsdóttur



# Bleika ógnin

Dagurinn í dag markar hápunkt, en um leið endalok, þríleiksins kærkomna sem hefur löngum yljað landsmönnum þennan erfiðasta tíma ársins. Naglinn rekinn í kistuna og kötturinn sleginn úr tunnunni. Það er öskudagur. Og hvílík gæfa! Hugsa sér, að þremur góðum dögum, hvar aðalmarkmiðið er að borða þangað til hriktir í þörmunum, hafi verið skeytt inn á dagatalið á svo heppilegum stað.

Þakklætið er auðvitað sérstaklega alltumlykjandi í ár, nú þegar hver öskrandi lægðin gengur yfir landið á fætur annarri og stöðvar umferð, pitsusendingar og lífsvilja í brjóstum manna. Við værum líklega öll löngu flutt í boðlegra loftslag ef okkur byðist ekki bolla að maula eða sælgætismoli úr skjóðu grímuklædds barns þessa haganlega staðsettu daga.

En nú steðjar ógn að þrefaldri hátíð sáluhjálpar í febrúar 2018. Í dag er nefnilega, auk öskudags – og ekki hafa þetta eftir mér – Valentínusardagur. Hann siglir bleikur og súkkulaðihúðaður yfir hafið úr vestri, fjöldaframleiddur í bandarískri verksmiðju í Taívan, berst í gegnum íslenska storminn og virðist kominn til að vera. Hann er sérhannaður fyrir elskendur og dansar nú kapítalískan dans við erkihátíð barnanna, téðan öskudag.

Og enn og aftur erum við, sem hvorki erum börn né höfum fundið okkur lífsförunaut, skilin harkalega út undan. Máttlaus gagnvart regluverki samfélagsins. Litin hornauga ef við reynum að raula fallegt lag úti í apóteki í skiptum fyrir sælgætismola, og 2-fyrir-1-elskendatilboð á hamborgarabrauðum í kjörbúðinni er dæmt til að skemmast vegna þess að við höfum engan til að deila því með. Þannig að, hvað er til ráða? Kaupa sér sitt eigið nammi og kraftsvæpa á Tinder? Kannski. Ég læt ykkur vita hvernig fer.

OPIÐ 24 TÍMA
Opið allan sólarhringinn í öllum verslunum
Iceland

GLAMOUR
ÍSLENSKT TÍSKUTÍMARIT


KOMDU Í ALLAR HELSTU VERSLANIR



Ef þið voruð að velta fyrir ykkur af hverju auglýsingin birtist á hlið, þá er það svona sem lággjaldaflugfélög geta sparað sér kostnað við opnuauglýsingu.